

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2008

Dómareifanir

2. hefti 2008 (júlí – desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Arnar Þór Stefánsson
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
2. hefti 2008 (júlí – desember)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu
Prentun Oddi

Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

Frá ritstjóra

Í þessu hefti dómareifana Mannréttindadómstóls Evrópu frá seinni hluta ársins 2008 gefur að líta óvenju fjölbreytt safn athyglisverðra dóma og ákvarðana um túlkun ákvæða Mannréttindasáttmálans. Þar ber fyrst að nefna tvær frávísunarákvarðanir í kærumálum gegn íslenska ríkinu, sem báðar fjalla um álítaefni tengd takmörkun á eignarrétti samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann. Þetta eru annars vegar mál *Þorláks Arnar Bergssonar o.fl.* og hins vegar mál *Björns Guðna Guðjónssonar*. Í fyrri málinu voru kærendur eigendur jarðeigna í Örafum. Kæran laut að því að ákvæði laga um þjóðlendum nr. 58/1998 og beiting þeirra í málum kæranda fyrir íslenskum dómstólum, sbr. Hrd. 2006, bls. 2252 og 2279, brytu gegn eignarréttindum þeirra. Könnun Mannréttindadómstólsins á málinu var tvíþætt og laut annars vegar að því hvort markmið laganna hefði verið að færa eignarrétt lands í einkaeign í hendur ríkisins og hins vegar hvort óeðlilega þungar kröfur hefðu verið gerðar til kæranda um að sanna eignarrétt sinn á landinu eða beiting laganna að öðru leyti verið andstæð ákvæðum sáttmálans. Svar dómstólsins við báðum spurningum var neitandi. Hvorki var fallist á að lögin hefðu það markmið að svipta landeigendur eignum sínum né heldur að kærendur hafi átt eignarrétt, sem væri nægilega festur í sessi til að lögmætar væntingar gætu tengst honum. Þannig teldist hið umdeilda land ekki „eign“ í skilningi fyrsta máls. 1. gr. viðauka nr. 1 og því var ekki brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt ákvæðinu. Niðurstaða Mannréttindadómstólsins er nokkuð afdráttarlaus. Hún svarar mörgum spurningum sem uppi hafa verið um nokkurra ára skeið, m.a. hvort of langt var gengið til að skerða eignarrétt landeigenda með setningu þjóðlendlaga, með hliðsjón af túlkun Mannréttindadómstólsins í fyrri dómafrákvæmd um 1. gr. 1. viðauka. Er mikilvægt að nú liggja fyrir svör dómstólsins um þessi álitamál.

Það sama er að segja um síðara kærumálið gegn Íslandi sem dómstóllinn vísaði frá á síðasta ári. Þar kvartaði kærandi undan því að lög um stjórn fiskveiða hefðu svipt hann sem landeiganda einkarétti sínum til veiða í netlögum úti fyrir sjávarjörð og hefði þar með verið brotið gegn eignarréttindum hans, en hann hafði verið sakfelldur fyrir grásleppuveiðar í netlögum án veiðileyfis, sbr. Hrd. 2005, bls. 1640. Mannréttindadómstóllinn féllst ekki á kröfur hans og benti á að lögin um stjórn fiskveiða legðu almennar takmarkanir við nýtingu eigna sem eigendur sjávarjarða yrðu að sæta eins og aðrir. Þannig hefði verið gætt jafnvægis milli almennra hagsmuna samfélagsins af því að viðhalda virkri fiskveiðistjórnun án þess að greint væri á milli veiða innan og utan netlaga og grundvallarréttinda einstaklinga. Þá var vísað til víðtæks svigrúms til mats sem aðildarríki hafa í slíkum málum auk þess sem dómstóllinn taldi að meðalhófs hafi verið gætt milli þeirra aðferða sem beitt var og markmiða sem stefnt var að. Því hefði ekki verið brotið gegn 1. gr. 1. viðauka.

Meðal annarra niðurstaðna Mannréttindadómstólsins sem vert er að benda sérstaklega á og reifaðar eru hér, má nefna tvo dóma sem eru stefnumarkandi um túlkun 10. gr. um tjáningarfrelsið. Þetta eru dómur í máli *TV Vest og Rogaland Pensionsparti gegn Noregi* og dómur í máli *Khurshid Mustafa og Tarzibachi gegn*

Svíþjóð. Niðurstaða dómstólsins í norska málinu var að afdráttarlaust bann norskra laga við sjónvarpsauglýsingum stjórnmalaflokka sem hefur verið við lýði til margra ára stæðist ekki 10. gr. sáttmálans. Þá sló Mannréttindadómstóllinn því föstu í sænska málinu að skorður sem leigusali setti heimild leigjenda til að hafa gervihnattadisk utan á húsi væri takmörkun á rétti þeirrar síðarnefndu til að taka á móti upplýsingum og þyrfti að kanna hvort skilyrði 2. mgr. 10. gr. væru uppfyllt. Í tilvikum kærenda í þessu máli hefði takmörkunin ekki verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi og því var brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 10. gr.

Síðari dómurinn er sérlega athyglisverður í ljósi þess að um var að ræða lögskipti manna á vettvangi einkaréttarins, þ.e. samningssamband leigusala og leigjanda og áskilnað í leigusamningi. Í dóminum var sænska ríkið dregið til ábyrgðar fyrir að hafa vanrækt skyldu sína til að tryggja kærendum vernd þeirra réttinda sem þeir njóta samkvæmt 10. gr. Dómurinn varpar skýru ljósi á þá þróun sem orðið hefur í framkvæmd Mannréttindadómstólsins, m.a. með hliðsjón af 1. gr. sáttmálans, að lagðar eru ríkar skyldur á aðildarríkin til að tryggja mönnum þau réttindi sem sáttmálinn telur, án greinarmunar á því þess hvort hætta á broti stafar frá einkaaðilum eða stjórnvöldum. Hafa slíkar skyldur fram til þessa einkum verið leiddar af 8. gr. sáttmálans varðandi friðhelgi einkalífs manna, eins og t.d. má sjá glögg dæmi um í máli *K.U. gegn Finnlandi* sem einnig er reifað í heftinu. Í dóminum í máli *Khurshid Mustafa o.fl. gegn Svíþjóð* er þó fetað lengra en áður í þessa átt og er umhugsunarefni hversu strangar kröfur verði gerðar til dómstóla aðildarríkja að Mannréttindasáttmála Evrópu til að skýra ákvæði laga sem á reynir í einkaréttarlegum deilum í ljósi ákvæða sáttmálans.

Dómareifanir í þessu hefti voru unnar af Hafsteini Dan Kristjánssyni og Hildi Leifsdóttur laganemum við lagadeild Háskóla Íslands og Írisi Lind Sæmundsdóttur lögfræðingi og færir ritstjórnin þeim bestu þakkir fyrir þeirra störf.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit
2. hefti 2008 (júlí - desember)

2. gr. Réttur til lífs	9
Renolde gegn Frakklandi. Dómur frá 16. október 2008	
<i>Fangar. Agaviðurlög. Aðbúnaður í fangelsi. Aðgerðir til að vernda líf</i>	9
3. gr. Bann við pyndingum	12
Na gegn Bretlandi. Dómur frá 17. júlí 2008	
<i>Hælisleitendur. Brottvísun. Beiðni Mannréttindadómstólsins</i>	
<i>um bráðabirgðaráðstafanir</i>	12
Bogumil gegn Portúgal (sjá reifun undir 6. gr.)	15
Renolde gegn Frakklandi (sjá reifun undir 2. gr.)	15
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	16
Rusu gegn Austurríki. Dómur frá 2. október 2008	
<i>Réttur til að fá upplýsingar um ástæður handtöku. Gæsla manns sem</i>	
<i>á að vísa úr landi</i>	16
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	18
Vidal Escoll og Guillán González gegn Andorra. Dómur frá 29. júlí 2008	
<i>Fullnusta dóms. Réttindi og skyldur manns að einkamálarétti</i>	18
Samtök Votta Jehóva o.fl. gegn Austurríki (sjá reifun undir 9. gr.)	19
Ahtinen gegn Finnlandi. Dómur frá 23. september 2008	
<i>Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Sjálfstjórn þjóðkirkjunnar</i>	19
K.T. gegn Noregi (sjá reifun undir 8. gr.)	20
Bogumil gegn Portúgal. Dómur frá 7. október 2008	
<i>Réttur til lögfræðiaðstoðar. Öflun sönnunargagna. Ómannúðleg meðferð.</i>	
<i>Læknisaðgerð</i>	20
Saccoccia gegn Austurríki. Dómur frá 18. desember 2008	
<i>Alþjóðasamvinna á sviði refsímála. Ágóði af brotastarfsemi.</i>	
<i>Eignaupptaka</i>	22
Frankowicz gegn Póllandi (sjá reifun undir 10. gr.)	23
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	24
X gegn Króatíu. Dómur frá 17. júlí 2008	
<i>Börn. Ættleiðing. Málsmeðferð</i>	24
I gegn Finnlandi. Dómur frá 17. júlí 2008	
<i>Upplýsingar í sjúkraskrá. Meðferð og vernd persónuupplýsinga</i>	25
Darren Omoregie o.fl. gegn Noregi. Dómur frá 31. júlí 2008	
<i>Útlendingar. Brottvísun. Friðhelgi fjölskyldulífs</i>	26

K.T. gegn Noregi . Dómur frá 25. september 2008 <i>Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Réttur til að fá úrlausn dómstóls um réttindi</i>	31
R.K. og A.K. gegn Bretlandi. Dómur frá 30. september 2008 <i>Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Réttur til að fá úrlausn dómstóls um réttindi</i>	32
Bogumil gegn Portúgal (sjá reifun undir 6. gr.).....	34
Carlson gegn Sviss. Dómur frá 6. nóvember 2008. <i>Börn. Haagsamningur um brottnám barna. Athafnaskyldur ríkis</i>	34
K.U. gegn Finnlandi. Dómur frá 2. desember 2008 <i>Dreifing upplýsinga á internetinu. Þagnarskylda. Athafnaskyldur ríkis</i>	36
S og Marper gegn Bretlandi. Dómur frá 4. desember 2008 <i>Rannsókn sakamáls. Persónuupplýsingar. Varðveisla lífsýna og fingrafara</i>	37
9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi	40
Samtök Votta Jehóva o.fl. gegn Austurríki. Dómur frá 31. júlí 2008 <i>Skráð trúfélög. Skilyrði skráningar. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma</i>	40
Dogru og Kervanci gegn Frakklandi. Dómar frá 4. desember 2008 <i>Réttur til að nota höfuðklúta. Agaviðurlög í skóla</i>	42
10. gr. Tjáningarfrelsi	45
Riolo gegn Ítalíu. Dómur frá 17. júlí 2008 <i>Meiðyrði. Stjórnámálamenn</i>	45
Chalabi gegn Frakklandi. Dómur frá 18. september 2008 <i>Meiðyrði. Gildisdómar. Umræða um almannahagsmuni</i>	47
Juppala gegn Finnlandi. Dómur frá 2. desember 2008 <i>Börn. Grunur um slæma meðferð. Refsing fyrir rangar sakargiftir</i>	48
Frankowicz gegn Póllandi. Dómur frá 16. desember 2008 <i>Síðareglur lækna. Agaviðurlög. Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll</i>	49
Khurshid Mustafa og Tarzibachi gegn Svíþjóð. Dómur frá 16. desember 2008 <i>Sjónvarpsútsendingar. Réttur til að taka við upplýsingum</i>	52
TV Vest og Rogaland Pensjonistparti gegn Noregi. Dómur frá 11. desember 2008 <i>Stjórn málaflakkar. Bann við sjónvarpsaughlýsingum</i>	53
11. gr. Funda- og félagafrelsi	56
Eva Molnar gegn Ungverjalandi. Dómur frá 7. október 2008 <i>Útifundur. Tilkynningarskylda. Afskipti lögreglu</i>	56

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns	58
R.K. og A.K. gegn Bretlandi (sjá reifun undir 8. gr.)	58
14. gr. Bann við mismunun	58
Samtök Votta Jehóva o.fl. gegn Austurríki (sjá reifun undir 8. gr.)	58
Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka)	58
Carson o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 4. nóvember 2008	
<i>Lífeyrisgreiðslur. Mismunun vegna búsetu</i>	58
Björn Guðni Guðjónsson gegn Íslandi (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka)....	60
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	61
Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 23. september 2008	
<i>Löggjöf um þjóðlendur. Hugtakið eign. Sönnun um eignarrétt.</i>	61
Grayson og Barnham gegn Bretlandi. Dómur frá 23. september 2008	
<i>Réttlát málsmeðferð. Sönnunarbyrði. Eignaupptaka</i>	74
Carson o.fl. gegn Bretlandi (sjá reifun undir 14. gr.)	76
Björn Guðni Guðjónsson gegn Íslandi Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 2. desember 2008	
<i>Fiskveiðiréttindi. Eignarréttur í netlögum. Almennar takmarkanir á eignarrétti</i>	76

2. gr. Réttur til lífs

Renolde gegn Frakklandi

Dómur frá 16. október 2008

Mál nr. 5608/05

2. gr. Réttur til lífs

3. gr. Bann við pyndingum

Fangar. Agaviðurlög. Aðbúnaður í fangelsi. Aðgerðir til að vernda líf.

1. Málsatvik

Kærandi, Héléne Renolde, er franskur ríkisborgari, fædd árið 1962 og búsett í Chatou í Frakklandi. Hún er systir Joselito Renolde, sem var fæddur 17. ágúst 1964 og lést 20. júlí 2000. Hann hengdi sig í Bois-d'Arcy fangelsinu þar sem hann sat í gæsluvarðhaldi.

Í apríl árið 2000 var Joselito úrskurðaður í gæsluvarðhald eftir vopnaða árás á fyrrverandi eiginkonu sína og 13 ára dóttur þeirra sem leitt hafði til líkams- og eignatjóns. Hann var að auki grunaður um þjófnað. Þann 2. júlí sama ár reyndi hann að fyrirfara sér með því að skera sig á puls með rakvélarblaði. Í kjölfarið var hann greindur með ofskynjanir og var skrifað upp á geðlyf honum til handa. Joselito upplýsti þá að hann hefði áður átt við geðræn vandamál að stríða og hefði m.a. verið vistaður á geðsjúkrahúsi af þeim sökum þar sem hann hefði einnig fengið sams konar lyf.

Frá þeim degi sem hann var vistaður einn í klefa var hann undir eftirliti geðlækna fangelsisins og fólst eftirlitið í reglubundnum heimsóknum þeirra til hans. Var honum tvisvar í viku afhentur lyfjaskammtur sem átti að duga honum í nokkra daga í senn. Honum var í raun falin umsjá með eigin lyfjatöku og höfðu læknar ekkert sérstakt eftirlit með því að hann tæki lyfin í raun og veru.

Þann 5. júlí sama ár, í kjölfar árásar á fangavörð, var það mat aganefndar að Joselito skyldi úrskurðaður í 45 daga einangrunarvist. Í bréfi sem hann ritaði systur sinni daginn eftir lýsti hann því að hann væri kominn á ystu nöf, líkti klefanum við grafhvelfingu og sjálfum sér sem krossfestum. Þann 12. júlí fór verjandi hans fram á endurmat á geðrænu ástandi hans svo að staðreyna mætti hvort andlegt ástand hans þyldi dvöl í einangrunarklefa. Rúmri viku síðar, þann 20. júlí, fannst Joselito látinn í klefa sínum eftir að hafa hengt sig með laki. Þá kom í ljós að hann hafði ekki tekið geðlyf sín í a.m.k. tvo til þrjá daga.

Rannsókn fór fram á dauða Joselito og var fjölskyldu hans veitt aðild að meðferð málsins. Sérstök skýrsla utanaðkomandi geðlækna leiddi í ljós að Joselito hefði átt við veruleg geðræn vandamál að stríða og að sjálfsmorð hans hefði ekki verið afleiðing þeirra heldur ofstækiskasts sem leiða mætti af geðsjúkdómi hans og hefði líklegast átt sér stað sökum þess að lyfin voru ekki tekin í samræmi við fyrirsmáli lækna. Dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að annars vegar hefðu læknar og aðrir fangelsisstarfsmenn ekki vanrækt umönnun Jose-

2. gr. Réttur til lífs

lito með því að fylgjast t.d. ekki sérstaklega með lyfjatöku hans og hins vegar að úrskurður aganefndar fangelsisins og eftirlitsleysi með lyfjatöku hefði ekki leitt til þess að skyldu starfsfólks til umönnunar hefði ekki verið sinnt. Í janúar árið 2005 staðfesti áfrýjunardómstóll niðurstöðu undirréttar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram annars vegar að frönsk yfirvöld hefðu ekki gripið til nauðsynlegra aðgerða svo vernda mætti með fullnægjandi hætti líf bróður hennar og hins vegar að 45 daga einangrunarvist hefði verið úr hófi í ljósi andlegs ástands hans. Með þessu hefði verið brotið í bága við rétt hans til lífs samkvæmt 2. gr. sáttmálans og rétti hans til þess að sæta ekki ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu samkvæmt 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 2. gr.: Dómstóllinn benti á að frá og með 2. júlí 2000 hefðu fangelsis- yfirvöld haft vitneskju um geðræn veikindi Joselito sem vitað var að gætu leitt til þess að hann skaðaði sjálfan sig. Þrátt fyrir að ástand hans hefði verið óstöðugt og hættan sem honum stafaði af eigin veikindum misjafnlega mikil þá hefði hún eigi að síður verið raunveruleg. Af þeim sökum hefði ástand hans krafist þess að náíð yrði fylgst með honum svo að unnt yrði að átta sig á því þegar það versnaði skyndilega.

Þegar litið var til þess hvort stjórnvöld hefðu gert allt sem ætlast mætti til af þeim til að koma í veg fyrir hættu á að hann skaðaði sjálfan sig, benti dómstóllinn á að Joselito hefði verið settur í einstaklingsklefa ásamt því að vera undir sérstöku eftirliti lækna. Dómstóllinn var hins vegar sleginn yfir því að hann hefði hvorki verið færður á geðsjúkrahús né hefði slíkur kostur verið tekinn til skoðunar á neinu stigi máls, þrátt fyrir sjálfsmorðstilraun hans og fyrirbyggjandi greiningu lækna á andlegu ástandi hans.

Í ljósi skyldu ríkja til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða svo vernda megi líf einstaklinga í lífshættu mátti gera ráð fyrir því að fangelsis- yfirvöld, sem vistuðu fanga sem átti við alvarleg geðræn vandamál að stríða og var að auki í sjálfsvígshugleiðingum, gripu til sérstakra aðgerða svo tryggja mætti að hann þyldi áframhaldandi varðhald.

Í ljósi þess að yfirvöld töku ekki ákvörðun um að Joselito skyldi færður á geðsjúkrahús, áttu þau a.m.k. að tryggja honum lækni- meðferð sem tæki mið af alvarleika geðsjúkdóms hans. Dómstóllinn benti á álit sérfræðinga um að vanhöld á lyfjatöku hefðu hugsanlega leitt til þess að Joselito fyrirför sér. Án þess að litið væri framhjá þeim vandkvæðum sem fangelsisstarfsfólk stóð frammi fyrir í ljósi ástands hans efaðist dómstóllinn hins vegar um að ráðlegt hefði verið að fela fanga sem vitað væri að ætti við andlega erfiðleika að stríða, umsjá með eigin lyfjatöku án þess að með því væri fylgst sérstaklega. Þrátt fyrir

2. gr. Réttur til lífs

að ekki lægi fyrir hvað olli því að Joselito svipti sig lífi var það mat dómstólsins að skortur á eftirliti með lyfjatöku hans hefði átt þátt í dauða hans.

Dómstóllinn benti einnig á að þremur dögum eftir sjálfsvígstilraun Joselito hefði aganefnd úrskurðað hann í mestu mögulegu einangrunarvist í 45 daga. Svo virtist sem ekkert sérstakt tillit hefði verið tekið til andlegs ástands hans þrátt fyrir að hann hefði verst illa áttaður og látið samhengislaus ummæli falla frammi fyrir aganefndinni. Það var mat dómstólsins að einangrunarvist fanga, sem leiddi til þess að þeim væri óheimilt að taka á móti gestum og bann lagt við því að þeir tækju þátt í öðru því sem föngum gafst annars kostur á, myndi óhjákvæmilega auka líkur á sjálfsvígi þegar hætta á því væri þegar til staðar.

Dómstóllinn lagði áherslu á að varnarleysi þeirra sem ættu við geðræn vandamál að stríða krefðist þess að þeim væri tryggð sérstök vernd. Þetta ætti sérstaklega við um alvarlega geðsjúka fanga eins og Joselito, sem úrskurðaðir væru til sérstakra agaviðurlaga í fangelsum þar á meðal í einangrun. Slíkt væri óhjákvæmilega til þess fallið að hafa alvarleg áhrif á andlega heilsu fanga sem þegar ætti við andlega erfiðleika að stríða og hefði gert tilraun til að svipta sig lífi nokkrum dögum áður.

Með vísan til framangreinds var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 2. gr. sáttmálans þar sem frönsk yfirvöld hefðu vanrækt skyldu sína til að vernda rétt Joselito til lífs.

Um 3. gr.: Dómstóllinn viðurkenndi að beita þyrfti fanga viðurlögum fyrir árásir á fangaverði enda mikilvægt að tryggja öryggi starfsmanna fangelsa. Hins vegar var dómstóllinn sleginn yfir því að Joselito hefði fengið þungstu agaviðurlög fyrir árás á fangavörð án þess þó að litið hefði verið sérstaklega til andlegs ástands hans og þess að um fyrsta agabrot hans var að ræða. Dómstóllinn benti á að agaviðurlögin leiddu til banns gegn heimsóknum og samskiptum við aðra fanga. Að auki virtist liggja fyrir að Joselito hefði átt við sálarkvalir og þjáningar að stríða á umræddum tíma eins og ráða mátti af bréfi hans til kæranda þann 6. júlí árið 2000. Agaviðurlögin voru þungbær og allt eins líkleg til að ógna líkamlegu og andlegu viðnámi hans.

Dómstóllinn lagði einnig áherslu á að fangar sem vitað væri að þjáðust af geðsjúkdómum og líklegir væru til að svipta sig lífi þyrftu á sérstakri meðferð að halda í samræmi við ástand þeirra svo tryggja mætti að fullnægt væri kröfum um mannlega meðferð. Að mati dómstólsins samræmdist meðferðin sem Joselito var gert að sæta ekki þeim viðmiðum sem hafa ætti til hliðsjónar þegar um væri að ræða andlega sjúkan einstakling. Af þeim sökum hefði verið um að ræða ómannlega og vanvirðandi meðferð. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 3. gr. sáttmálans.

Þar sem kærandi hafði ekki krafist skaðabóta samkvæmt 41. gr. sáttmálans taldi dómstóllinn ekki þörf á að kveða á um slíkar bætur.

3. gr. Bann við pyndingum

Na gegn Bretlandi

Dómur frá 17. júlí 2008

Mál nr. 25904/07

2. gr. Réttur til lífs

3. gr. Bann við pyndingum

Hælisleitendur. Brottvísun. Beiðni Mannréttindadómstólsins um bráðabirgðaráðstafanir.

1. Málsatvik

Kærandi, Na, sem er af tamílskum uppruna, er fæddur árið 1975 á Srí Lanka. Na er nú búsettur í London. Kærandi kom til Bretlands á laun 17. ágúst 1999 og sótti daginn eftir um hæli á þeirri forsendu að hann óttaðist slæma meðferð á Srí Lanka af hálfu hersins og frelsissamtakanna *Tamiltigra*. Kærandi hélt því fram að herinn hefði sex sinnum hneppt hann í varðhald á árunum 1990 til 1997 vegna gruns um þátttöku í starfsemi Tamiltigranna, en honum hefði ávallt verið sleppt án ákæru. Í eitt eða fleiri af þessum sex tilvikum hefði hann sætt slæmri meðferð og hefði hann ör á fótum eftir barsmíðar með kylfu. Þegar hann var í varðhaldi árið 1997 hefði hann verið myndaður og tekin af honum fingraför. Faðir hans hefði undirritað ákveðin skjöl til að fá hann lausan.

Hælisúmsókn kæranda var hafnað 30. október 2002 og einnig áfrýjun hans 27. júlí 2003 á þeirri forsendu að ótti hans um slæma meðferð af hálfu hersins væri ekki á rökum reistur. Honum var birtur brottvísunarúrskurður 1. apríl 2006 og tveimur dögum síðar var honum synjað um að koma að frekari gögnum með hælisúmsókninni. Byggðist synjunin á því að almennt ástand mála á Srí Lanka benti ekki til þess að hann ætti á hættu slæma meðferð og engin gögn lægju fyrir um að hann myndi sæta slíkrri meðferð ef hann sneri aftur.

Kæranda var á ný birtur brottvísunarúrskurður 25. júní 2007 eftir að áfrýjun hans til dómstóla hafði ekki borið árangur. Þann dag ákvað Mannréttindadómstóllinn að beita bráðabirgðaráðstöfun samkvæmt 39. gr. málsmeðferðarreglna dómstólsins og óskaði eftir því við bresk stjórnvöld að kæranda yrði ekki vísað úr landi strax.

Á árinu 2007 barst Mannréttindadómstólnum síaukinn fjöldi beiðna um bráðabirgðaráðstafanir frá Tamílum sem vísa átti brott frá Bretlandi og öðrum aðildarríkjum. Í kjölfarið var gripið til slíkra ráðstafana í 342 kærumálum Tamíla í Bretlandi. Í október 2007 barst það svar frá breskum stjórnvöldum að þau teldu ástandið á Srí Lanka ekki þess eðlis að falla ætti frá brottvísun allra Tamíla sem óttuðust slæma meðferð og því gæti breska ríkisstjórnin ekki komið til móts við Mannréttindadómstólinn með því að falla frá úrskurðum um brottvísun í öllum slíkum málum. Í bréfinu var jafnframt lagt til að best væri að leysa úr þeim vanda sem skapaðist af sívaxandi fjölda beiðna um bráðabirgðaráð-

3. gr. Bann við pyndingum

stafanir með því að Mannréttindadómstóllinn myndi dæma í einu fordæmisgefandi máli um brottvísun við þessar aðstæður.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að ef hann yrði sendur á ný til Srí Lanka væri hann í raunverulegri hættu á að sæta slæmri meðferð og með því væri brotið gegn 2. gr. og 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 2. gr.: Dómstóllinn féllst á það með breska ríkinu að engin sjálfstæð álitæfni risu um brot á 2. gr.

Um 3. gr.: Dómstóllinn fjallaði fyrst um þær almennu meginreglur sem eiga við í málum þar sem reynir á brottvísun. Því næst lýsti dómstóllinn mati á þeim hlutlægu upplýsingum sem lægju fyrir varðandi ástand á Srí Lanka. Mat á hættu fyrir Tamíla að snúa aftur til Srí Lanka færi síðan fram á þeim grundvelli og þá yrði tekin afstaða til þess hvaða hættu kærandi væri í yrði hann sendur aftur til Srí Lanka.

Hætta fyrir Tamíla við að snúa aftur til Srí Lanka: Dómstóllinn vísaði til þess að bresk stjórnvöld hefðu ákveðið að vísa kæranda til Colombo. Því væri ekki nauðsynlegt fyrir dómstóllinn að meta þá hættu sem steðjaði að Tamílum á svæðum sem væri stjórnað af Tamiltígrunum eða á öðrum svæðum utan Colombo. Báðir aðilar málsins féllust á að almennu öryggi í Srí Lanka hefði hrakað og mannréttindabrotum fjölgað. Bresk yfirvöld töldu engu að síður að ekki væri hægt að álykta sem svo að því fylgdi almenn hættu fyrir alla Tamíla að fara aftur til Srí Lanka. Kærandi hafði ekki reynt að vefengja þá ályktun breskra stjórnvalda og því taldi dómstóllinn enga ástæðu til að komast að annarri niðurstöðu. Ennfremur taldi dómstóllinn að bresk stjórnvöld hefðu skoðað gaumgæfilega þá hættu sem að steðjaði. Yfirvöld hefðu skoðað öll hlutlæg sönnunargögn og metið vægi þeirra.

Dómstóllinn taldi að bæði mat á hættu fyrir Tamíla með vissan bakgrunn og mat á einstökum dæmum um ofsóknir sem samantalin teldust alvarleg brot á mannréttindum gæti aðeins byggst á atvikum hvers máls. Það væri ennfremur lögmætt að byggja matið á lista áhættuþátta sem bresk stjórnvöld hefðu sett saman á grundvelli upplýsinga sem þau hefðu um ástandið. Matið á því hvort raunveruleg hættu væri fyrir hendi yrði þó að fara fram á grundvelli allra þeirra þátta sem gætu aukið líkurnar á að kærandi sætti slæmri meðferð. Það væri einnig mögulegt að þegar einstakir þættir væru metnir hver í sínu lagi gæfu þeir ekki ástæðu til að ætla að raunveruleg hættu væri fyrir hendi en þegar þeir væru metnir í heild og í samhengi við almennt ofbeldisástand og hertar öryggisaðgerðir gæti verið að slík raunveruleg hættu væri til staðar. Dómstóllinn leit til fyrirbyggjandi upplýsinga um að kerfisbundnar pyndingar og slæm meðferð

3. gr. Bann við pyndingum

yfirvalda á Srí Lanka á Tamílum sem yfirvöld teldu að nýttist þeim í baráttunni gegn Tamiltígrunum væru stundaðar. Dómstóllinn taldi að meiri hætta væri á að sæta varðhaldi og yfirheyrslum á flugvelli en í Colombo-borg sjálfri. Þannig þyrfti við mat á því hvort raunveruleg hætta væri fyrir hendi að meta hvort einstaklingur væri settur í varðhald og yfirheyrður á flugvelli í Colombo vegna þess að hann vakti athygli eða áhuga yfirvalda á Srí Lanka. Dómstóllinn tók fram að yfirvöld á Colombo-flugvelli hefðu a.m.k. tæknilega getu og byggju yfir aðferðum til að finna einstaklinga sem væru eftirsóttir af yfirvöldum og þá sem hefði verið synjað um hæli.

Hættan fyrir kæranda: Í tengslum við mat á hættu fyrir kæranda í málinu taldi dómstóllinn að kærandi væri ekki í raunverulegri hættu frá Tamiltígrunum þar sem hann hefði ekki lýst yfir andstöðu við þá og væri ekki heldur svikari eða liðhlaupi. Við mat á því hvort hann sætti raunverulegri hættu frá yfirvöldum á Srí Lanka taldi dómstóllinn rétt að meta málsatvik í ljósi nýlegra atburða, þ.e. versnandi ástands almenns öryggis í landinu, aukins ofbeldis og hertra öryggisaðgerða. Taldi dómstóllinn rétt að meta alla mögulega áhættuþætti heildstætt.

Dómstóllinn leit til þess að kærandi var á sakaskrá og gefin hefði verið út handtökuskipun á hendur honum. Bresk yfirvöld hefðu metið framburð hans hvað það varðaði trúverðugan. Þótt nákvæmt eðli þess skjals sem faðir hans undirritaði til að fá hann lausan úr varðhaldi væri ekki ljóst mætti ætla að yfirvöld á Srí Lanka hefðu það undir höndum. Dómstóllinn leit ennfremur til þess að þar sem ætla mætti að raunveruleg hætta væri á að kærandi yrði handtekinn, yfirheyrður og leitað á honum, þá myndu yfirvöld á Srí Lanka taka eftir örunum á fótleggjum hans og draga vissar ályktanir af því sem myndi auka til muna hættuna á því að hann sætti slæmri meðferð.

Dómstóllinn leit til þess að liðin voru meira en tíu ár síðan kærandi hafði síðast verið í varðhaldi. Hins vegar nægði ekki að líta aðeins til þess hve langur tími hefði liðið heldur yrði líka að líta til almennrar stefnu yfirvalda á Srí Lanka. Áhugi þeirra á vissum einstaklingum sem snúa aftur til Srí Lanka gæti, allt eftir þróun á stefnu yfirvalda innanlands, aukist eða minnkað með tímanum.

Dómstóllinn leit einnig til annarra þátta: aldurs, kyns, uppruna einstaklings, fyrri atburða sem grunaður eða raunverulegur meðlimur tígranna, endurkomu frá London, umsókn um hæli og það að eiga ættingja í tígrunum. Fyrir utan það að eiga ættingja í tígrunum áttu allir þessir aðrir þættir við í máli kæranda og myndu auka á þá hættu sem væri til staðar vegna fyrri handtöku og varðhalds.

Dómstóllinn leit til þess að vissir einstaklingar sem yfirvöld á Srí Lanka hefðu handtekið í baráttu þeirra við tígrana væru kerfisbundið pyndaðir og sættu slæmri meðferð. Í ljósi þess og núverandi ástands á Srí Lanka taldi dómstóllinn að kærandi væri í raunverulegri hættu á að yfirvöld á Srí Lanka myndu kanna eldri gögn um hann og ef þau gerðu það væri hann tekinn til yfirheyrslu þar sem hann væri afklæddur. Þá sæju yfirvöld örin á fótleggjum hans og á

3. gr. Bann við pyndingum

Þeim grundvelli væri hann í töluverðri hættu á því að teljast til þeirra sem yfirvöld vildu rannsaka nánar. Miðað við þessar kringumstæður taldi dómstóllinn einróma að brotið væri gegn 3. gr. sáttmálans yrði kæranda vísað á brott til Srí Lanka.

Kæranda voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 4.451 evra í málskostnað að frádregnum þeim 850 evrum sem kærandi hafði áður fengið með lögfræðiaðstoð frá Evrópuráðinu.

Bogumil gegn Portúgal

Dómur frá 7. október 2008

Mál nr. 35228/03

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Réttur til lögfræðiaðstoðar. Öflun sönnunargagna. Ómannúðleg meðferð. Læknisaðgerð.

Renolde gegn Frakklandi

Dómur frá 16. október 2008

Mál nr. 5608/05

Sjá reifun dómsins undir 2. gr.

Fangar. Agaviðurlög. Aðbúnaður í fangelsi. Aðgerðir til að vernda líf.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Rusu gegn Austurríki

Dómur frá 2. október 2008

Mál nr. 34082/02

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Réttur til að fá upplýsingar um ástæður handtöku. Gæsla manns sem á að vísa úr landi.

1. Málsatvik

Kærandi, Cornelia Rusu, er rúmenskur ríkisborgari, fædd árið 1967 og búsett í Timisoara í Rúmeníu.

Þann 25. febrúar 2002 fór kærandi um landamæri Austurríkis og Ungverjalands á leið sinni til Rúmeníu eftir frí á Spáni. Daginn áður hafði farangri hennar ásamt skilríkjum, þ.m.t. vegabréfi, verið stolið á leið hennar um Frakkland. Þjófnaðinn hafði hún tilkynnt til þarlendrar lögreglu sem gaf út skjal því til staðfestingar. Með skjal lögreglunnar undir höndum hélt hún áfram ferðalagi sínu. Ungversk landamæralögregla synjaði henni um inngöngu í landið þar sem hún var ekki með viðhlítandi ferðaskilríki og var henni snúið til baka. Austurrísk yfirvöld ákváðu að færa hana í varðhald á meðan beðið væri úrskurðar í brottvísunarmáli hennar. Þau rök voru færð fyrir ákvörðuninni að hætt væri við að hún flýði yrði henni sleppt úr haldi. Ákvörðunin var birt kæranda á þýsku en auk þess fylgdu með tvö almennt orðuð upplýsingablöð á rúmensku. Tæpum tveimur vikum síðar, 7. mars, var túlkur fenginn til að aðstoða við birtingu brottvísunarúrskurðar á hendur kæranda. Á sama tíma þýddi túlkurinn framangreinda ákvörðun um vistun hennar í varðhaldi. Í kjölfarið var kæranda svo vísað úr landi og var henni gert að halda af landi brott þann 22. mars 2002.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn réttindum hennar þar sem varðhaldið sem henni var gert að sæta fram til þess að brottvísun var ákveðin, hefði verið ólöglegt, þar sem henni voru ekki veittar án tafar upplýsingar um ástæður þess á máli sem hún skildi. Með þessu hefði verið brotið í bága við rétt hennar til frelsis og mannhelgi samkvæmt 1. og 2. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn lagði áherslu á að 2. mgr. 5. gr. væri grundvallarákvæði að því leyti að það tryggir hverjum þeim sem tekinn er höndum rétt til þess að fá án tafar vitneskju á máli sem viðkomandi skilur um ástæður handtöku og þær sakir sem á hann eru bornar. Ákvæðið væri að auki einn helsti kjarni

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

þeirrar verndar sem 5. gr. sáttmálans veitir einstaklingum og að á grundvelli þess ættu þeir sem sæta frelsissviptingu rétt á að fá tafarlaust upplýsingar, á skiljanlegu og einföldu máli, um lagalegar og raunverulegar ástæður hennar. Slíkar upplýsingar væru nauðsynlegar enda auðvelduðu þær einstaklingum að taka ákvarðanir um hvort bera ætti ákvarðanir um frelsissviptingu undir dómstól á grundvelli 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn benti á að upplýsingasiðurnar sem kæranda voru afhentar í upphafi hefðu verið almennt orðaðar og ekki haft að geyma tilteknar eða raunverulegar upplýsingar um handtöku hennar. Að auki hefði verið vísað til austurrískra útlendingalaga sem á þessum tíma voru fallin úr gildi. Það var ekki fyrr en tæpum tveimur vikum síðar þegar túlkurinn þýddi ákvörðunina frá 25. febrúar að kæranda urðu ljósar hinar raunverulegu og lagalegu ástæður fyrir varðhaldinu sem hún sætti.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að með því að upplýsa kæranda ekki án tafar um ástæður þess að hún væri tekin höndum hefði verið brotið í bága við réttindi hennar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók það sérstaklega fram það væri sláandi hvernig austurrísk yfirvöld hefðu litið framhjá aðstæðum kæranda. Var sérstaklega bent á að ljóst var að kærandi hefði hvorki ætlað sér að dvelja ólöglega í Austurríki né ætlað sér að komast hjá málsmeðferð yfirvalda varðandi hugsanlega brottvisun hennar. Ítrekað var að varðhald fæli í sér alvarleg afskipti af lífi einstaklinga og að ekki ætti að grípa til þess úrræðis nema fyrir lægi að önnur og vægari úrræði dygðu ekki til. Væri meðalhófs ekki gætt í þessum efnum væri hætt við því að slíkar ákvarðanir byggðust á geðþótta. Með vísan til þess að ákvarðanir í umræddu máli virtust hafa verið byggðar á geðþótta austurrískra yfirvalda var það einróma niðurstaða dómstólsins að einnig hefði verið brotið í bága við réttindi kæranda samkvæmt f-lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Þrátt fyrir að kærandi hefði ekki gert kröfu um greiðslu bóta voru henni dæmdar 3.000 evrur í miskabætur með hliðsjón af alvarleika brota austurrískra stjórnvalda.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Vidal Escoll og Guillán González gegn Andorra

Dómur frá 29. júlí 2008

Mál nr. 38196/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Fullnusta dóms. Réttindi og skyldur manns að einkamálarétti.

1. Málsatvik

Kærendur, Josep Vidal og José Guillán González, eru ríkisborgarar Andorra og Spánar, fæddir 1942 og 1944 og búsettir í Escaldes-Engordany í Andorra. Kærendur eiga tvö hús á íbúðarsvæði í Escaldes-Engordany. Þeir höfðu málfyrir dómstólum í Andorra til ógildingar á byggingarleyfi sem stjórnvöld veittu tilteknu fyrirtæki til að byggja tvö fjölbylishús nálægt húsum þeirra með þeim rökum að leyfið bryti gegn lögum. Kærendur unnu dómsmálið þann 28. maí 2003. Í kjölfarið gerðu kærendur nokkrar tilraunir til að fá dómnum fullnægt, m.a. að láta rífa niður þá hluta bygginganna sem voru umfram leyfilega hæð. Í desember 2004 gekk dómur stjórnlagadómstóls með þeirri niðurstöðu að dómnum skyldi fullnægt en það hafði ekki áhrif.

Í kjölfarið hófu stjórnvöld undirbúning að eignarnámi í hluta af eignum kærenda á þeirri forsendu að breikka þyrfti veg að svæðinu. Kærendur töldu að markmiðið með eignarnáminu væri í raun að hindra fullnustu dómsins frá 28. maí 2003. Fóru kærendur á ný með mál sitt fyrir dómstóla. Í apríl 2005 komst dómstóll að þeirri niðurstöðu að réttur kærenda til að fá þá hluta bygginganna rífna sem væru umfram leyfilega hæð hefði breyst í rétt til skaðabóta.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kærenda laut að því að ómögulegt hefði verið fyrir þá að fá dómi fullnægt samkvæmt efni sínu. Kvörtunin laut nánar tiltekið að aðgerðaleyysi stjórnvalda sem og meðferð málsins um eignarnám. Töldu kærendur að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hefði verið brotin með því að dómi um réttindi þeirra og skyldur hefði ekki verið fullnægt.

Niðurstæða

Dómstóllinn benti á að yfirvöld hefðu átt að grípa til allra viðeigandi úrræða til að fullnægja dómnum frá 28. maí 2003. Kærendur hefðu hins vegar verið sviptir þeim rétti sem viðurkenndur var í dómnum með síðari aðgerðum og aðgerðaleyysi yfirvalda. Dómstóllinn taldi auk þess að ákvörðun um að taka eignir kærenda eignarnámi gæti ekki talist til sérstakra undantekningartilvika sem réttlætt gætu að dómnum væri ekki fullnægt. Ennfremur hefðu yfirvöld ekki sýnt fram á að kærendur hefðu fengið neinar bætur. Með vísan til þessa

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Kærendum voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 40.000 evrur í bætur og 10.000 evrur í málskostnað.

Samtök Votta Jehóva o.fl. gegn Austurríki

Dómur frá 31. júlí 2008

Mál nr. 40825/98

Sjá reifun dómsins undir 9. gr.

Skráð trúfélög. Skilyrði skráningar. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

Ahtinen gegn Finnlandi

Dómur frá 23. september 2008

Mál nr. 48907/99

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Sjálfstjórn þjóðkirkjunnar.

1. Málsatvik

Kærandi, Seppo Ahtinen, er finnskur ríkisborgari, fæddur árið 1949 og búsettur í Rovaniemi í Finnlandi. Þar þjónaði hann sem prestur í finnsku þjóðkirkjunni í rúm tíu ár, frá ársbyrjun 1988 til 31. október 1998.

Í maí árið 1998 var kærandi veitt áminning í starfi og var sú ákvörðun staðfest af æðsta stjórnarsýsludómstóli landsins. Hinn 15. september sama ár var tekin ákvörðun um að færa hann til starfa í annarri sókn, Keminmaa, sem er í hundrað kílómetra fjarlægð frá heimili hans. Hann krafðist ógildingar ákvörðunarinnar fyrir stjórnarsýsludómstóli og byggði á því að annmarkar hefðu verið á ákvörðunartöku. Hann vísaði einkum til þess að sóknarpresturinn í Rovaniemi hefði komið að undirbúningi málsins en hann hefði verið vanhæfur. Einnig vísaði hann til þess að honum hefði ekki verið veitt nægilegt tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en ákvörðun var tekin. Í þessum efnum skipti mestu máli að fjölskylda hans væri öll búsett í Rovaniemi. Stjórnarsýsludómstóllinn féllst ekki á rök kæranda og staðfesti því ákvörðun kirkjufirvalda. Í niðurstöðu hans var vísað til þess að kærandi var veitt færi á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en ákvörðun var tekin. Að auki var vísað til þess að sóknarpresturinn í Rovaniemi var ekki aðili málsins og ekki hefði verið sýnt fram á að hann hefði neina hagsmuni af niðurstöðu þess. Af þeim sökum taldist ákvörðun ekki hafa verið anmörkum háð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið í bága við 6. gr. sáttmálans. Byggði hann einkum á því að honum hefði ekki verið gefið nægilegt tækifæri til

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

að tjá sig við meðferð máls og að ákvörðun um flutning hans í starfi hefði verið tekin af aðila sem ekki teldist óvillhallur.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að taka þyrfti afstöðu til þess hvort málsmeðferðin sem kærandi kvartaði undan félli undir gildissvið 1. mgr. 6. gr. sáttmálans út frá því hvort um væri að ræða réttindi og skyldur kæranda að einkamálarétti. Hann vísaði til þess að finnska þjóðkirkjan væri samkvæmt lögum sjálfráð um sín innri mál. Sömu lög veittu henni, sem vinnuveitanda, sjálfræði til að taka ákvarðanir í málefnum er varða skipun presta, þar með talið hversu lengi þeir væru skipaðir og hvar þeim væri gert að þjóna. Kæranda voru ljósar þessar valdheimildir finnsku þjóðkirkjunnar við upphaf starfa sinna. Með því að gerast prestur þjóðkirkjunnar gekkst hann undir þá skyldu að lúta þeim.

Dómstóllinn vísaði að auki til fyrri dóms síns í máli nr. 40224/98, Duda og Dudová gegn Tékklandi, þar sem fram kom að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans ætti ekki við í málum er varða uppsagnir presta enda myndi það brjóta í bága við sjálfstjórn og sjálfstæði þjóðkirkna. Af þessum sökum var það mat dómstólsins að ekki væru til staðar réttindi sem vernduð væru af 6. gr. sáttmálans og ætti ákvæðið því ekki við í þessu máli.

Var það því einróma álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 6. gr. sáttmálans.

K.T. gegn Noregi

Dómur frá 25. september 2008

Mál nr. 26664/03

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Boörn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Réttur til að fá úrlausn dómstóls um réttindi.

Bogumil gegn Portúgal

Dómur frá 7. október 2008

Mál nr. 35228/03

3. gr. Bann við pyndingum

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Réttur til lögfræðiaðstoðar. Öflun sönnunargagna. Ómannúðleg meðferð. Læknisaðgerð.

1. Málsatvik

Kærandi, Adam Bogumil, er pólskur ríkisborgari, fæddur árið 1971. Þegar kæra í málinu var lögð fyrir dómstóllinn var hann búsettur í Lissabon í Portúgal.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Í nóvember árið 2002 lenti kærandi á flugvællinum í Lissabon á leið sinni frá Ríó de Janeiro í Brasilíu. Við leit tollyfirvalda fundust nokkrar pakkningar kókaíns í skóm hans. Hann upplýsti þá jafnframt að hann hefði glept enn aðra pakkningu. Í kjölfarið var hann sendur á spítala þar sem hann gekkst undir aðgerð svo fjarlægja mætti umrædda pakkningu. Hann var svo ákærður fyrir ólögmatan innflutning fíkniefna og um leið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Í upphafi málsmeðferðar naut hann aðstoðar verjanda sem var lögfræðingur í starfsþjálfun. Með hliðsjón af því hversu alvarleg hugsanleg refsing kæranda gæti orðið var honum í janúar árið 2003 skipaður nýr og reyndari verjandi. Sá verjandi hafði hins vegar litla sem enga aðkomu að máli kæranda og óskaði þess að láta af störfum þremur dögum áður en meðferð sakamálsins hófst fyrir dómi. Sama dag og málsmeðferð fyrir dómi hófst var nýr verjandi skipaður og hafði sá eingöngu fimm klukkustundir til að kynna sér gögn málsins. Í september sama ár var kærandi sakfelldur og dæmdur til fjögurra ára og tíu mánaða fangelsisvistar auk þess sem honum yrði vísað af landi brott að aflokinni afplánun og bönnuð endurkoma til landsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði ekki notið raunverulegrar lögfræðiaðstoðar á meðan mál hans var til meðferðar. Af þeim sökum hefði verið brotið í bága við rétt hans samkvæmt 6. gr. sáttmáls.

Að auki hélt hann því fram að við lækniaðgerðina sem honum var gert að sæta hefði hann mátt þola alvarlegt líkamlegt harðræði. Af þeim sökum hefði verið brotið í bága við rétt hans samkvæmt 3. gr. og 8. gr. sáttmáls.

Niðurstaða

Hvað varðaði lögfræðiaðstoðina benti dómstóllinn á að miðað við málavöxtu hefði það verið hlutverk innlendra dómstóla að tryggja að kærandi fengi notið sinna réttinda til fullnægjandi lögfræðiaðstoðar. Innlendir dómstólar hefðu hins vegar haldið að sér höndum að þessu leyti og brugðust þeir því skyldum sínum. Með hliðsjón af framangreindu var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. og c-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmáls.

Dómstóllinn taldi að ekki hefði tekist að færa sönnur á meint líkamlegt harðræði sem kærandi sagðist hafa þurft að þola af aðgerðinni sem honum var gert að undirgangast. Af gögnum málsins mátti ekki ráða að hann hefði gefið samþykki sitt, að hann hefði hafnað því að fara í aðgerð eða að hann hefði verið neyddur til að undirgangast hana. Dómstóllinn leit til þess að aðgerðin hefði verið framkvæmd með læknisfræðileg sjónarmið í huga, þ.e. til að koma í veg fyrir sýkingu sem hugsanlega gæti leitt til dauða kæranda. Var hún því ekki gerð í þeim tilgangi að afla sönnunargagna í refsimáli gegn honum. Um var að ræða einfalda aðgerð og naut kærandi aðhlyningar sérfræðinga meðan á henni stóð og einnig við eftirmeðferð. Dómstóllinn taldi ekki sýnt fram á að

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

þau heilsufarsvandamál sem kærandi sagðist hafa mátt þola frá aðgerð væru bein afleiðing hennar. Einróma niðurstaða dómstólsins var að aðgerðin gæti hvorki talist ómannleg né vanvirðandi meðferð og af þeim sökum hefði ekki verið brotið í bága við 3. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði meint brot á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans þá taldi dómstóllinn að portúgölskum stjórnvöldum hefði tekist að gæta meðalhófs milli almannahagsmuna og hagsmuna kæranda, þ.e. heilsu hans og réttar hans til verndar gegn andlegu og líkamlegu harðræði. Af þessum sökum var það einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru, með vísan í 41. gr. sáttmálans, dæmdar 3.000 evrur í miskabætur.

Saccoccia gegn Austurríki

Dómur frá 18. desember 2008

Mál nr. 69917/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Alþjóðasamvinna á sviði refsímála. Ágóði af brotastarfsemi. Eignaupptaka.

1. Málsatvik

Kærandi, Stephen Anthony Saccoccia, er bandarískur ríkisborgari, fæddur 1958 og afplánar 660 ára langan fangelsisdóm í Bandaríkjunum fyrir stórfellt peningþvætti. Í tengslum við meðferð refsímáls gegn kæranda í Bandaríkjunum framfylgdu austurrísk stjórnvöld úrskurði bandaríks dómstóls um haldlagningu á eignum hans í Austurríki sem voru um 5.800.000 evra virði. Umrædda fjármuni var að finna í tveimur öryggishólfum sem kærandi leigði í Vín. Var ágreiningur uppi um m.a. hvort fjármunirnir, sem voru í formi seðla og skuldbréfa, væru ágóði af lögmætri starfsemi eða tilkomnir vegna peningþvættis og að kærandi væri að geyma þá fyrir eiturlyfjaring. Í febrúar 1993 var kærandi sakfelldur af dómstól í Bandaríkjunum fyrir að hafa verið í forsvari fyrir þvætti á meira en hundrað milljón bandaríkjadöllum á árunum 1990 og 1991. Hvorki var fallist á áfrýjun hans fyrir áfrýjunardómstól né fyrir hæstarétti Bandaríkjana. Hinn 7. nóvember 1997 úrskurðaði dómstóll í Bandaríkjunum að haldlögðu fjármunirnir skyldu gerðir upptækir. Að beiðni dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna framfylgdu austurrísk stjórnvöld eignaupptökuúrskurðinum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að 1. mgr. 6. gr. og 1. gr. 1. viðauka sáttmálans hefðu verið brotnar við framkvæmd eignaupptökunnar m.a. vegna þess að opinber málsmeðferð fór ekki fram.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn taldi að málsmeðferðin snerist um tæknileg atriði milliríkjasamstarfs gegn peningabætti hvað snertir framkvæmd erlends eignaupptökuúrskurðar. Því hafi austurrískum dómstólum ekki verið skylt að hlýða á vitnisburði eða á kæranda sjálfan, þar sem trúverðugleiki hans var ekki til skoðunar né umdeild málsatvik. Þeir hefðu aðeins þurft að meta hvort skilyrðum ákveðinna alþjóðlegra samninga væri fullnægt. Dómstólarnir gátu því af sanngirni og skynsemi tekið ákvörðun í málinu að undangenginni skriflegri málsmeðferð. Ekki hefði verið þörf á munnlegum málflutningi. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hefði ekki verið brotin.

Um 1. gr. 1. viðauka: Kærandi taldi að hann væri eigandi eignanna, að framkvæmd austurríska ríkisins á eignaupptökuúrskurðinum hefði skort laga-stoð og að hann hefði ekki fengið viðunandi tækifæri til að koma röksemdum sínum á framfæri. Austurríska ríkið mótmælti m.a. að kærandi hefði verið eigandi eignanna. Dómstóllinn féllst ekki á þá afstöðu, einkum vegna þess að krafa um eignaupptöku hefði beinst að kæranda og án úrskurðarins hefði kærandi getað ráðstafað eignunum. Því hefði verið um afskipti af friðhelgi eignarréttar hans að ræða. Við mat á því hvort brotið hefði verið gegn eignarrétti kæranda leit dómstóllinn til þess að framkvæmd eignaupptökuúrskurðarins átti sér stoð í austurrískum lögum og stefndi að því lögmæta markmiði að framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum um samstarf til að gera upptækan ágóða fíkniefnasölu. Þá hefði kærandi fengið aðstoð lögmanns við málsmeðferðina og nýtt sér í ríkulegum mæli rétt sinn til að koma að andmælum. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að gætt hefði verið meðalhófs við framkvæmd eignaupptökuúrskurðarins.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka hefði ekki verið brotin.

Frankowicz gegn Póllandi

Dómur frá 16. desember 2008

Mál nr. 53025/99

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Síðareglur lækna. Agaviðurlög. Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

X gegn Króatíu

Dómur frá 17. júlí 2008

Mál nr. 11223/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Börn. Ættleiðing. Málsmeðferð.

1. Málsvik

Kærandi, X, er króatískur ríkisborgari, fædd 1972 og býr í Zagreb. Hún þjáist af geðklofa og hefur verið svipt lögræði. Málið snýst um að dóttir kæranda, A, sem fæddist í desember 1999, var ættleidd án vitneskju eða samþykkis kæranda. A var fyrst ráðstafað í fóstur til móður kæranda þann 13. júlí 2000 samkvæmt þarlandum fjölskyldulögum frá 1998. Talið var að kærandi þjáðist af alvarlegum andlegum veikindum og ætti við fíkniefnavanda að stríða og væri því óhæf til að sjá um barnið. Hinn 14. maí 2001 var kærandi svipt lögræði með dómsúrskurði á grundvelli andlegra veikinda hennar. Þótt það væri ekki tekið fram í úrskurðinum leiddi hann til þess, í samræmi við fjölskyldulögin, að hún var jafnframt svipt forsjá barns síns. Þar sem lögræðissvipt foreldri gat samkvæmt lögum ekki verið aðili að ættleiðingarmáli var ekki leitað samþykkis hennar. Kröfu kæranda um að verða aftur veitt lögræði var hafnað með úrskurði dóms 10. maí 2005 þar sem talið var að andleg veikindi hennar hefðu ágerst. Í millitíðinni, þ.e. 22. nóvember 2001, var dóttir kæranda, A, tekin í umsjá stjórnvalda þar sem kærandi, sem bjó hjá móður sinni, þótti trufla uppeldið á barninu. Í kjölfarið hófst ættleiðingarferli á þeim grundvelli að A væri munaðarlaus, þar sem móðir hennar hefði verið svipt lögræði og faðir hennar væri látinn. Króatíska ríkið hélt því fram að kærandi hefði verið upplýst um ferlið í gegnum síma þann 26. ágúst 2003. Hinn 2. september 2003 var ættleiðing á A heimiluð.

Kærandi hafði umgengnisrétt við barnið fram að ættleiðingunni og heimsótti A reglulega.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að dóttir hennar hafi verið ættleidd án hennar vitneskju eða samþykkis og að hún hafi ekki fengið að taka þátt í þeirri málsmeðferð. Hún hélt því einnig fram að hún hefði verið slitin úr tengslum við dóttur sína án þess að hún hafi verið svipt forsjárrétti sínum sem foreldri. Hún hélt því fram að með þessu hefði verið brotið gegn réttindum hennar samkvæmt 8. gr., 1. mgr. 6. gr. og 13. gr. sáttmálans.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að A hafði búið hjá móður sinni frá fæðingu í desember 1999 þar til henni var ráðstafað í föstur í nóvember 2001 og jafnvel eftir þann tíma hafi kærandi haldið áfram að heimsækja dóttur sína. Á þeim tíma höfðu því verið tiltekin tengsl á milli kæranda og A sem teldust til fjölskyldulífs. Enginn vafi væri á því að ættleiðingin hefði með öllu rofið tengsl kæranda við dóttur sína og það teldist til mjög alvarlegra afskipta af rétti hennar til fjölskyldulífs. Afskiptin hefðu verið byggð á landslögum og stefnt að því lögmæta markmiði að vernda hagsmuni barnsins.

Aldrei hefði verið lagt mat á samband kæranda við dóttur hennar þótt afleiðing þess að vera svipt lögræði sú að kæranda væri meinuð öll þátttaka í ættleiðingarferlinu. Þá hafði engin sérstök ákvörðun verið tekin varðandi réttindi kæranda sem foreldris. Hún hafði engu að síður að einhverju marki haldið áfram, eftir að hún var svipt lögræði, að nýta sér rétt til umgengni við barnið. Kæranda hafði ekki verið heimiluð nein þátttaka í málsmeðferðinni fyrir utan eitt símtal. Dómstóllinn taldi erfitt að fallast á að þótt einhver hefði verið sviptur lögræði sínu þá leiddi það sjálfvirkt til þess að viðkomandi gæti ekki á neinn hátt tekið þátt í ættleiðingarferli sem varðaði barn þess. Dómstóllinn taldi að í staðinn fyrir að upplýsa kæranda stuttlega um ákvörðunina hefði hún átt að fá tækifæri til að tjá viðhorf sín til mögulegrar ættleiðingar. Dómstóllinn taldi að kæranda hefði ekki verið veittur nægilegur kostur á þátttöku í málsmeðferðinni, sérstaklega í ljósi þeirra miklu afleiðinga sem ákvörðunin hefði fyrir samband kæranda við dóttur sína. Dómstóllinn komst því einróma að þeirri niðurstöðu að útilokun kæranda frá þátttöku í málsmeðferð þar sem ættleiðing á dóttur hennar var til umfjöllunar hefði leitt til þess að króatíska ríkið hefði brugðist kæranda í að tryggja henni réttindi hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Um 1. mgr. 6. gr. og 13. gr.: Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að kanna atriði tengd 1. mgr. 6. gr. og 13. gr.

Kæranda voru dæmdar 8.000 evrur í miskabætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans

I gegn Finnlandi

Dómur frá 17. júlí 2008

Mál nr. 20511/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Upplýsingar í sjúkraskrá. Meðferð og vernd persónuupplýsinga.

1. Málsvatik

Kærandi, I, er finnskur ríkisborgari, fædd 1960 og búsett í Finnlandi. Hún starfaði sem hjúkrunarfræðingur á ríkisreknu sjúkrahúsi á árunum 1989 til 1994. Hún var greind með HIV-veiruna árið 1987 og fékk ráðgjöf á sama sjúkrahúsi vegna þess. Kærandi grunaði, eftir ákveðnar athugasemdir sem hún fékk við störf sín í byrjun árs 1992, að samstarfsmenn hennar hefðu skoðað sjúkraskrá hennar og að reglur væru ekki þannig úr garði gerðar að geta hindrað aðgang óviðkomandi að sjúkraskrá. Allt heilbrigðisstarfsfólk á sjúkrahúsinu hafði á þeim tíma aðgang að sjúkraskrá en ekki bara þeir sem komu að meðferð sjúklings. Kærandi var síðar skráð undir öðru nafni og fengin önnur kennitala í sjúkraskrá sjúkrahússins.

Eftir að kærandi hætti á sjúkrahúsinu óskaði hún eftir upplýsingum um hver hefði skoðað sjúkraskrá hennar. Henni var sýnt um það með vísan til þess að aðeins væri mögulegt að sjá síðustu fimm aðgangsfærslur og þær væru aðeins skráðar á stofnunina sem slíka en ekki á einstaklinga. Þeim upplýsingum væri síðan eytt. Síðar, í mars 1998, var skrá spítalans breytt á þann veg að mögulegt var að sjá með afturvirkum hætti hvaða einstaklingar hefðu skoðað sjúkraskrá. Í maí 2000 höfðaði kærandi dómsmál til heimtu skaða- og miskabóta þar sem ekki hefði verið gætt nægjanlega að öryggi þessara heilbrigðisupplýsinga. Dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði komið fram fullnægjandi sönnun fyrir því að sjúkraskrá kærandi hefði verið skoðuð á ólögmatan hátt. Kærandi áfrýjaði dómnum og komst áfrýjunardómstóll að þeirri niðurstöðu að þótt framburður hennar um ummæli og dylgjur samstarfsmanna hennar væri trúverðugur hefðu ekki verið færðar fullnægjandi sönnur á að sjúkraskrá hennar hefði verið skoðuð á ólögmatan hátt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kærandi laut að því að ekki hefðu verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að óviðkomandi gætu skoðað sjúkraskrá hennar. Taldi kærandi að brotið hefði verið gegn 6., 8. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstæða

Kærandi benti m.a. á að dómstólar í Finnlandi hefðu komist að þeirri niðurstöðu að henni hefði ekki tekist að sanna að ákveðinn einstaklingur eða einstaklingar hefðu skoðað sjúkraskrá hennar á ólögmatan hátt en á sama tíma var kerfið, sem var ekki í samræmi við lög á þeim tíma, þannig úr garði gert að ekki var mögulegt fyrir hana að fá upplýsingar um hver hefði skoðað sjúkraskrá hennar. Finnska ríkið benti hins vegar á að finnsk lög vernduðu öryggi slíkra gagna og ákveðnum eftirlitsaðila væri falið það hlutverk að tryggja að enginn gæti með ólögmatum hætti fengið aðgang að þeim. Ítarleg fyrirmæli um hvenær heimilt væri að skoða sjúkraskrár hefðu verið gefin innan spítalans og ekki væri

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

mögulegt að tryggja í hvert skipti fyrirfram hvort sá sem skoðaði gögnin hefði til þess fullnægjandi heimildir og ástæður.

Dómstóllinn tók fram að vernd einkalífssupplýsinga félli undir gildissvið 8. gr. sáttmálans. Dómstóllinn benti á að málið varðaði álitafni um hvort finnska ríkið hefði brugðist jákvæðum skyldum sínum samkvæmt 8. gr. til að vernda heilbrigðisupplýsingar kæranda. Vernd persónuupplýsinga, sérstaklega heilbrigðisupplýsinga, hefði grundvallarþýðingu fyrir einstaklinga til að þeir gætu notið réttar síns samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Reglur um vernd heilbrigðisupplýsinga væri að finna í öllum aðildarríkjum að sáttmálanum. Sú vernd væri ekki aðeins mikilvæg út frá einkalífi einstaklinga heldur einnig vegna trausts þeirra á heilbrigðisstarfsstéttum, sérstaklega þegar um væri að ræða jafnvíðkvæmt málefni og HIV-sjúkdómurinn væri. Í því tilfelli yrðu landslög að geyma nægjanlegar ráðstafanir til að vernda slíkar upplýsingar. Dómurinn vísaði í mál *Z gegn Finnlandi* þar sem dómstóllinn tók fram að það hefði sérstaka þýðingu þegar unnið væri með jafnvíðkvæm gögn og um var að ræða í þessu máli að fullnægjandi verndarráðstafanir væru fyrir hendi. Í þessu tilfelli ynni kærandi þess að auki á sama sjúkrahúsi og hún var sjálf sjúklingur á. Á þeim tíma sem um var að ræða var almennt ákvæði í finnskum lögum þar sem sérstökum eftirlitsmanni var falið að tryggja nægjanlegt öryggi. Dómstóllinn benti á að á þeim tíma hefðu aðrir en þeir sem sinntu kæranda getað skoðað sjúkraskrá hennar og ekki hefði verið mögulegt fyrir hana að fá upplýsingar eftir á um það hverjir hefðu skoðað skrána. Þótt spítalinn hefði síðar gripið til ráðstafana til að kanna það hefðu þær komið til of seint. Áfrýjunardómstóll mat framburð hennar trúverðugan en féllst engu að síður ekki á kröfu hennar þar sem henni tókst ekki að sanna að óviðkomandi hefðu skoðað sjúkraskrána. Dómstóllinn benti á að með þessu hefði áfrýjunardómstóllinn litið framhjá þeirri staðreynd að það voru kerfisgallarnir í tölvukerfi spítalans sem gerðu kæranda það ókleift. Hefði kerfið verið betur úr garði gert hefði kærandi ekki staðið svo höllum fæti fyrir dómstólum. Dómstóllinn tók fram að það sem réði úrslitum hér væri að kerfið, á þeim tíma sem um ræddi, var ekki í samræmi við ákvæði finnskra laga. Finnska ríkið hefði ekki útskýrt af hverju kerfið á þessum spítala hefði ekki verið í samræmi við það lagaákvæði. Þá benti dómstóllinn á að möguleiki kæranda á að fara með mál sitt fyrir dómstóla til heimtu skaðabóta nægði ekki til að tryggja vernd einkalífs hennar. Krafa hennar lyti að því að njóta skilvirkrar verndar sem hindraði mögulegan aðgang óviðkomandi að persónuupplýsingum. Slík vernd var ekki til staðar í þessu máli.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 8. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Um aðrar greinar: Dómstóllinn taldi að ekki væri þörf á því að skoða frekari álitafni í tengslum við 6. og 13. gr.

Kæranda voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 5.771 evrur í skaðabætur, 8.000 evrur í miskabætur og 20.000 evrur í málskostnað.

Darren Omoregie o.fl. gegn Noregi

Dómur frá 31. júlí 2008

Mál nr. 265/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Brottvísun. Friðhelgi fjölskyldulífs.

1. Málsatvik

Kærendur eru Louis Osaze Darren Omoregie, eiginkona hans Elizabeth Skundberg Darren og dóttir þeirra Selma. Louis Osaze Darren Omoregie er nígerskur ríkisborgari, fæddur í Sierra Leone árið 1979. Hann kom til Noregs og sótti um hæli þar 25. ágúst 2001. Eiginkona hans er norskur ríkisborgari, fædd 1977, og dóttir þeirra er einnig norskur ríkisborgari, fædd 2006. Þau kynntust í október 2001, hófu sambúð í mars 2002, trúlofuðust 10. september 2002 og gengu í hjúskap 2. febrúar 2003. Hælisúmsókn Darren Omoregie var hafnað þann 22. maí 2002. Hann kærði ákvörðunina til sérstakrar úrskurðarnefndar sem staðfesti ákvörðunina 11. september 2002. Fljótlega eftir það barst honum tilkynning þess efnis að honum bæri að yfirgefa Noreg fyrir 30. september 2002. Hann óskaði síðar eftir atvinnuleyfi á grundvelli fjölskyldutengsla hans við landið. Honum var synjað um það 7. maí 2003. Ekki var talið að sérstakar mannúðarástæður réttlættu undantekningu í hans tilviki. Í kjölfarið kom til skoðunar að beita kæranda viðurlögum fyrir að yfirgefa ekki landið. Var komist að þeirri niðurstöðu 26. ágúst 2003 að vísa honum á brott úr landinu þrátt fyrir að hann væri í hjúskap og banna honum að koma á ný til Noregs í fimm ár. Dómstóll ógilti þá ákvörðun á þeim grundvelli að þótt kærandi hefði brotið gegn útlendingalögum, m.a. með því að yfirgefa ekki landið innan þeirra fresta sem honum voru veittir, yrði að meta hvort slík ákvörðun bryti gegn meðalhófsreglu, m.a. með tilliti til fjölskyldutengsla hans við annan kæranda. Þá taldi dómstóllinn að við ákvörðun um endurkomubann í fimm ár hefði ekki verið gætt meðalhófs, m.a. í ljósi þess að eiginkona Darren Omoregie myndi eiga í erfíðleikum með að aðlagast heimalandi hans og að endurkomubannið gæti leitt til þess að fjölskyldan leystist upp. Í kjölfar áfrýjunar norskra stjórnvalda á þessari niðurstöðu komst áfrýjunardómstóll að annarri niðurstöðu þann 27. febrúar 2006. Áfrýjunardómstóllinn leit m.a. til þess að kærandi hefði lítil tengsl við Noreg. Hann hefði verið í Noregi í tiltölulega skamman tíma þegar hann fékk fyrstu viðvör um að honum kynni að verða vísað úr landi. Engar lögmætar væntingar hefðu því skapast hjá honum þess efnis að hann fengi að dvelja áfram í landinu. Hjónaband hans breytti því ekki, enda væri alengt að útlendingar sem sæju fyrir hættu á brottvísun giftust norskum ríkisborgurum til að koma sér hjá brottvísuninni. Því gæti hjónaband hans ekki verið úrslitaatriði í hagsmunamatinu. Þá væru tengsl hans við Nígeríu mun sterkari en tengsl hans við Noreg. Hvað varðaði eiginkonu Darren Omoregie, þá hlaut hún að vita af þeirri óvissu sem var um áframhaldandi dvöl hans í landinu á þeim tíma þegar þau gengu í hjúskap. Hún væri ennfremur von því að búa erlendis. Hún hefði m.a.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

búið um tíma í Suður-Afríku og enska væri opinbert tungumál í Nígíeríu. Engar óyfírstíganlegar hindranir kæmu því í veg fyrir að þau gætu lifað fjölskyldulífi í Nígíeríu.

Þann 20. september 2006 eignuðust hjónin dótturina Selmu. Þann 31. október 2006 komst fyrrnefnd úrskurðarnefnd að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á því að ógilda endurkomubann Darren Omoregie til Noregs m.t.t. hagsmuna barnsins sem fæddist eftir að honum var tilkynnt um brottvísun.

Mannréttindadómstóllinn varð ekki við þeirri beiðni kæranda að grípa til bráðabirgðaráðstöfunar samkvæmt 39. gr. málsmeðferðarreglna dómstólsins í þessu tilviki. Darren Omoregie var fluttur til Nígíeríu þann 7. mars 2007 af lög-regluglufirvöldum í Osló.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að brottvísun Darren Omoregie og endurkomubann hans í fimm ár til Noregs bryti gegn réttindum þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstæða

Kærendur studdust einkum við að brottvísun og endurkomubann Darren Omoregie myndi leiða til þess að fjölskylda þeirra leystist upp. Brot hans gegn norskum lögum hefðu verið minniháttar. Norska ríkið hélt því einkum fram að 8. gr. sáttmálans ætti ekki við í þessu tilviki þar sem fjölskyldutengsl milli kæranda hefðu stofnast á þeim tíma sem Darren Omoregie hefði ekki getað haft neinar lögmatar væntingar til þess að eiga fjölskyldulíf í Noregi og að kærendur hefðu ekki sýnt fram á að þeim væri með öllu ómögulegt að eiga fjölskyldulíf í heimalandi Darren Omoregie.

Dómstóllinn tók fram að ljóst væri að tengsl á milli kæranda féllu undir hugtakið fjölskyldulíf í skilningi 8. gr. sáttmálans. Sáttmálinn tryggði þó ekki útlendingum að koma og dveljast í erlendu landi. Dómstóllinn benti á að Darren Omoregie hefði komið til Noregs 25. ágúst 2001 og verið vísað á brott til Nígíeríu 7. mars 2007. Á meðan kæra hans var til meðferðar hjá úrskurðarnefnd var honum veitt tímabundið dvalar- og atvinnuleyfi. Eftir að nefndin staðfesti fyrri ákvörðun þann 11. september 2002 var kæranda skylt að yfirgefa landið en þess í stað dvaldist hann áfram í landinu á ölögmætan hátt. Hann hefði svo á ný í febrúar 2003 sótt um dvalarleyfi á nýjum grundvelli, þ.e. á grundvelli fjölskyldutengsla hans. Fyrsti og annar kærandi gengu í hjúskap 2. febrúar 2003 og þeim fæddist barn 20. september 2006. Því hafi ekki verið haldið fram af hálfu ríkisins að um málamyndahjónaband hafi verið að ræða. Brottvísunin 7. mars 2007 taldist því fela í sér takmörkun á rétti þeirra til fjölskyldulífs, sbr. 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að mælt væri fyrir um takmörkunina í lögum, þ.e. í útlendingalögum, og þau stefndu að lögmatu markmiði, þ.e. að firra glundroða

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

eða glæpum og tryggja efnalega farsæld þjóðarinnar. Eftir stæði að svara hvort ákvörðunin hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi, þ.e. hvort hún væri réttlætunleg á grundvelli mikilvægra samfélagsþarfa og þá einkum hvort gætt hefði verið meðalhófs til að ná því lögmæta markmiði sem stefnt var að. Dómstóllinn minnti á að ýmsir þættir hefðu áhrif á það hagsmunamat. Þar yrði m.a. að líta til þess að hve miklu leyti fjölskyldulíf kæranda væri rofið, hve mikil tengsl hann hefði við Noreg, hvort það væru óyfirstíganlegar hindranir sem stæðu í vegi fyrir fjölskyldulífi í heimalandi kæranda. Einnig þyrfti að líta til annarra atriða, svo sem hvort brotið hefði verið gegn útlendingalögum. Ennfremur yrði að líta til þess hvort fjölskyldulíf hefði myndast eftir að ljóst varð hver staða Darren Omoregie var gagnvart útlendingalögum. Í þeim tilvikum væri aðeins í undantekningartilvikum um brot á 8. gr. sáttmálans að ræða ef einstaklingi sem hefði ekki heimildir til að dvelja í landi væri vísað á brott.

Með hliðsjón af þessu benti dómstóllinn á að þegar Darren Omoregie kom fyrst til Noregs í ágúst 2001 var hann tuttugu og tveggja ára og hafði engin tengsl við Noreg. Fjölskyldutengsl hans við annan og þriðja kæranda hefðu stofnast síðar á mismunandi stigum. Frá því að kærundur hófu sambúð hlaut þeim að vera ljóst að ekki væri sjálfgefið að þau gætu dvalist í Noregi saman sem par. Hælisumsókn Darren Omoregie var síðar hafnað og hann kaus að dveljast áfram í landinu ólöglega. Þegar kærundur gengu í hjúskap 2. febrúar 2003 þá hefði Darren Omoregie dvalist ólöglega í landinu og því var hjónaband þeirra ekki að fullu í samræmi við landslög. Þessi ágalli leiddi þó ekki til þess að hjónabandið væri ekki gilt. Dómstóllinn tók fram að þau hefðu ekki haft lögmætar væntingar til að fá að dveljast áfram saman í Noregi. Síðari umsókn Darren Omoregie um dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldutengsla sem var hafnað gaf þeim heldur ekki slíkar væntingar. Þá hefði honum á ný verið vísað á brott 26. ágúst 2003 og bannað að koma aftur til Noregs í fimm ár. Þótt undirréttur hefði komist að þeirri niðurstöðu að endurkomubannið bryti gegn meðalhófsreglu var sú niðurstaða ekki endanleg og var snúið við af áfrýjunardómstóli. Þá hefði fæðing barns kæranda þann 20. september 2006 ekki skapað honum rétt til að dveljast í landinu.

Dómstóllinn benti ennfremur á að tengsl Darren Omoregie við Nígíeríu væru tiltölulega sterk en tiltölulega veik við Noreg, að frátöldum fjölskyldutengslum hans við eiginkonu og barn sem var stofnað til meðan á málsmeðferðinni stóð. Þá var barn kæranda á aðlögunarhæfum aldri þegar ákvörðunin var tekin. Þótt eiginkona hans myndi sæta einhverjum óþægindum og erfiðleikum við að flytjast til Nígíeríu væri það ekki óyfirstíganleg hindrun fyrir fjölskyldulífi þeirra. Ekkert stæði því í vegi fyrir því að eiginkona hans og barn gætu heimsótt hann í Nígíeríu. Þá benti dómstóllinn á að endurkomubannið hefði verið úrskurðað sem stjórnsýsluviðurlög en slík viðurlög hefðu það markmið að kerfið væri skilvirkt. Ennfremur væri kæranda heimilt að sækja um að koma á ný til Noregs eftir aðeins tvö ár.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun norskra ríkisins um að vísa Darren Omoregie á brott og banna honum að koma aftur til Noregs í fimm ár hefði ekki gengið lengra en stjórnvöldum væri heimilt á grundvelli svigrúms þeirra til mats. Hefðu rétt og nægjanleg rök verið færð fyrir þeirri ákvörðun og auk þess hefðu stjórnvöld framkvæmt viðeigandi hagsmunamat með sjónarmið tengd hagsmunum kæranda og almannahagsmunum að leiðarljósi. Engar sérstakar undantekningarástæður ættu við í þessu tilviki. Dómstóllinn féllst því á þá niðurstöðu norskra stjórnvalda að ákvörðunin væri nauðsynleg og því hefði ekki verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Tveir dómarmar skiluðu séráliti.

K.T. gegn Noregi

Dómur frá 25. september 2008

Mál nr. 26664/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Réttur til að fá úrlausn dómstóls um réttindi.

1. Málsatvik

Kærandi, KT, er norskur ríkisborgari, fæddur árið 1971 og búsettur í Stafangri í Noregi. Frá þeim tíma sem fyrri eiginkona hans fluttist til Finnlands árið 2001 hefur hann haft forsjá tveggja sona þeirra sem eru fæddir 1994 og 1996.

Málið varðar kvörtun kæranda yfir meðferð barnaverndaryfirvalda á máli hans. Þau létu fara fram sérstaka rannsókn á hæfi kæranda til að annast syni sína þrátt fyrir að í fyrri rannsókn hefði verið komist að þeirri niðurstöðu að hann væri hæft foreldri. Höfðu báðar rannsóknirnar hafist vegna kvartana frá fyrri konu hans en að mati kæranda hafði fyrri rannsóknin staðfest að kvartanir konunnar væru tilhæfulausar.

Kærandi höfðaði máli fyrir dómstól í Stafangri og krafðist þess að viðurkennt yrði að engin lagaheimild hefði verið fyrir ákvörðun um að hefja rannsókn á aðstæðum hans. Dómstóllinn taldi að ekki væri hægt að leggja mat á kröfur kæranda þar sem ekki væri um að ræða mál til ógildingar stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga. Var málinu vísað frá þar sem ekki var talið að kærandi hefði lögvarða hagsmuni af því að fá niðurstöðu um kröfuna og því væru skilyrði laga um meðferð einkamála ekki uppfyllt. Var sú niðurstaða staðfest af áfrýjunardómstól. Kærandi skaut málinu til Hæstaréttar Noregs sem tók málið til meðferðar en staðfesti niðurstöðu áfrýjunardómstólsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að rannsóknirnar hefðu brotið í bága við friðhelgi einkalífs og fjölskyldu hans sem vernduð væri af 8. gr. sáttmálans. Að auki hélt hann því fram að brotið hefði verið í bága við rétt hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sem og 13. gr. þar sem norskir dómstólar hefðu ekki fallist á að taka mál hans til efnislegrar endurskoðunar fyrir dómi.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn vísaði til þess að síðari rannsóknin og hvernig henni var háttað hefði reynst nauðsynleg í ljósi 2. mgr. 8. gr. sáttmálans. Með þessu væri átt við að óheimilt væri að takmarka rétt hans til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu nema fyrir lægi að það væri nauðsynlegt í skilningi 2. mgr. Dómstóllinn taldi ekkert benda til þess að mat barnaverndaryfirvalda á nauðsyn nýrrar rannsóknar færi út fyrir það svigrúm sem norska ríkið hefði til mats á slíku. Að mati dómstólsins hefðu barnaverndaryfirvöld ekki brugðist þeirri skyldu sinni að gæta jafnvægis milli hagsmuna kæranda og hagsmuna barna hans sem fælust í því að tryggja að þau dveldust á þeim stað sem væri þeim fyrir bestu. Það var því einróma álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við réttindi kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið í bága við rétt kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Þrátt fyrir að dómstólar á neðri stigum hefðu ekki fallist á að taka málið til efnislegrar meðferðar þá hefði Hæstiréttur landsins kannað öll efnisatriði málsins ítarlega. Af þessum sökum taldi dómstóllinn ekki þörf á að taka sérstaklega til skoðunar kröfur kæranda samkvæmt 13. gr.

R.K. og A.K. gegn Bretlandi

Dómur frá 30. september 2008

Mál nr. 38000/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Þörn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Réttur til að fá úrlausn dómstóls um réttindi.

1. Málsatvik

Kærandur, R.K., fæddur árið 1972, og eiginkona hans, A.K., fædd árið 1976, eru breskir ríkisborgarar og búsett í Oldham á Bretlandi. Saman eiga þau eina dóttur, M, sem er fædd í júlí árið 1998.

Í september árið 1998 var M færð á spítala með brotinn lærlegg. Læknar töldu líklegast að meiðslin væru af mannavöldum en ekki slys. Af þeim sökum var M færð í umsjá eldri frænku sinnar. Í kjölfar annarra sambærilegra meiðsla

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

var M greind með sjúkdóm sem einkennist af stökkum beinum sem brotna auðveldlega og oft án sýnilegrar ástæðu (*brittle bone disease*). M fékk að fara aftur heim til foreldra sinna í apríl árið 1999.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að með því að færa M dóttur þeirra í tímabundið fóstur hjá þriðja aðila hefði verið brotið í bága við rétt þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Af þeim sökum hefði verið brotið í bága við 8. gr. sáttmálans. Að auki héldu þau því fram að brotið hefði verið í bága við 13. gr. hans þar sem skort hefði raunhæft úrræði sem gert hefði þeim kleift að ná fram rétti sínum gagnvart barnaverndaryfirvöldum.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi engan vafa leika á því að gengið hefði verið á rétt kærenda til friðhelgi fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Mælt hefði verið fyrir um þá takmörkun í ákvæðum laga og með henni hefði verið stefnt að lögmætum markmiðum sem fólust í því að vernda hagsmuni M, dóttur kærenda. Dómstóllinn vísaði til þess að það væri skýr skylda stjórnvalda, félagsmálayfirvalda og barnaverndaryfirvalda að standa vörð um hagsmuni og öryggi barna. Ekki væri hægt að gera þau ábyrg fyrir því eftir á að hafa brugðist við með þeim hætti sem hér um ræðir þegar raunverulegur og rökstuddur grunur hefði leitt til þess að hagsmunum barns teldist ekki vera borgið á heimili sínu. Dómstóllinn vísaði til þess að M hefði þjáðst af alvarlegum og óútskýrðum meiðslum og að ekki væri hægt að draga félagsmála- og heilbrigðisyfirvöld til ábyrgðar fyrir að hafa ekki umsvifalaust greint sjúkdóminn sem sannanlega hrjáði M, sér í lagi í ljósi þess að um væri að ræða afar sjaldgæfan sjúkdóm sem erfitt væri að greina í ungabörnum. Þrátt fyrir að M hefði verið tekin af foreldrum sínum um tíma var henni komið fyrir í nánasta umhverfi við foreldra sína, þ.e. hjá frænku sinni. Þannig var þeim gert kleift að heimsækja hana og vera samvistum við hana. Dómstóllinn benti á að um leið og önnur meiðsli fóru að gera vart við sig á meðan M dvaldist í umsjá frænkunnar hefðu frekari rannsóknir verið gerðar. Innan fárra vikna þaðan í frá fengu kærendur svo dóttur sína aftur í sína umsjá.

Með vísan til framangreinds var það mat dómstólsins að yfirvöld hefðu gripið til allra þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar voru. Að auki hefði verið rétt að grípa til varúðarráðstafana í þeim tilgangi að tryggja hagsmuni M. Allar þessar ráðstafanir hefðu verið hóflegar og fullt tillit tekið til hagsmuna kærenda. Það var því einróma álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 8. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Þrátt fyrir þessa niðurstöðu varðandi 8. gr. var það mat dómstólsins að brotalöm hefði verið á meðferð máls þar sem kærendum var ekki

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

tryggt raunhæft úrræði til að fá úrlausn um hvort brotið hefði verið gegn réttindum þeirra. Var það mat dómstólsins að kærendur hefðu átt að eiga þess kost að krefjast þess fyrir opinberu stjórnvaldi að yfirvöld á staðnum væru ábyrg fyrir skaða sem þau hefðu orðið fyrir við meðferð málsins. Að auki hefðu þau átt að eiga þess kost að krefjast bóta vegna málsmeðferðarinnar.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 13. gr. sáttmálans þar sem kærendum hefði ekki verið tryggt slíkt úrræði á þeim tíma sem um ræddi. Samkvæmt 41. gr. sáttmálans voru þeim dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 18.000 evrur í málskostnað.

Bogumil gegn Portúgal

Dómur frá 7. október 2008

Mál nr. 35228/03

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Réttur til lögfræðiaðstoðar. Öflun sönnunargagna. Ómannúðleg meðferð. Læknisaðgerð.

Carlson gegn Sviss

Dómur frá 6. nóvember 2008

Mál nr. 49492/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Haagsamningur um brottnám barna. Athafnaskyldur ríkis.

1. Málsatvik

Kærandi, Scott Norman Carlson, er bandarískur ríkisborgari, fæddur 1962 og búsettur í Bandaríkjunum. Hann er faðir C, sem fæddist árið 2004, en A, móðir C, er svissneskur ríkisborgari.

C og A bjuggu með kæranda í Bandaríkjunum, en sumarið 2005 fór A til Sviss ásamt C og ákvað síðar að setjast að þar. Þann 28. september 2005 sótti hún um skilnað fyrir dómi í Baden-héraði í Sviss og krafðist tímabundinnar forsjár C á meðan málið væri til meðferðar. Þann 31. október 2005 fór kærandi þess á leit við svissneskan dómstól að fyrirskipað yrði að syni hans yrði skilað þangað sem hann væri búsettur. Hélt kærandi því fram, að þar sem hann og A færu með sameiginlega forsjá barnsins teldist framlenging á dvöl barnsins í Sviss gegn vilja hans ólöglegt brottnám eða hald barns í skilningi 3. gr. Haagsamnings um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Í kjölfar þeirrar beiðni ákvað dómstóllinn í Baden-héraði að A bæri að leggja inn vegabréf C og að henni væri óheimilt að yfirgefa svissneskt yfirráðasvæði. Á sama tíma var málsmeðferðin vegna afhendingar barnsins sameinuð skilnaðarmálinu. Dómstóllinn vísaði kröfu kæranda frá dómi þar sem hann taldi að kæranda hefði ekki tekist að leggja fram sönnunargögn til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni að þótt hann hafi fallist á tímabundna dvöl móðurinnar í Sviss hefði það verið skilyrði að hún sneri aftur til Bandaríkjanna. Því taldi dómarrinn að

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

brottnám barnsins hefði ekki verið ólögmætt samkvæmt 3. gr. Haagsamningsins þar sem kærandi veitti samþykki sitt og fullyrðing hans um ólögmæta neitun um að skila barninu væri studd ónógum sönnunargögnum. Kærandi áfrýjaði niðurstöðunni en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi ákvörðun svissneskra dómstóla hafa brotið gegn friðhelgi einkalífs hans og fjölskyldulífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans og jafnframt hefðu þeir með athafnaleysi sínu brotið gegn skyldum samkvæmt Haagsamningnum.

Niðurstaða

Dómstóllinn lagði áherslu á að 16. gr. Haagsamningsins benti til þess að fresta ætti meðferð máls um búsetu barns þar til ákvörðun hefði verið tekin um hvort skila bæri barninu. Því hafi ákvörðun dómstólsins um að sameina meðferð málanna tveggja verið andstæð skilyrðum Haagsamningsins og leiddi til þess að meðferð kröfunnar um afhendingu barnsins dróst á langinn. Að auki tók dómstóllinn fram að sá tími sem leið frá því að beiðni kæranda var lögð fram og þar til dómstóllinn tók ákvörðun, var ekki í samræmi við 11. gr. Haagsamningsins, sem kveður á um að hraða beri slíkri málsmeðferð. Jafnframt hafði dómstóllinn andstætt skýru orðalagi 13. gr. Haagsamningsins lagt sönnunarbyrði á kæranda og gert honum skylt að sýna fram á að hann hafi ekki samþykkt eða síðar fallist á að barnið færi brott eða myndi ekki snúa aftur. Að mati dómstólsins hafði þessi háttur á málsmeðferðinni leitt til þess að verulega hallaði á kæranda. Dómstóllinn tók fram að jafnvel þó að áfrýjunardómstóll hefði beitt fyrrnefndri 13. gr. réttilega, hefði það ekki verið nægjanlegt til að leiðrétta brot á jafnræði málsaðila fyrir dómi, þar sem upplýsingarnar voru þáttur í mati innlenda dómstólsins á aðstæðum. Dómstóllinn var því ekki sannfærður um að hagsmunir C hefðu verið hafðir að leiðarljósi þegar dómstóllinn leysti úr kröfu um tafarlausa afhendingu hans, eins og Haagsamningurinn kveður á um.

Þar sem framangreindir gallar á málsmeðferð hefðu ekki verið leiðréttir af áfrýjunardómstólunum taldi dómstóllinn að réttur kæranda til friðhelgi fjölskyldulífs hefði ekki verið verndaður með virkum hætti. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 12.000 evrur vegna málskostnaðar.

K.U. gegn Finnlandi

Dómur frá 2. desember 2008

Mál nr. 2872/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dreifing upplýsinga á internetinu. Þagnarskylda. Athafnaskyldur ríkis.

1. Málsatvi

Kærandi, K.U., er finnskur ríkisborgari fæddur 1986. Málið varðaði kvörtun hans þess efnis að auglýsing af kynferðislegum toga var birt undir nafni hans á stefnumótasiðu á internetinu í mars 1999, þegar hann var tólf ára gamall. Samkvæmt finnskri löggjöf á þeim tíma gátu hvorki lögregla né dómstólar krafði þjónustuaðila vefsíðunnar um að upplýsa hver hefði sett auglýsinguna inn á síðuna. Í auglýsingunni var aldur og fæðingarár kæranda tilgreint auk þess sem þar var nákvæm lýsing á líkamlegum einkennum hans. Einnig var tengill á heimasíðu kæranda sem hafði að geyma mynd af honum og símanúmer. Í auglýsingunni kom fram að kærandi væri að leita að nánu sambandi við pilt á svipuðum aldri eða eldri til að „sýna sér leiðina“. Kærandi varð fyrst var við tilvist auglýsingarinnar þegar hann fékk tölvubréf frá manni sem vildi hitta hann og síðan „sjá hvað hann vildi gera“. Faðir kæranda óskaði eftir því að lögreglan upplýsti hver hefði sett auglýsinguna á netið svo mögulegt væri að kæra hann. Þjónustuaðili síðunnar neitaði hins vegar að verða við þeirri kröfu þar sem hann taldi sig vera bundinn trúnaði um fjarskipti samkvæmt lögum.

Hinn 19. janúar 2001 hafnaði dómstóll í Helsinki ósk lögreglu um að þjónustuaðila síðunnar yrði gert skylt að gefa upp hver hefði sett auglýsinguna á síðuna. Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekkert skýrt og ótvírátt lagaákvæði væri í lögum um meðferð sakamála sem næði til þessa tilviks sem teldist í finnskum rétti til ærumeiðinga. Kærandi áfrýjaði málinu en niðurstaðan var staðfest.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að réttindi hans samkvæmt 8. gr. og 13. gr. sáttmálans hefðu verið brotin vegna afskipta af einkalífi hans og að ekkert raunhæft úrræði væri að finna í finnskum rétti fyrir hann til að komast að því hvaða einstaklingur hefði sett auglýsinguna inn á stefnumótasiðuna.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Jafnvel þó að atvikið félli samkvæmt finnskum rétti undir ærumeiðingar, taldi dómstóllinn mikilvægt að líta til þeirra áhrifa sem það hefði á einkalíf á kæranda í ljósi viðkvæms aldurs hans. Dómstóllinn taldi að sú athöfn að setja auglýsinguna á netið væri refsínæmur verknaður sem olli því að ungmenni var berskjaldað fyrir athygli barnaníðinga. Dómstóllinn tók fram að slík háttsemi kallaði á viðbrögð réttarkerfisins með viðunandi rannsókn og

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

saksókn. Ennfremur ættu börn og aðrir viðkvæmir einstaklingar rétt á vernd frá ríkinu gegn slíkum alvarlegum afskiptum af einkalífi þeirra.

Dómstóllinn tók fram að atvikið átti sér stað árið 1999 en þá var það vel þekkt að mögulegt væri að nota internetið í refsinaemum tilgangi einmitt vegna þess hversu auðvelt er þar að koma fram undir nafnleysi. Hið útbreidda vandamál sem kynferðisleg misnotkun barna er var einnig orðið vel þekkt mörgum árum áður en mál kæranda kom upp. Því gátu finnsk yfirvöld ekki haldið því fram að þau hefðu ekki haft tækifæri til að koma á laggirnar kerfi til að vernda börn fyrir barnaniðingum á netinu. Löggjafinn hefði átt að setja reglur þar sem fundið væri jafnvægi á milli trúnaðar þjónustuaðila á netinu og nauðsynjar á því að koma í veg fyrir afbrot og vernda réttindi og frelsi annarra. Jafnvel þó að löggjafinn hefði gert það síðar með löggjöf um tjáningarfrelsi í fjölmiðlum var slík löggjöf ekki til á þeim tíma er atvik málsins áttu sér stað. Því brugðust finnsk yfirvöld skyldu sinni til að vernda rétt kæranda til friðhelgi einkalífs þar sem trúnaðarskyldan vó þyngra en líkamleg og andleg velferð kæranda. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 8. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Um 13. gr.: Í ljósi niðurstöðu sinnar samkvæmt 8. gr. taldi dómstóllinn ekki þörf á að skoða málið út frá 13. gr.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miska-bætur.

S og Marper gegn Bretlandi - Yfirdeild

Dómur frá 4. desember 2008

Mál nr. 30562/04 og 30566/04

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Rannsókn sakamáls. Persónuupplýsingar. Varðveisla lífsýna og fingrafara.

1. Málsatvik

Kærendur, S og Michael Marper, eru breskir ríkisborgarar, fæddir 1989 og 1963 og búsettir í Sheffield í Bretlandi. Málið fjallar um það að bresk yfirvöld geymdu fingraför og lífsýni eftir að meðferð refsímáls gegn þeim lauk í kjölfar sýknu í tilviki S og niðurfellingar máls í tilviki Marper.

Hinn 19. janúar 2001 hafði S verið handtekinn og ákærður fyrir tilraun til ráns. Hann var ellefu ára á þeim tíma. Fingraför og DNA-sýni voru tekin af honum. Hann var sýknaður hinn 14. júní 2001.

Marper var handtekinn hinn 13. mars 2001 og ákærður fyrir að áreita maka sinn. Fingraför og DNA-sýni voru tekin af honum. Hinn 14. júní 2001 var mál hans fellt niður.

Eftir að málum gegn kærendum var lokið óskuðu þeir eftir því án árangurs að fingraförum og DNA-sýnum þeirra yrði eytt. Upplýsingarnar voru geymdar á grundvelli laga sem heimiluðu vörslu þeirra hjá yfirvöldum án tímatakmarkana.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kærenda laut að því að 8. gr. og 14. gr., sbr. 8. gr., sáttmálans hefðu verið brotnar með vörslu fingrafara, DNA-sýna og lífsýna eftir að málum gegn þeim var lokið.

Niðurstaða

Deild dómstólsins ákvað þann 10. júlí 2007 að eftirláta yfirdeildinni lög-sögu í málinu með vísan til 30. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn benti á að lífsýni hefðu að geyma mjög viðkvæmar upplýsingar um einstaklinga, m.a. upplýsingar um heilsufar þeirra. Auk þess hefðu þau að geyma erfðamengi viðkomandi einstaklings. Í ljósi eðlis og magns persónu-upplýsinga sem fólgin væru í lífsýni yrði geymsla þeirra að teljast afskipti af friðhelgi einkalífs viðkomandi einstaklings. Að áliti dómstólsins var sá möguleiki að hægt væri að auðkenna erfðafræðileg tengsl milli einstaklinga einn og sér nóg til að teljast afskipti af friðhelgi einkalífs. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að geymsla lífsýna og DNA-sýna teldist til afskipta af friðhelgi einkalífs.

Fingraför kærenda voru tekin í tengslum við rannsókn sakamála og voru í kjölfarið geymd í miðlægum gagnagrunni í því augnamiði að geta auðkennt þá í tengslum við önnur sakamál. Dómstóllinn féllst á að vegna þeirra upplýsinga sem lífsýni og DNA-sýni höfðu að geyma teldist geymsla þeirra hafa meiri áhrif á einkalíf manna en geymsla fingrafara. Engu að síður taldi dómstóllinn, í ljósi þess að fingraför veittu upplýsingar um mann, að varðveisla þeirra án samþykkis gæti ekki talist lítilvæg. Hún gæti því einnig talist fela í sér afskipti af friðhelgi einkalífs.

Dómstóllinn benti á að áframhaldandi varðveisla fingrafara og líffræðilegra sýna sem væru tekin við rannsókn sakamáls eftir að þau hefðu þjónað tilgangi sínum í málinu hefði skýra lagastöð í breskum lögum. Hins vegar væru lagaákvæði mun óljósari varðandi skilyrði fyrir frekari notkun upplýsinganna. Dómstóllinn tók fram að í þessu samhengi væri nauðsynlegt að hafa skýrar og nákvæmar reglur um umfang og beitingu slíkrar notkunar persónuupplýsinga sem og lágmarksöryggisráðstafanir. Í ljósi niðurstöðu sinnar um hvort takmörkunin væri nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi taldi dómstóllinn þó ekki nauðsynlegt að skera úr um hvort ákvæðið uppfyllti kröfur 2. mgr. 8. gr. sáttmálans um gæði löggjafar.

Dómstóllinn féllst á að varðveisla fingrafara og DNA-upplýsinga stefndi að lögmætu markmiði, þ.e. að upplýsa og hindra afbrot. Dómstóllinn tók fram að fingraför, lífsýni og DNA-sýni teldust til persónuupplýsinga í skilningi samnings Evrópuráðsins frá 1981 um vernd persónuupplýsinga. Þá yrði í landsrétti ríkja að gera viðunandi öryggisráðstafanir til að hindra alla meðferð persónuupplýsinga sem gæti verið í andstöðu við vernd 8. gr. sáttmálans. Sú þörf væri ennþá meiri þar sem vélræn vinnsla persónuupplýsinga færi fram og upplýsingar væru notaðar í þágu lögreglurannsóknar. Dómstóllinn tók fram að hagsmunir einstaklinga og samfélags af vernd persónuupplýsinga á borð við

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

fingraför og DNA-upplýsingar gætu þurft að víkja fyrir lögmætum hagsmunum af því að koma í veg fyrir afbrot. Vísaði dómstóllinn m.a. í 9. gr. Evrópuráðs-samningsins um vernd persónuupplýsinga.

Alítaefnið lyti að því hvort varðveisla fingrafara og DNA-upplýsinga kær-enda sem höfðu verið grunaðir, en ekki sakfelldir, um refsinaema háttsemi væri nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Dómstóllinn leit til víðeigandi meginreglna Evrópuráðs-samningsins um vernd persónuupplýsinga og til þess hvernig framkvæmd og lögum væri háttað í aðildarríkjum samningsins. Flest aðildarríki settu það skilyrði fyrir öflun og varðveislu lífsýna að um væri að ræða brot sem ekki teldist minniháttar og eyða bæri upplýsingum að tilteknum tíma liðnum frá sýknu eða niðurfellingu máls. Dómstóllinn benti á að England, Wales og Norður-Írland virtust vera einu aðildarríkin innan Evrópuráðsins sem heimiluðu geymslu slíkra upplýsinga frá hvaða manneskju sem er, óháð aldri og óháð því hvaða afbrot einstaklingurinn væri grunaður um að hafa framið og væri varðveisla upplýsinganna til frambúðar.

Dómstóllinn tók fram að sú vernd sem veitt væri með 8. gr. sáttmálans yrði veik ef fallist yrði á það að notkun nútímavísindatækni í sakamálaakerfinu væri heimil óháð því hvaða galla hún hefði í för með sér og án vandlegs mats á mögulegum ávinningi af viðtækri notkun slíkra tækni gegn mikilvægum einkalífshagsmunum. Öll ríki sem teldu sig frumkvöðla í þróun nýrrar tækni hefðu sérstaka skyldu til að finna viðunandi jafnvægi þessara hagsmuna. Dómstóllinn lýsti undrun sinni á því hversu opin og takmarkalaus heimildin væri í Englandi og Wales. Upplýsinganna væri hægt að afla óháð eðli eða alvarleika afbrots og aldri grunaðs einstaklings. Þá væru engin tímamörk sett og aðeins takmarkaður möguleiki fyrir sýknaðan mann að fá upplýsingarnar fjarlægðar eða þeim eytt.

Dómstóllinn lýsti yfir áhyggjum af afleiðingum þessa fyrirkomulags. Einstaklingar sem hefðu verið grunaðir um afbrot en sýknaðir eða mál þeirra fellt niður ættu rétt á því að teljast saklausir þar til sekt væri sönnuð. Þetta væri undirstrikað með því að upplýsingar um þá væru geymdar til frambúðar, rétt eins og upplýsingar um sakfellda menn, en skylt væri að eyða upplýsingum um þá sem ekki hefðu verið grunaðir um afbrot. Dómstóllinn tók fram að varðveisla persónuupplýsinga gæti verið skaðleg í tilviki ungmenna eins og fyrri kæranda. Taldi dómstóllinn að nauðsynlegt væri að vernda ungmenni fyrir mögulegum skaðlegum afleiðingum þess að varðveita áfram slíkar persónuupplýsingar.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið gætt nægilega að jafnvægi almanna- og einstaklingshagsmuna. Bresk yfirvöld hefðu farið út fyrir svigrúm sitt til mats og meðalhöfs hefði ekki verið gætt. Dómstóllinn komst því einróma að þeirri niðurstöðu að 8. gr. hefði verið brotin.

Um 14. gr., sbr. 8. gr.: Dómstóllinn taldi í ljósi niðurstöðu sinnar um 8. gr. ekki þörf á að fjalla frekar um málið í tengslum við 14. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að niðurstaða dómsins gæti talist viðunandi úrbætur í stað miskabóta. Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kærendum dæmdar 42.000 evrur í málskostnað.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Samtök Votta Jehóva o.fl. gegn Austurríki

Dómur frá 31. júlí 2008

Mál nr. 40825/98

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

14. gr. Bann við mismunun

Skráð trúfélög. Skilyrði skráningar. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

1. Málsvik

Kærendur eru Samtök Votta Jehóva og fjórir austurrískir ríkisborgarar búsettir í Vín sem eru Vottar Jehóva. Málið fjallar um synjun austurrískra yfirvalda í nærfellt tuttugu ár á að viðurkenna samtök Votta Jehóva sem aðila að lögum.

Þann 25. september 1978 óskuðu fjórir síðarnefndu kærendurnir eftir því að mennta- og menningarmálaráðuneytið viðurkenndi Votta Jehóva sem trúfélag og sem aðila að lögum, þ.e. að samtökin fullnægðu skilyrðum til að teljast lögpersóna, samkvæmt lögum frá 1874 um lagalega viðurkenningu á trúfélögum. Ráðuneytið synjaði beiðni þeirra á þeim grundvelli að lögin frá 1874 veittu þeim engan rétt á að fá formlega ákvörðun þar um. Eftir málaferli þar sem dómstólar höfðu hafnað lögsögu í málinu komst stjórnlagadómstóll Austurríkis að þeirri niðurstöðu, 4. október 1995, að kærendur ættu rétt á því að fá lögformlega ákvörðun um kröfu sína.

Þann 21. júlí 1997 synjaði mennta- og menningarmálaráðherra beiðni kæranda á þeim grundvelli að reglur um innra skipulag Votta Jehóva væru óskýrar og að þeir hefðu neikvæða afstöðu gagnvart ríkinu og stofnunum þess sem birtist einna helst í því að neita þátttöku í herþjónustu, þátttöku í daglegu samfélagi og kosningum eða neita að þiggja ákveðnar lækni-meðferðir, s.s. blóðgjöf. Stjórnlagadómstóllinn ógilti þessa ákvörðun á þeim grundvelli að hún hefði verið ómálefnaleg og bryti gegn meginreglunni um jafnræði, enda hefði ráðuneytið hvorki fullnægt rannsóknarskyldu sinni né veitt kærendum andmæla-rétt.

Í janúar 1998 voru samþykkt ný lög um lagalega stöðu skráðra trúfélaga og í kjölfarið, 20. júlí 1998, var samtökum Votta Jehóva veitt rétthæfi sem lögpersónu. Með þessu öðluðust samtökin aðildarhæfi fyrir dómstólum varðandi réttindi sín og skyldur. Kærendur sóttu í kjölfarið um að samtök þeirra yrðu viðurkennd sem skráð trúfélag. Stjórnvöld synjuðu beiðni þeirra þann 1. desember 1998 með vísan til þess að lögin frá 1998 settu skilyrði um að trúarsamtök þyrftu að vera tíu ára fyrir gildistöku laganna til þess að hægt væri að skrá þau sem trúfélög samkvæmt lögnum. Í málaferlum kæranda í kjölfarið komust

austurrískir dómstólar að þeirri niðurstöðu að skilyrðið um tilvist trúarsamtaka í tíu ár sem skilyrði skráningar færi ekki í bága við stjórnarskrá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að austurrísk yfirvöld höfðu synjað að skrá samtök Votta Jehóva sem trúfélög og þó að samtökum þeirra hefði síðar verið veitt rétt hæfi sem lögpersónu nytu þeir lakari stöðu en skráð trúfélög í ýmsu tilliti. Kærandur studdust við 9. gr., sbr. 14. gr., sáttmálans. Auk þess kvörtuðu kærandur yfir því að meðferð máls þeirra fyrir dómstólum hefði tekið óhæfilega langan tíma og með því hefði verið brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 9. gr.: Dómstóllinn tók fram að langur tími leið frá því að kærandur lögðu fyrst fram beiðni um rétt hæfi sem lögpersóna og þar til fallist var á þá kröfu eða um tuttugu ár. Á þeim tíma hefðu samtök Votta Jehóva ekki talist aðili að lögum í Austurríki. Í þessu fælist takmörkun á trúfrelsi sem stuðst hefði við lög frá 1874. Því hefði verið mælt fyrir um takmörkun í lögum sem stefndi að því lögmæta markmiði að vernda allsherjarreglu og öryggi. Dómstóllinn minnti á að réttur trúarsamtaka til að vera viðurkennd sem aðili að lögum væri nauðsynlegur fyrir fjölbreytni í lýðræðislegu þjóðfélagi. Það að veita trúfélögum stöðu trúarsamtaka sem teldust lögpersónur bætti ekki fyrir það að yfirvöld hefðu brugðist óskum þeirra um að öðlast slíka stöðu í langan tíma. Þar sem austurríska ríkið hefði ekki sýnt fram á neinar gildar ástæður sem réttlættu það að veita samtökunum ekki slíka stöðu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að takmörkun á trúfrelsi þeirra, samkvæmt 9. gr. sáttmálans, hefði ekki verið nauðsynleg samkvæmt 2. mgr. 9. gr. sáttmálans og því hefði verið brotið gegn 9. gr.

Einn dómari skilaði séráliti.

Um 14. gr., sbr. 9. gr.: Dómstóllinn leit til þess að skráð trúfélög nytu ákveðinna fríðinda samkvæmt austurrískum lögum, einkum á sviði skatta. Í ljósi þessara fríðinda bæri stjórnvöldum að sýna hlutleysi og gefa öllum trúarsamtökum sanngjarnt tækifæri til að öðlast slíka lagalega stöðu á grundvelli viðmiða sem lægju fyrir og fælu ekki í sér mismunun. Dómstóllinn féllst á að í algerum undantekningartilvikum gæti tíu ára bið eftir því að öðlast stöðu trúfélags verið nauðsynleg. Þetta ætti einkum við um nýstofnuð trúarsamtök eða óþekktá trúarhópa. Þetta virtist þó ekki eiga við í tilvikum kæranda þar sem samtök Votta Jehóva ættu sér langa sögu og djúpar rætur bæði í Austurríki og á alþjóðlega vísu og ættu að vera yfirvöldum kunn. Þegar slíkir trúarhópar kæmu til skoðunar ættu yfirvöld að þurfa styttri tíma til að meta hvort skilyrðum lögjafar væri fullnægt. Þessu til stuðnings vísaði dómstóllinn í dæmi sem kær-

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

endur höfðu lagt fram gögn um fyrir dómstólnum um trúarhóp sem hafði verið við lýði í Austurríki frá því 1976, fengið rétt hæfi sem trúarsamtök árið 1998 og skráningu sem trúfélag árið 2003. Þetta dæmi sýndi að austurríska ríkið teldi það ekki nauðsynlegt fyrir stefnu sína á þessu sviði að láta sama tíu ára skilyrði ná til allra. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að mismunandi meðferð hefði ekki byggst á hlutlægum og málefnalegum ástæðum og að brotið hefði verið gegn 14. gr., sbr. 9. gr., sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

Um 6. gr.: Dómstóllinn skipti meðferð málsins í tvo hluta. Fyrri hluti málsmeðferðar hefði náð frá 4. október 1995 þegar stjórnlagadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að kærundur ættu rétt á að fá leyst úr kröfu sinni. Meðferð þess þáttar málsins lauk 29. júlí 1998 þegar samtökum Votta Jehóva var veitt rétt hæfi sem lögpersónu. Dómstóllinn taldi að meðferð þess máls hefði verið flókin og að yfirvöld hefðu þurft að taka ákvörðun í máli kæranda á grundvelli breytinga í dómaframkvæmd stjórnlagadómstólsins og nýrrar löggjafar. Dómstóllinn taldi því að sá tími sem leið, um tvö ár og tíu mánuðir, væri ekki óhóflega langur og hefði ekki brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans á því tímabili. Annar hlutinn hefði hins vegar varað í hartnær fimm ár og ellefu mánuði og þar hefði ekkert verið aðhafst í málinu á tveimur tímabilum. Austurríska ríkið hefði ekki fært fram neinar skýringar á aðgerðaleyfinu á öðru þeirra tímabila. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að réttindi kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. hefðu verið brotin í öðrum hlutanum.

Um 13. gr.: Dómstóllinn leit til þess að kærundur höfðu getað nýtt sér úrræði landsréttar og m.a. fengið umfjöllun á máli sínu fyrir stjórnlagadómstólnum. Dómstóllinn komst því einróma að þeirri niðurstöðu að 13. gr. sáttmálans hefði ekki verið brotin.

Kærendum voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 42.000 evrur í málskostnað.

Dogru og Kervanci gegn Frakklandi

Dómar frá 4. desember 2008

Mál nr. 27058/05 og 31645/04

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Réttur til að nota höfuðklúta. Agaviðurlög í skóla.

1. Málsatvik

Kærandur, Belgin Dogru og Esma-Nur Kervanci, eru franskir ríkisborgarar, fæddar 1987 og 1986 og búsettar í Flers í Frakklandi. Þegar atvik málsins áttu sér stað var Dogru ellefu ára og Kervanci tólf ára. Þær eru báðar múslimar. Nokkrum sinnum í janúar 1999 neituðu þær að fjarlægja höfuðklúta

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

sína í íþróttatímum þrátt fyrir endurtekin tilmæli kennara sem sagði að það samræmdest ekki iðkun íþróttanna að ganga með slíka klúta. Í febrúar 1999 ákvað aganefnd skólans að vísa þeim úr skóla fyrir að taka ekki virkan þátt í íþróttatímum. Var þessi ákvörðun staðfest af víðeigandi stjórnsýslu menntamála. Var ákvörðunin rökstudd með vísan til þess að bannið við að ganga með höfuðklúta í leikfímistímum var byggt á reglum skólans sem fjölluðu um öryggi, heilbrigði og iðni.

Hinn 5. október 1999 hafnaði stjórnsýsludómstóllinn í Caen kröfu foreldra stúlkunnanna um að ógilda ákvörðunina um höfuðklútabannið. Stjórnsýsludómstóllinn taldi að með því að mæta í íþróttatíma í klæðnaði sem gerði þeim ófært að taka virkan þátt í þeim hefðu kærendur ekki sinnt þeirri skyldu sinni að mæta í tímana. Ennfremur taldi stjórnsýsludómstóllinn að viðhorf þeirra hefði valdið spennu innan skólans og á grundvelli allra málsatvika hefði ákvörðun um að vísa þeim úr skóla verið réttlætun, þrátt fyrir tillögu þeirra í lok janúar um að ganga með hatta í stað höfuðklúta. Áfrýjunarstjórnsýsludómstóllinn í Nantes staðfesti þessa niðurstöðu og taldi að kærendur hefðu gengið lengra en þeim væri heimilt við að iðka trú sína á skólavettvangi. Æðsti stjórnsýsludómstóll landsins taldi skilyrði til áfrýjunar ekki vera fyrir hendi. Eftir brottvísun hafa kærendur haldið áfram námi við skólann utanskóla.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kærenda laut að því að trúfrelsi þeirri samkvæmt 9. gr. og réttur þeirra til menntunar samkvæmt 2. gr. 1. viðauka hefði verið brotinn.

Niðurstaða

Um 9. gr.: Dómstóllinn tók fram að þær takmarkanir sem gerðar voru á trúfrelsi kærenda voru í samræmi við markmið um trúleysi í skólum. Á grundvelli niðurstöðu æðsta stjórnsýsludómstóls Frakka og umburðarbréfa ráðuneytis í tengslum við þetta álitaefni taldi dómstóllinn að það að bera ákveðin trúarleg merki væri ekki í eðli sínu í andstöðu við trúleysi í skólum en það ætti þó við um þetta mál vegna þeirra aðstæðna sem trúartáknin voru notuð og hugsanlegra afleiðinga af notkun þeirra. Í þessu sambandi vísaði dómstóllinn til fyrri dóma þar sem hann lagði áherslu á að aðildarríkin tryggðu í anda fjöltræðis og frelsis annarra að iðkun nemenda á trú sinni í skólum hefði ekki útskúfunarblæ á sér eða væri uppspretta þvingunar og útilokunar. Dómstóllinn taldi að tekið hefði verið á þessu álitaefni með útfærslu franskra yfirvalda á trúleysisstefnu í skólum. Í máli kærenda taldi dómstóllinn að sú niðurstaða franskra yfirvalda að notkun höfuðklúts samræmdest ekki iðkun leikfími af heilbrigðis- og öryggisástæðum væri ekki ómálefnaleg. Dómstóllinn féllst á að þau viðurlög sem kærendur voru beittir voru afleiðing af neitun þeirra um að fylgja þeim reglum sem giltu í skólanum. Þær reglur sem á reyndi hefðu verið nægjanlega kynntar þeim. Ennfremur höfðu reglurnar sem slíkar ekki tengst trúarlegri sannfæringu

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

þeirra eins og kærendur höfðu haldið fram. Dómstóllinn tók einnig fram að í málsmeðferðinni hefði verið tekið viðeigandi tillit til þeirra hagsmuna sem á reyndi í málinu, svo og að hagsmuna kæranda hefði verið gætt.

Dómstóllinn taldi sig ekki vera í aðstöðu til að endurmeta ákvörðun aganefndar um val á agaviðurlögum enda væri hún í beinum og stöðugum tengslum við menntasamfélagið og væri í bestu aðstöðu til að meta staðbundnar þarfir og skilyrði viðkomandi námsgreinar. Dómstóllinn taldi því að með brottvísuninni hefði ekki verið brotið gegn meðalhófsreglu enda hefðu kærendur fengið að halda áfram námi utanskóla. Þá væri ljóst að tekið hefði verið tillit til trúarlegrar sannfæringar þeirra. Komst dómstóllinn því einróma að þeirri niðurstöðu að 9. gr. sáttmálans hefði ekki verið brotin.

Um 2. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn taldi að engin sjálfstæð álitaefni risu í tengslum við 2. gr. 1. viðauka.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Riolo gegn Ítalíu

Dómur frá 17. júlí 2008

Mál nr. 42211/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Stjórnámálamenn.

1. Málsatvik

Kærandi, Claudio Riolo, er ítalskur ríkisborgari, fæddur 1951 og stundar rannsóknir í stjórn málafræði í háskólanum í Palermo. Kæran laut að því að kærandi var dæmdur fyrir meiðyrði eftir að grein sem hann skrifaði birtist í ítalska blaðinu *Narcomafie* í nóvember 1994. Greinin bar titilinn „*Mafian og lögin. Palermo: héraðið gegn sjálfu sér í Falcone-réttarhöldunum. Hið furðulega mál herra Musotto og herra Hyde*“. Í greininni gagnrýndi kærandi háttsemi Musotto, lögmanns og forseta héraðsráðs Palermo. Musotto var einnig verjandi eins sakbornings í sakamáli í tengslum við morð á Giovanni Falcone, dómara sem hafði tekið þátt í baráttunni gegn mafíunni. Í greininni var gagnrýnt að Musotto væri í senn verjandi sakbornings í málinu og fulltrúi héraðsráðs Palermo.

Musotto höfðaði meiðyrðamál gegn kæranda í apríl 1995 og krafðist skaðabóta. Í maí sama ár var greinin endurbirt í *Narcomafie* og í landsfréttablaðinu *Il Manifesto*. Greinin var undirrituð af kæranda og 28 öðrum mönnum, m.a. stjórnámálamönnum, fulltrúum félagasamtaka, lögfræðingum og blaðamönnum. Í mars 2000 komst héraðsdómstóll í Palermo að þeirri niðurstöðu að kærandi skyldi greiða Musotto um 36.150 evrur í miskabætur, 5.164 evrur í bætur fyrir fjárhagslegt tjón og greiða 3.300 evrur í málskostnað. Niðurstaða dómstólsins var að kærandi hefði beint persónulegri árás að Musotto og að venjulegur lesandi myndi álykta sem svo eftir að hafa lesið greinina að Musotta styddi hagsmunum mafíunnar og slík hagsmunatengsl hefðu áhrif á störf hans sem stjórnámálamanns og lögmanns. Kærandi áfrýjaði til áfrýjunardómstóls Palermo en án árangurs. Áfrýjunardómstóllinn lagði áherslu á það í niðurstöðu sinni að sumir hlutar greinarinnar, þar á meðal fyrrsögnin og einnig málsgrein sem lýsti Musotto sem „klunnalegri eftirhermu Silvio Berlusconi“ færu út fyrir mörk leyfilegrar gagnrýni á Musotto. Áfrýjunardómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að greinin væri meiðandi og hefði að geyma alvarlegar dylgjur sem skorti hlutlægan grundvöll fyrir. Þá taldi dómstóllinn að birting greinarinnar síðar á landsvísu hefði verið til þess fallin að meiða æru Musottos enn frekar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að með dómi í máli kæranda hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstæða

Dómstóllinn leit til aðstæðna sem ríktu þegar kærandi ritaði greinina. Dómstóllinn tók fram að það væri ekki hans hlutverk að meta hvort þau störf sem Musotto tók að sér hefðu verið ósambýðanleg. Það væri engu að síður staðreynd að slíkar aðstæður væru til þess fallnar að skapa vafa um hversu skynsamlegar ákvarðanir háttsettur stjórnmalamaður í héraðinu hefði tekið í tengslum við réttarhöld sem varðaði alvarlegt afbrot. Grein kæranda var þannig hluti af samfélagslegri umræðu um málefni sem varðaði almenning. Þessu til stuðnings höfðu ýmsar greinar frá því í september 1994 fjallað um hið tvöfalda hlutverk Musottos. Musotto var stjórnmalamaður, þegar atburðir þessir áttu sér stað og gegndi lykilhlutverki í stjórn héraðsins. Hann mátti því búast við því að athafnir hans sættu gaumgæfilegri skoðun fjölmiðla. Ennfremur vissi hann, eða mátti vita, að með því að halda áfram störfum sínum sem verjandi eins sakbornings í umfangsmiklu sakamáli gegn meðlimum mafíunnar þar sem hagsmunir héraðsstjórnarinnar voru m.a. til skoðunar gæti hann gefið tilefni til beittrar gagnrýni. Það leiddi þó ekki til þess að Musotto missti réttinn til að vera talinn saklaus þar til sekt væri sönnuð og að þurfa ekki að þola ásakanir sem ættu sér enga stoð.

Eftir að hafa skoðað efni greinarinnar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þar væri hvergi á beinan hátt gefið til kynna að Musotto hefði framið afbrot eða hefði verndað hagsmuni mafíunnar. Dómstóllinn taldi að yfirlýsingarnar í greininni gætu ekki verið túlkaðar sem svo að Musotto hefði viljandi tengt sig við mafíuna. Fremur hefði kærandi tjáð þá skoðun sína að fulltrúi héraðsstjórnarinnar gæti orðið fyrir áhrifum, a.m.k. að einhverju marki, vegna hagsmuna kjósenda hans. Þessi skoðun færi ekki út fyrir mörk tjáningarfrelsis í lýðræðislegu þjóðfélagi. Í tengslum við þá hluta greinarinnar sem teldust vera kaldhæðnislegir minnti dómstóllinn á að blaðamenn hafa visst frelsi til að vera ögrandi. Ennfremur hefðu yfirlýsingar í greininni ekki náð því að vera móðganir og ekki væri hægt að segja að þær væru ónauðsynlega eða óréttlætánlega særandi heldur hefðu fremur tengst þeim aðstæðum sem kærandi var að segja frá. Þá benti dómstóllinn á að meginstaðreyndirnar í málinu hefðu ekki verið vefngar.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að greinin hefði ekki verið ónauðsynleg eða óréttlætánleg persónuleg árás á Musotto. Að lokum benti dómstóllinn á að þær fjárhæðir sem kærandi var dæmdur til að greiða í ljósi fjárhags hans væru til þess fallnar að letja hann til að upplýsa almenning um málefni sem varða almannahag.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að með sakfellingu kæranda hefði ekki verið gætt meðalhófs og hún hefði ekki verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Því hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Kæranda voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 60.000 evrur í skaðabætur og 12.000 evrur í málskostnað.

Chalabi gegn Frakklandi

Dómur frá 18. september 2008

Mál nr. 35916/04

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Gildisdómar. Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærandi, Nadji Chalabi, er franskur ríkisborgari, fæddur árið 1958 og búsettur í Vaulx-en-Velin í Frakklandi.

Málið varðar ummæli sem höfð voru eftir honum í tímaritsviðtali við hann um Kabtane, stjórnanda stóru moskunnar í Lyon, en þau leiddu til þess að hann var sakfelldur fyrir ærumeiðingar í meiðyrðamáli. Viðtalið sem um ræðir var hluti greinar um starfslok Kabtane við moskuna og birtist í tímariti í Lyon í nóvember árið 2001. Í viðtalinu lýsti kærandi, sem setið hafði í stjórn moskunnar á meðan Kabtane var við störf, aðstæðum í tengslum við starfslok stjórnandans sem hafði verið leiðtogi moskunnar frá árinu 1994. Í viðtalinu gagnrýndi kærandi harðlega framferði og störf Kabtane, sér í lagi stjórnunarstíl hans og fjárhagslega stjórn moskunnar. Einnig kom fram hörð gagnrýni á trúarlega iðkun og þekkingu Kabtane.

Kabtane höfðaði meiðyrðamál á hendur kæranda, útgáfu blaðsins og framkvæmdastjóra hennar vegna ummælanna. Í maí árið 2003 komst dómstóll að þeirri niðurstöðu að hluti ummælanna teldust ærumeiðandi í garð stjórnandans. Um var að ræða ummæli kæranda sem lutu að því hvernig Kabtane hefði hlotið starf stjórnanda moskunnar. Kærandi svaraði á þann veg að það hefði verið heppilegt fyrir alla, sér í lagi stjórnmalamenn, sem vissu að hæfni mannsins væri vafasöm. Vísaði hann til þess að Kabtane myndi ekki verða til vandræða þar sem hann hefði litla þekkingu á trúarbrögðum. Með því að fela honum stjórn moskunnar hefði ró færst yfir störf hennar og að mati kæranda hlyti það að skapa ró í samfélaginu. Dómstóll taldi þessi ummæli ærumeiðandi í garð Kabtane og gerði bæði kæranda og framkvæmdastjóra útgáfunnar að greiða bætur að andvirði 1.500 evrur. Að auki var þeim gert að greiða 1.000 evrur í málskostnað. Kærandi áfrýjaði en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið í bága við rétt hans til tjáningarfrelsis sem verndað væri af 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn benti á að helsta umfjöllunarefni greinarinnar sem um ræddi hefði verið rekstur og fjármögnun moskunnar sem hafði verið mjög umdeilt mál á þeim tíma sem hún birtist og starfslok stjórnandans voru

10. gr. Tjáningarfrelsi

rædd í því samhengi. Auk þess hafði verið fjallað um málið bæði í öðrum svæðisfjölmiðlum og fjölmiðlum á landsvísu.

Að mati dómstólsins væru fjármögnun og stjórnun bænahúsa málefni sem varðaði almannahagsmuni þeirra trúarhópa sem um ræddi hverju sinni sem og samfélagsins í heild sinni. Stjórnandi opinberra bænahúsa væri því almannaþersóna í ljósi stöðu sinnar og eðlis þeirra starfa sem hann gegndi. Sem stjórnandi moskunnar var Kabtane í forsvari fyrir múslimasamfélagið í Lyon og þar með hefði hann gengist undir að störf hans gætu leitt til umfjöllunar og gagnrýni í samfélaginu.

Með hliðsjón af því samhengi sem greinin var skrifuð í og að ummæli kæranda birtust sem hluti hennar, var það mat dómstólsins að um væri að ræða gildisdóma frekar en staðreyndir sem settar væru fram á ósvifinn hátt.

Dómstóllinn komst að annarri niðurstöðu en franskur dómstóllinn og taldi að gögn máls staðfestu að umfjöllunarefni greinarinnar átti að mörgu leyti við rök að styðjast. Að auki hefði opinber rannsókn farið fram á því hvort stjórnandinn hefði gerst sekur um fjárdrátt og fjársvik og var henni ekki lokið þegar greinin birtist. Þrátt fyrir regluna um að einstaklingur skyldi talinn saklaus uns sekt hans væri sönnuð með dómi, átti efni greinarinnar við nokkur rök að styðjast. Dómstóllinn taldi engin ummæli kæranda vera þess eðlis að takmarka ætti tjáningarfrelsi hans um efnið.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að sakfelling kæranda fyrir ærumeiðandi ummæli væri takmörkun á tjáningarfrelsi hans sem gæti ekki talist nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi. Af þeim sökum hefði verið brotið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Kæranda voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 1.500 evrur í miskabætur.

Juppala gegn Finnlandi

Dómur frá 2. desember 2008

Mál nr. 18620/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Börn. Grunur um slæma meðferð. Refsing fyrir rangar sakargiftir.

1. Málsatvik

Kærandi, Eine Juppala, er finnskur ríkisborgari, fædd 1929 og búsett í Ylöjärvi í Finnlandi. Hinn 20. júlí 2000 fór hún með dótturson sinn, sem var þriggja ára á þeim tíma, til læknis vegna marbletta á baki. Skýrði hún læknum frá grunsemdum sínum um að faðir drengsins, T, hefði valdið áverkunum og jafnframt að hegðun drengsins hefði verið undarleg eftir að hann hefði verið hjá T. Jafnframt tjáði hún læknum að drengurinn hefði sagt sér að hann hefði verið laminn. Læknirinn ritaði í skýrslu sína að marblettirnir gætu hafa orsakast af barsmíðum og að drengurinn hefði aðspurður endurtekið að faðir hans hefði

10. gr. Tjáningarfrelsi

lamið sig. Síðar sama dag gerði læknirinn barnaverndaryfirvöldum viðvart þótt kærandi hefði óskað eftir því að skýrsla hennar yrði ekki afhent þeim.

Hinn 17. ágúst kærði T kæranda til lögreglu og krafðist þess að rannsakað yrði hvort kærandi hefði framið refsivert brot með því að hafa borið rangar sakir á hann. Hinn 26. apríl 2001 var kærandi ákærð fyrir að hafa borið rangar sakir á T og gefið lækninum upplýsingar sem gáfu í skyn að T hefði ráðist á son sinn og að það hefði gerst nokkrum sinnum, en hún hefði ekki nægjanlega ástæðu til að styðja slíka ásökun. T krafðist miskabóta í málinu. Undirréttur sýknaði kæranda á þeim grundvelli að það væri óljóst hvort kærandi hefði gefið í skyn að faðirinn hefði lamið son sinn eða hvort það sem fram kæmi í skýrslu læknisins væri hans eigin skilningur sem grundvallaðist á samtölum hans við kæranda og barnið. Áfrýjunardómstóll sneri niðurstöðu undirréttar við og sakfelldi kæranda. Var henni gert að greiða 3.365 evrur í miskabætur og málskostnað. Áfrýjunardómstóllinn átalði sérstaklega að kærandi hafði rætt marblettina við drenginn sem var aðeins þriggja ára gamall. Það að drengurinn hefði sagt lækninum að faðir sinn hefði lamið sig taldist ekki vera nægjanleg ástæða fyrir ásökun um slæma meðferð. Kærandi hefði ekki gefið neinar aðrar ástæður sem hún byggði ásökun sína á.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að með sakfellingu hennar hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans, hún hefði aðeins af fullri hreinskilni vakið máls við lækni á mögulegri skýringu fyrir marblettum drengsins.

Niðurstaða

Báðir aðilar voru sammála um að niðurstaða dómsins fæli í takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda og að hún hefði stefnt að því lögmæta markmiði að vernda orðspor og réttindi annarra. Dómstóllinn féllst á að takmörkunin ætti sér stoð í finnskum lögum og væri byggð á eðlilegri túlkun refsheimilda sem voru í þeim hegningarlögum sem giltu á þeim tíma og jafnframt að miskabæturnar ættu stoð í skýru lagaákvæði í skaðabótalögum. Dómstóllinn taldi að lykilsurningin væri sú hvernig ætti að finna jafnvægi á milli þess annars vegar að foreldri sé ranglega haft fyrir sök um að hafa misnotað barn sitt og örðugleika á að staðfesta slæma meðferð á börnum og hins vegar að vernda börn sem eru í hættu á að verða fyrir alvarlegum skaða. Dómstóllinn taldi það sérstaklega varhugavert að áfrýjunardómstóllinn hefði lýst yfir þeirri skoðun að jafnvel þó að það væri hafði yfir vafa að hún hefði séð mar á baki barnabarns síns að kæranda hefði ekki verið heimilt að lýsa því sem barnabarn hennar hafði sagt við hana, jafnvel þótt drengurinn hefði endurtekið það þegar læknirinn spurði hann. Ennfremur yrði að vera mögulegt að vekja athygli á því í góðri trú ef grunsemdir væru uppi um slæma meðferð barns og koma slíkum upplýsingum

10. gr. Tjáningarfrelsi

í viðeigandi farveg án þess að þurfa að óttast að vera saksóttur eða krafinn um bætur.

Því hafði hvorki verið haldið fram fyrir dómstólum Finnlands né fyrir dómstólum að kærandi hefði hagað sér af gáleysi, þ.e. að vera sama um hvort ásökun um misnotkun hefði verið ígrunduð eða ekki. Þvert á móti hefði heilbrigðisstarfsmaður sett fram sitt eigið mat á aðstæðum og hafði með réttu talið að gera ætti barnaverndaryfirvöldum viðvart. Dómstóllinn taldi því að afskiptin hefðu ekki mætt neinni aðkallandi samfélagsþörf sem réttlætti þau. Dómstóllinn komst því einróma að því að 10. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Kæranda voru dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 3.614 evrur í skaðabætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans. Auk þess voru kæranda dæmdar 2.695 evrur í málskostnað.

Frankowicz gegn Póllandi

Dómur frá 16. desember 2008

Mál nr. 53025/99

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

Síðareglur lækna. Agaviðurlög. Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll.

1. Málsatvik

Kærandi, Ryszard Frankowicz, er pólskur ríkisborgari, fæddur 1952 og búsettur í Tarnów í Póllandi. Hann er kvensjúkdómalæknir og var forseti samtaka sem berjast fyrir réttindum sjúklinga í Póllandi. Í ágúst 1995 stofnaði kærandi fyrirtæki sem veitti m.a. ráðgjöf til sjúklinga vegna umkvartana í tengslum við lækni meðferðir. Kærandi ritaði skýrslu um J.M. sem hafði fengið lækni meðferð á heilsugæslustöð í Tarnów og byggði á sjúkraskýrslum sem kærandi aflaði sér. Hann gagnrýndi lækni meðferðina og taldi að heilsa J.M. hefði versnað vegna hennar en hann þjáðist bæði af lifrabólgu og skorpulifur. Var kærandi í kjölfarið kærður fyrir að hafa rýrt traust á öðrum læknum og gefið álit sitt á flókinni meðferð utan sérsviðs síns. Kærandi hlaut áminningu frá sérdómstól um agaviðurlög lækna fyrir að hafa brotið gegn síðareglum lækna. Hann áfrýjaði málinu til æðri dómstóls en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. og rétti til réttlátrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstól samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstæða

Um 10. gr.: Dómstóllinn taldi að áminning kæranda hafi falið í sér afskipti af tjáningarfrelsi hans en áminningin gildi í þrjú ár. Þá tók dómstóllinn fram að takmörkunin ætti sér stoð í lögum og stefndi að lögmatu markmiði, þ.e. vernd réttinda og orðspors annarra. Dómstóllinn tók fram að álit kæranda var gefið í kjölfar þess að J.M. hafði leitað til hans og óskað þess. Þá hefði kærandi látið J.M. álitid í té sem hefði nýtt það að eigin vild. Hins vegar væru engin merki þess að álitinu hefði síðar verið dreift eða það gert opinbert. Dómstóllinn féllst á að vegna eðlis sambands læknis og sjúklings sem byggist á trausti og trúnaði geti verið þörf á að tryggja samstöðu innan læknaastéttarinnar. Dómstóllinn benti engu að síður á þann rétt sjúklings að eiga ávallt kost á að fá álit annars læknis og hlutlægt mat á athöfnum læknis síns. Í máli kæranda hefðu yfirvöld komist að niðurstöðu án þess að reyna að staðreyna sannleiksgildi niðurstæðna læknisfræðilegs álits kæranda. Niðurstæðan byggðist á algeru banni í Póllandi við allri gagnrýni milli lækna. Dómstóllinn leit til þess að afleiðing algers banns væri sú að það gæti latt lækna til að setja fram hlutlægt álit á heilsu og meðferð sjúklunga sem gæti sett sjálfan tilgang heilbrigðisstéttarinnar um vernd heilbrigði og lífs í hættu. Þá leit dómstóllinn til þess að landsdómstólar hefðu ekki tekið tillit til þess hvort samfélagslegir hagsmunir voru í húfi. Álit læknisins hefði ekki verið persónuleg áráð á annan lækni heldur gagnrýnin læknisfræðileg afstæða. Dómstóllinn taldi því að ekki hefði verið gætt meðalhófs við takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Um 1. mgr. 6. gr.: Kærandi taldi að dómáramur í máli hans fyrir landsdómstólum hefðu ekki verið nægilega sjálfstæðir og óvilhallir. Flestir dómáramur í máli hans hefðu verið læknar og meðlimir ákveðinna samtaka lækna og hefðu því bæði eigin hagsmuna að gæta og líklegir til að sæta þrýstingi frá yfirvöldum í Tarnów. Mannréttindadómstóllinn taldi efasemdir kæranda um sjálfstæði og hlutleysi meðlima læknadómstólsins ekki nægilega rökstuddar en hann hefði ekki getað sýnt fram á nein merki þess að yfirvöld í Tarnów hefðu beitt dómáramu þrýstingi. Dómstóllinn leit einnig til þess hvernig læknadómstóllinn hefði verið skipaður. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 6. gr. MSE hefði ekki verið brotin.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur.

Khurshid Mustafa og Tarzibachi gegn Svíþjóð

Dómur frá 16. desember 2008

Mál nr. 23883/06

10. gr. Tjáningarfrelsi

Sjónvarpsútsendingar. Réttur til að taka við upplýsingum.

1. Málsvik

Kærendur, Adnan Khurshid Mustafa og eiginkona hans Weldan Tarzibachi, eru sænskir ríkisborgarar af íröskum uppruna. Þau eru fædd 1957 og 1963 og búsett í Västeras í Svíþjóð. Þau eiga saman þrjú börn. Kærendur leigðu íbúð í fjölbýlishúsi í Rinkeby, úthverfi Stokkhólms, frá 1. nóvember 1999. Í leigusamningi var ákvæði þess efnis að þau mættu ekki án sérstaks leyfis setja upp gervihnattadisk. Þegar kærendur fluttu inn var gervihnattadiskur á framhlið hússins við hlið eins gluggans á íbúð þeirra. Kærendur nýttu sér hann til að taka á móti sjónvarpsendingum á arabísku og farsí. Í október 2003 urðu eigendaskipti á íbúð kærenda og nýr eigandi tók við leigusamningnum. Nýi leigusali skipaði kærendum að taka gervihnattadiskinn niður á grundvelli ákvæða leigusamningsins. Kærendur urðu ekki við því. Hinn 2. apríl 2004 skrifaði leigusali kærendum því bréf þar sem hann tilkynnti þeim um riftun leigusamningsins. Í bréfinu var jafnframt tekið fram að staðsetning gervihnattadiskins skapaði hættu á skemmdum á eignum og slysum á fólki sem hann myndi sjálfur þurfa að lokum að bera ábyrgð á sem húseigandi. Skömmu síður tóku kærendur niður gervihnattadiskinn en þess í stað settu þau upp járnfestingu í eldhúsi með armi sem var hægt að teygja út um gluggann og var nýr gervihnattadiskur festur þar á. Í samræmi við ráðgjöf verkfræðings á öryggi þessa tækjabúnaðar festu kærendur einnig vír við gervihnattadiskinn. Óskuðu kærendur eftir því að fallið yrði frá riftun leigusamningsins á þeim forsendum að þau hefðu orðið við ósk hans um að taka niður fyrri gervihnattadisk, ný gervihnattadiskurinn væri í samræmi við öryggiskröfur og að meta yrði hagsmuni leigusala eftir leigulögum í ljósi réttar kærenda til að taka við upplýsingum sem verndaður væri m.a. í 10. gr. mannréttindasáttmálans. Andmælti leigusali engu að síður og bætti við að í undirbúningi væri að leggja breiðband í húsinn og veita leigjendum internet-aðgang sem myndi gera kærendum kleift að móttaka þær erlendu sjónvarpsstöðvar sem þau óskuðu. Leiguráð féllst á málatilbúnað kærenda en áfrýjunarréttur ákvarðaði leigusalanum í vil 20. desember 2005. Kærendur héldu því fram að vegna þess hve erfitt væri að fá leiguíbúðir í Stokkhólmi og vegna þess að þau hefðu fengið útburðarkröfu á sig hefðu þau þurft að flytja til Västeras um 110 km frá Stokkhólmi. Þetta hefði í för með sér dýrari samgöngur til að komast til og frá vinnu og röskun fyrir börnin sem þurftu að skipta um skóla og yfirgefa vini sína.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kærenda laut að því að brotið hefði verið gegn rétti þeirra til að

10. gr. Tjáningarfrelsi

taka við upplýsingum samkvæmt 10. gr. sáttmálans og einnig gegn friðhelgi heimilisins samkvæmt 8. gr. því fjölskyldan hefði verið neydd til að flytja frá heimili sínu í Rynkeby.

Niðurstaða

Um 10. gr.: Dómstóllinn taldi að málið félli undir gildissvið 10. gr. sáttmálans þar sem áfrýjunardómstóll í Svíþjóð hefði ekki eingöngu dæmt á grundvelli leigusamnings tveggja einkaréttarlegra aðila heldur einnig túlkað leigulög og lagt mat á rétt kæranda til að taka á móti upplýsingum samkvæmt sænsku stjórnarskránni. Dómstóllinn leit til þess að gervihnattadiskurinn gerði kændum kleift að horfa á sjónvarpsefni á arabísku og farsí frá upprunalandi þeirra, Írak. Meðal efnisins voru pólitískar og samfélagslegar fréttir sem þau höfðu sérstaka hagsmuni af sem innflytjendafjölskylda sem vildi viðhalda tengslum við menningu og tungu upprunalands síns. Á þeim tíma er um ræddi hefðu ekki verið neinar aðrar leiðir til að fá aðgang að efninu og ekki var mögulegt að staðsetja diskinn annars staðar. Þá væri ekki hægt að jafna fréttum úr erlendum dagblöðum og útvarpsstöðvum við upplýsingar sem fengjust í gegnum sjónvarpsútsendingu. Ennfremur áttu áhyggjur leigusalans um öryggi ekki neina stoð þar sem sýnt var fram á að uppsetningin var örugg. Jafnframt hefði útburður á kændum og börnum þeirra þremur verið úr hófi miðað við það lögmæta markmið sem að var stefnt, þ.e. hagsmunir leigusalans af því að viðhalda reglu og góðri venju. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að takmörkun á rétti kæranda til að taka við upplýsingum hefði ekki verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Var það einróma niðurstaða dómstólsins að 10. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að skoða málið út frá 8. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kændum dæmdar 6.500 evrur í skaðabætur og 5.000 evrur í miskabætur. Auk þess voru kændum dæmdar 10.000 evrur í málskostnað.

TV Vest og Rogaland Pensjonistparti gegn Noregi

Dómur frá 11. desember 2008

Mál nr. 21132/05

10. gr. Tjáningarfrelsi

Stjórnmálaflokkar. Bann við sjónvarpsauglýsingum.

1. Málsatvik

Kærandur eru TV Vest hf., sjónvarpsstöð í Stafangri í Noregi, og svæðisfélag norsks stjórnmálaflokks, Rogaland Pensjonistparti. Málið tengist sekt sem var lögð á TV Vest fyrir að birta auglýsingar fyrir stjórnmálaflokkinn án heimildar fyrir sveitarstjórnarkosningar árið 2003.

Hinn 12. ágúst 2003 tilkynnti TV Vest norsku fjölmiðlastofnuninni að það

10. gr. Tjáningarfrelsi

hygðist sýna þrjár fimmtán sekúndna langar auglýsingar, sjö sinnum á dag á átta daga tímabili fyrir stjórnmalaflokkinn. Auglýsingarnar voru sýndar á tíma-bilinu 14. ágúst til 13. september 2003 og kostuðu stjórnmalaflokkinn um 3.730 evrur. Í auglýsingunum var stutt kynning á flokknum og hvatning til að kjósa hann í komandi kosningum. Hinn 27. ágúst 2003 varaði fjölmiðlastofnunin TV Vest við að stöðin gæti sætt sekt fyrir að rjúfa bann við pólitískum auglýsingum í sjónvarpi samkvæmt ákvæðum í fjölmiðlalögum frá 1992 og reglugerð um fjölmiðlun. Hinn 10. september 2003 sektaði stjórnvaldið TV Vest um 4.351 evrur fyrir að brjóta bannið um pólitískar auglýsingar. TV Vest skaut þeirri ákvörðun til dómstóls í Osló sem staðfesti hana. Afrýjun TV Vest til Hæstaréttar Noregs bar ekki árangur. Kom fram í dómi Hæstaréttar Noregs að það að leyfa stjórnmalaflokkum og hagsmunahópum að auglýsa í sjónvarpi gæfi fjárhagslega sterkari flokkum meira svigrúm til að kynna skoðanir sínar en þeim flokkum sem ekki eins fjársterkir. Stjórnmalaflokkurinn hefði mörg önnur úrræði til að koma skilaboðum sínum á framfæri við almenning.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að álagning sektar á sjónvarpsstöðina fyrir að birta auglýsingu á stjórnmalaflokki hefði brotið gegn 10. gr. sáttmálsans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að TV Vest hefði verið sektað á þeim grundvelli að það hefði brotið gegn banni við pólitískum auglýsingum í sjónvarpi samkvæmt fjölmiðlalögum. Bannið væri varanlegt og algilt og næði eingöngu til sjónvarpsstöðva. Heimilt væri að birta pólitískar auglýsingar í öðrum fjölmiðlum. Dómstóllinn vakti athygli á því að um álitaefnið ríkti ekki samstaða meðal aðildarríkja. Hvert ríki hefði sína sögu og hefð sem leiddi til mismunandi viðhorfa um hve nauðsynlegt slíkt bann væri og hvort það væri „nauðsynlegt“ svo „lýðræðislegt“ kerfi virki á skilvirkan hátt. Dómstóllinn féllst á það að skortur á samræmi um þetta á milli ríkja leiddi til þess að aðildarríki hefðu meira svigrúm en ella þegar um væri að ræða ákvarðanir sem snertu stjórnmaláumræðu.

Dómstóllinn benti á að rökin að baki banninu væru, eins og hefði komið fram í dómi Hæstaréttar Noregs, að svo áhrifarík og útbreidd leið til að miðla upplýsingum væri líkleg til að draga úr gæðum stjórnmaláumræðu almennt séð. Auðvelt væri að gefa skekka mynd af flóknum álitaefnum og fjársterkir stjórnmalaflokkar hefðu meiri tækifæri til að kynna skoðanir sínar með þessum hætti. Dómstóllinn tók fram að Rogaland Pensjonistparti félli ekki undir þá flokka eða hópa sem banninu hefði verið beint gegn. Stjórnmalaflokkurinn hefði í reynd tilheyrt þeim hópi sem banninu hefði verið ætlað að vernda. Ennfremur hefði, andstætt stærri flokkunum sem hefðu fengið mikla sjónvarpsumfjöllun, varla verið minnst á flokkinn í sjónvarpi. Því hefðu keyptar auglýsingar verið eina úrræði flokksins til að koma skilaboðum sínum á framfæri í gegnum sjónvarp.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Þar sem flokknum var óheimilt samkvæmt lögum að nýta sér þann möguleika væri hann í lakari stöðu en stærri flokkarnir.

Að lokum tók dómstóllinn fram að þessar tilteknu auglýsingar, þ.e. stutt lýsing á flokknum og hvatning til að kjósa hann, hefðu ekki verið þess eðlis að draga úr gæðum stjórnmálaumræðu. Dómstóllinn benti á þá staðreynd að sjónvarp hefði meiri áhrif en aðrir fjölmiðlar og í ljósi þess hefði bannið og sektin ekki verið réttlætanleg.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu, jafnvel þegar gætt væri að svigrúmi ríkisins til mats um þetta málefni, að ekki hefði verið gætt meðalhófs og að takmörkunin hefði ekki verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að 10. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Eva Molnar gegn Ungverjalandi

Dómur frá 7. október 2008

Mál nr. 10346/05

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Útifundur. Tilkynningarskylda. Afskipti lögreglu.

1. Málsvik

Kærandi, Eva Molnar, er ungverskur ríkisborgari, fædd árið 1954 og búsett í Engelskirchen í Þýskalandi. Í kjölfar þingkosninga í Ungverjalandi árið 2002 tók hún þátt í mótmælafundi í Búdapest sem leystur var upp af lögreglu. Var sú ákvörðun tekin á grundvelli löggjafar um fjöldafundi. Í lögunum er sett það skilyrði að tilkynna skuli lögreglu um útifundi áður en þeir hefjast og að fundir megi ekki trufla umferð. Þar sem ekki var tilkynnt um fundinn fyrirfram og þar sem hann olli stöðvun umferðar var ákveðið að leysa hann upp.

Kærandi höfðaði mál fyrir dómstólum og krafðist viðurkenningar á því að afskipti lögreglu hefðu verið ólögmat. Undirréttur hafnaði kröfum hennar í október árið 2003. Þar var tekið fram að tilkynningarskylda um fjöldafundi ætti við um hvers konar fundi, mótmælafundi sem aðra fundi. Þar sem þessari skyldu hefði ekki verið sinnt hefði lögregla ekki átt neinna annarra kosta vöð en að leysa fundinn upp. Bent var á að tilkynningarskyldan þjónaði almannahagsmunum þar sem ávallt þyrfti að tryggja réttindi og hagsmuni annarra og hugsanlega gripa til varúðarráðstafana ef líkur væru á að fundur skapaði glundroða eða umferðaröngþveiti. Dómur þessi var staðfestur af yfirrétti í júlí árið 2004.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að leysa upp mótmælafundinn á grundvelli þess að ekki hefði verið tilkynnt um hann fyrirfram hefði verið brotið í bága við rétt hennar til funda- og félagafrelsis samkvæmt 11. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mat dómstólsins var að með því að leysa upp mótmælafundinn hefði verið stefnt að lögmætum markmiðum í skilningi 2. mgr. 11. gr. sáttmálans, þ.e. að því að firra glundroða og vernda réttindi annarra. Bent var á að yfirvöld gripu til aðgerða í ljósi þess að um ólögmatan mótmælafund væri að ræða en hann hefði leitt til þess að mikilvæg umferðaræð í Búdapest hefði teppst. Einnig var litið til þess að kærandi hefði tekið þátt í mótmælafundinum og að á honum hefði því einkum verið mótmælt að annar ólögmatgur mótmælafundur hefði verið leystur upp. Dómstóllinn lagði áherslu á það að mótmælafundurinn var ekki leystur upp fyrir en kl. 21 en hann hafði þá staðið frá kl. 13 fyrir um dag-

11. gr. Funda- og félagafrelsi

inn og kærandi tekið þátt í honum frá kl. 19. Hafði kærandi því haft nægan tíma til að sýna samstöðu með öðrum mótmælendum áður en fundurinn var leystur upp.

Með hliðsjón af framangreindu var það mat dómstólsins að afskipti lögreglu af fundinum, þ.e. sú takmörkun á réttindum kæranda til funda- og félagafrelsis, gætu ekki talist ósanngjörn. Þrátt fyrir að lögreglu hefði ekki verið tilkynnt um fundinn fyrirfram sýndu stjórnvöld nauðsynlega biðlund gagnvart honum. Þar sem mótmælafundurinn leiddi að endingu til umferðartafa og glundroða áttu stjórnvöld engra annarra kosta vöð en að leysa hann upp. Með hliðsjón af framangreindu og í ljósi þess að meðalhófs var gætt við takmörkunina á réttindum kæranda var það einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 11. gr. sáttmálans.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

R.K. og A.K. gegn Bretlandi

Dómur frá 30. september 2008

Mál nr. 38000/05

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Réttur til að fá úrlausn dómstóls um réttindi.

14. gr. Bann við mismunun

Samtök Votta Jehóva o.fl. gegn Austurríki

Dómur frá 31. júlí 2008

Mál nr. 40825/98

Sjá reifun dómsins undir 9. gr.

Skráð trúfélög. Skilyrði skráningar. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi

Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 23. september 2008

Mál nr. 46461/06

Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka.

Carson o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 4. nóvember 2008

Mál nr. 42184/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Lífeyrisgreiðslur. Mismunun vegna búsetu.

1. Málsatvik

Kærendur eru Annette Carson (f. 1931) og tólf aðrir breskir ríkisborgarar á eftirlaunaaldri. Kærendur höfðu starfað í Bretlandi stærstan hluta starfsævi sinnar og greitt full framlög í Tryggingaiðgjaldasjóð ríkisins áður en þeir fluttu til Suður-Afríku, Ástralíu og Kanada. Árið 2002 krafðist einn kæranda, Carson, endurskoðun dómstóla á þeirri ákvörðun að uppfæra ekki lífeyri hennar í samræmi við vísitölu í búsetulandi hennar. Taldi hún sig hafa orðið fyrir mismunun þar sem breskir lífeyrisþegar hlytu mismunandi meðferð eftir búsetu. Sér í lagi þar sem kærandi hafði unnið jafn lengi í Bretlandi, greitt sama framlag í sjóðinn og hefði sömu þörf fyrir viðunandi lífskjör á efri árum sínum, eins og lífeyr-

14. gr. Bann við mismunun

isþegar búsettir í Bretlandi eða öðrum löndum, þar sem mögulegt var að uppfæra lífeyri vegna gagnkvæmra tvíhliða samninga. Grunnlífeyrir hennar hafði verið sá sami frá þeim tíma er hún yfirgaf Bretland. Kærandi, sem nú er hætt störfum, hefur nær eingöngu lífeyrisgreiðslurnar úr sjóðnum sér til framfærslu.

Krafa hennar náði ekki fram að ganga á tveimur dómstigum og lauk með frávisun bresku lávarðadeildarinnar í maí 2005. Var sú niðurstaða studd þeim rökum að hún væri ekki í sambærilegri eða svipaðri stöðu og lífeyrisþegar á sama aldri, sem greitt hefðu sama framlag og væru búsettir í Bretlandi eða öðru ríki þar sem möguleiki var á að upphæð lífeyris yrði uppfærð í samræmi við vísitölu samkvæmt gagnkvæmum tvíhliða samningi milli ríkjanna. Jafnframt töldu innlendir dómstólar að kærandi og aðrir í sömu stöðu hefðu valið að búa utan Bretlands. Yrði fallist á rök kæranda væri dómssvaldið að grípa inn í pólitískar ákvarðanir sem vörðuðu úthlutun á almannafé.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur byggði á því að neitun breskra yfirvalda á að uppreikna lífeyrisgreiðslur til þeirra í samræmi við verðbólgu í búsetulandi þeirra fæli í sér mismunun. Jafnframt hefðu sumir kæranda þurft að velja á milli þess að gefa eftir stóran hluta þess lífeyris, sem þeir áttu rétt á, eða búa fjarri fjölskyldu sinni. Hefði því verið brotið á rétti þeirra samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. og 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Niðurstaða

Um 14. gr., sbr. 1. gr. 1. viðauka : Við mat á því hvort kærandur væru í sambærilegri stöðu og þeir bresku lífeyrisþegar, sem hefðu kosið að búa í Bretlandi, tók dómstóllinn fram að almannatryggingakerfi aðildarríkis væri ætlað að tryggja lágmarkslífskjör fyrir þá sem búsettir væru innan yfirráðasvæðis þess. Hvað varðaði framkvæmd á greiðslum úr lífeyris- eða almannatryggingakerfi væru einstaklingar sem búsettir væru innan aðildarríkis ekki sjálfkrafa í sambærilegri stöðu og þeir sem búsettir væru utan yfirráðasvæðis þess.

Dómstóllinn taldi varasamt að telja stöðu kæranda sambærilega við stöðu annarra breskra lífeyrisþega sem búsettir eru í ríkjum utan Bretlands, þar sem mögulegt væri að leiðrétta lífeyri samkvæmt gagnkvæmum tvíhliða samningum. Tryggingaiðgjaldasjóður breska ríkisins væri aðeins hluti flókins tryggingakerfis Bretlands og í hann rynnu skattar og gjöld frá ýmsum tekjustofnum ríkisins sem notaðir eru til að fjármagna almannatrygginga- og heilbrigðiskerfi Bretlands. Greiðslur kæranda í sjóðinn á meðan þeir unnu í Bretlandi vógu því ekki þyngra en greiðsla tekjuskatts eða annarra skatta á meðan þeir voru búsettir þar. Að auki var ekki auðvelt að bera saman aðstæður íbúa nálægra ríkja með svipuð efnahagsleg skilyrði, vegna ólíkrar löggjafar um almannatryggingar, skattlagningu, verðbólguþig, vexti og gjaldeyrisviðskipti.

14. gr. Bann við mismunun

Þrátt fyrir þau rök kæranda, að ákvörðun ellilífeyrisþega að flytjast til útlanda gæti verið byggð á margvíslegum ástæðum, t.d. vilja til að vera nálægt fjölskyldumeðlimum, væri hún engu að síður byggð á frjálsum vali. Dómstóllinn féllst á rök breska ríkisins að við þær aðstæður væri ekki þörf á jafn mikilli vernd gegn mismunandi meðferð líkt og þegar um mismunun byggist á kynferði, kynþætti eða þjóðerni. Að auki hafði breska ríkið gripið til aðgerða, með útgáfu bæklinga sem vísuðu til reglugerðar frá árinu 2001 um uppfærslu almannatrygginga, til að upplýsa þá íbúa Bretlands, sem flyttu til útlanda um að lífeyrir væri ekki uppfærður í samræmi við vísitölu í ákveðnum löndum. Þá staðreynd hefðu kændur getað haft í huga við ákvörðun sína um að flytjast frá Bretlandi.

Líkt og breskir dómstólar lögðu áherslu á, voru gagnkvæmir tvíhliða samningar Bretlands við önnur ríki raktir til sögulegra ástæðna og aðstæðna í hverju samningsríki. Slíkir samningar væru afleiðing þess sem samningsaðilar hefðu á hverjum tíma orðið ásáttir um og væru til þess gerðir að veita gagnkvæma almannatryggingaaðstoð í heild sinni, ekki aðeins hvað varðar uppreikning lífeyris. Að mati dómstólsins fór breska ríkið því ekki fram úr mjög víðtækum heimildum sínum til að móta efnahagsstefnu með því að gera aðeins slíka gagnkvæma samninga við ákveðin lönd. Dómstóllinn taldi jafnframt að hin mismunandi meðferð hafði verið réttlætt með vísan til hlutlægra og málefnalega ástæðna. Því hefði ekki verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 14. gr., sbr. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um 14. gr., sbr. 8. gr.: Dómstóllinn taldi ofangreind rök eiga jafnframt við um ætlað brot ríkisins gegn 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans. Var því ekki nauðsynlegt að skoða þann hluta kærunnar sérstaklega.

Einn dómari skilaði séráliti.

Björn Guðni Guðjónsson gegn Íslandi

Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 2. desember 2008

Mál nr. 40169/05

Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka.

Fiskveiðiréttindi. Netlög. Almennar takmarkanir á eignarrétti.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi
Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 23. september 2008

Mál nr. 46461/06

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Löggjöf um þjóðlendur. Hugtakið eign. Sönnun um eignarrétt.

MÁLSATVIK

Kærendur eru Þorlákur Örn Bergsson, f. 1952, Guðjón Bergsson, f. 1939, Anna Sigríður Jóhannsdóttir frá Hverhamri, f. 1949, Knútur Bruun, f. 1935, Ásdís Gunnarsdóttir f. 1944, Sigurður Magnússon, f. 1948, Sigríður Stefánsdóttir, f. 1916, Sigurjón Gunnarsson, f. 1943, og Gunnar Sigurjónsson, f. 1966. Þau eru eigendur jarðeigna sem nefndar eru, í sömu röð, Hof, Hof I og II, og Litla-Hof, í Örafum, og Hverhamar í Hveragerði. Þau telja sig einnig eiga jörðina Fjall, en sú jörð er efni kæru þeirrar sem lögð hefur verið fram samkvæmt samningnum.

Enn annar kærandi er *Kvísker ehf.*, einkahlutafélag stofnað samkvæmt íslenskum lögum, skráð til heimilis að Kvískerjum í Örafum, og er framkvæmdastjóri þess Gísli Sigurður Jónsson, f. 1955, Örafum. Kæra félagsins samkvæmt samningnum lýtur að því, að það telur sig eiganda að helmingi jarðar er Breiðármörk heitir.

Lögmennirnir Ragnar Aðalsteinsson og Ólafur Björnsson, sem báðir starfa á Selfossi, eru í fyrirsvari fyrir kærendur.

A. Málavextir

Samkvæmt upplýsingum kæranda má taka atvik málsins saman á eftirfarandi hátt.

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi ný lög, nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og eru þau hér á eftir nefnd „lögin frá 1998“. Fyrir gildistöku þeirra hafði verið litið svo á að allt land, sem ekki var undirorpið einkaeignarrétti, væri einskis manns eign, *res nullius*. Tilgangur laganna frá 1998 var að breyta þessu. Þannig var í 2. gr. þeirra kveðið svo á að íslenska ríkið væri eigandi alls lands sem ekki væri háð einkaeignarrétti. Enn fremur var samkvæmt 6. gr. sett á stofn nefnd, óbyggðanefnd, sem falið var að ákvarða mörk lands sem teljast skyldi í einkaeign manna eða lögaðila, og lands sem væri það ekki, og því í ríkiseign. Í slíkum tilvikum skyldi óbyggðanefnd einnig ákvarða hvort maður eða lögaðili ætti einhvern rétt til afnota af landinu.

Hinn 13. júlí 2000 tilkynnti óbyggðanefnd um þá fyrirætlun sína að taka til athugunar ákveðið svæði innan sveitarfélagsins Hornafjarðar. Birtu síðan fjár-

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

málaráðherra kröfur íslenska ríkisins til alls lands sem hann taldi ekki til lands í einkaeign manns eða lögaðila.

Í málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd héldu kærendur því fram að þeir væru eigendur hins umdeilda lands að lögum, þar sem

- (i) landið væri þeirra eign og réttur þeirra verndaður af 72. gr. stjórnarskrár Íslands og 1. gr. viðauka 1 við samninginn,
- (ii) landið hefði verið í einkaeign manna frá landnámi Íslands á 9. og 10. öld, og skilyrðum 2. gr. laganna frá 1998 væri því ekki fullnægt,
- (iii) hvorki íslenska ríkið né aðrir hefðu nokkru sinni vefengt eignarrétt þeirra eða fyrri eigenda. Þvert á móti hefði íslenska ríkið fyrir gildistöku laganna frá 1998 margsinnis komið fram gagnvart kærendum og fyrri eigendum sem einkaeigendum landsins; til dæmis hefðu þeir greitt skatta af eignum sínum og haft skrifleg afsöl fyrir þeim, sem íslenska ríkið hefði viðurkennt, og
- (iv) þeir sjálfir og fyrri eigendur landsins hefðu öldum saman nýtt sér hið umdeilda land á allan þann hátt sem raunhæfur var á hverjum tíma, svo sem með upprekstri til sauðfjárbeitar.

Til vara töldu kærendur sig hafa hefðað landið og þannig orðið eigendur þess.

Til þrautavara gerðu kærendur kröfu um að verða dæmdir eigendur að beitarrétti á hinu umdeilda landi.

Hinn 14. janúar 2003 komst óbyggðanefnd að niðurstöðu í samræmi við kröfur kærenda, og taldi að mörk almenninga og eignarlands á svæðinu skyldu fylgja jaðri Vatnajökuls eins og hann var við gildistöku laganna frá 1998, og að allt land ofan þeirra marka skyldi talið þjóðlenda og allt land neðan þeirra eignarland.

Íslenska ríkið bar síðan úrskurð óbyggðanefndar undir Héraðsdóm Austurlands, og krafðist þess að hið umdeilda land skyldi allt talið í ríkiseign í samræmi við 2. gr. laganna frá 1998.

Í dómi hinn 26. júní 2005 staðfesti héraðsdómur ákvörðun óbyggðanefndar. Enda þótt dómurinn teldi ekki sannað að kærendur hefðu beina eignarheimild að hinu umdeilda landi, þá væri skilyrðum fullnægt til að þeir teldust hafa hefðað það (2. gr. laga um hefð, nr. 46/1905).

Íslenska ríkið áfrýjaði dómi héraðsdóms til Hæstaréttar, sem með dómi upp kveðnum hinn 11. maí 2006 sneri við þeirri niðurstöðu héraðsdóms að kærendur hefðu öðlast eignarrétt að landinu fyrir hefð, en taldi að þeir ættu venjulegan beitarrétt á hinu umdeilda landi (5. gr. laganna frá 1998).

Hæstiréttur byggði úrlausn sína á eigin fordæmi frá 21. október 2004 (í máli nr. 48/2004). Samkvæmt þeim dómi var landeigendum ekki heimilt að nýta sér landamerkjabréf til að færa út land sitt eða önnur réttindi; landamerkjabréf dygði því ekki eitt sér, heldur yrði að styðja það öðrum gögnum til að sýna fram á eignarrétt.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Þannig taldi Hæstiréttur að hvað einn flokk varnaraðila snerti (sem kærendur tilheyrðu ekki) væri eignarréttur þeirra að tilgreindum hluta hins umdeilda lands studdur ákveðnum opinberum gögnum, auk landamerkjabréfs frá 1890. Þeirra á meðal var afsal sem eigendur gáfu út til menntamálaráðherra árið 1966 í tengslum við stofnun Þjóðgarðs, og ákvörðun gerðardóms árið 1969 um mörk landskipta, þar sem stórum hluta hins umdeilda lands var úthlutað til eigendanna (án þess að ríkið, sem aðili að málinu, hefði andmælt eignarréttinum). Einnig var þar yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá 1987, sem gefin var í tengslum við nýbýlisstofnun á svæðinu. Staðfesti Hæstiréttur því þá niðurstöðu héraðsdóms að krafa ríkisins gegn varnaraðilum skyldi ekki ná fram að ganga hvað þann hluta landsins snerti.

Hvað snertir kröfu hinna níu fyrstnefndu kæranda varðandi býlið Fjall tók Hæstiréttur til ítarlegrar athugunar allmargar heimildir, svo sem frásagnir í Landnámabók, gömlu íslensku handriti er lýsir nákvæmlega landnámi norrænna manna á Íslandi á 9. og 10. öld, máldaga Klemenskirku á Hofi frá 1343 og 1570, færslur í vísitásiubækur biskupa frá 1641, 1706 og 1748, jarðabók Ísleifs nokkurs Einarssonar frá 1709, Jarðatal á Íslandi eftir Jón nokkurn Johnsen, útgefið 1847, gerðabók jarðamatsmanna í Skaftafellssýslum frá 1849, lögfestu eigenda Hofa frá 7. apríl 1851 og andmæli eigenda bæjarins Fells í Suðursveit við henni, og sátt sem síðan var gerð hinn 8. júní 1854 milli eigenda Hofa og Fells.

Hæstiréttur beindi einnig athygli sinni að gerðabók fasteignamatsnefndar Austur-Skaftafellssýslu árið 1916, þar sem eftirfarandi var tekið fram um Hof:

„Upprekstrarland á jörðin: Breiðamerkurfjall, sem er langt frá, upp af miðjum Breiðamerkursandi; umkringtt jökli. ... Rekafjörur á jörðin: Hofsfjörur og Tangafjörur, ennfremur Fjallsfjörur fyrir Breiðamerkursandi.“

Að auki hafði Hæstiréttur hliðsjón af landamerkjabréfi frá 1922, og setti fram eftirfarandi rök:

„Landamerkjabréf var svo gert fyrir Hof 15. júlí 1922, þar sem meðal annars sagði eftirfarandi: „Enn fremur á jörðin Breiðamerkurfjall allt og land á Breiðamerkursandi, að vestan eru mörkin sem hjer segir: Toppurinn á Miðaftanstindi á Breiðamerkurfjalli sem beri í skarðið á Eiðnatindi í sama fjalli.“ Þá sagði einnig: „Fjörur á jörðin þessar: ... Fjallsfjara milli þessara marka: Að vestan: Toppurinn á Miðaftanstindi á Breiðamerkurfjalli skal bera í skarð í Eiðnatindi á nefndu fjalli. Að austan: Hærri þúfan á Máfabygðum skal bera austan í Múlahöfuðið sem er fremst austan á Breiðamerkurfjalli og landamörk þau sömu.“ Landamerkjabréf þetta var áritað um samþykki að því er snertir „fjörur og landamörk milli Tvískerja og Fjallsland“ af Ara nokkrum Hálfánarsyni, sem mun þá hafa verið hreppstjóri Hofshrepps, ásamt tveimur mönnum, sem sagðir voru „eigendur að $\frac{5}{6}$ í Kvískerjum“, svo og af nefndum Ara „að því er viðkemur eystri mörkum milli Fjallslands og Breiðamerkurlands“.

Í málinu liggja ekki fyrir aðrar eldri eða yngri þinglýstar heimildir um eignarrétt að landi þessu en síðastnefnt landamerkjabréf fyrir Hof frá 1922. Um

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

sönnunargildi slíkrar heimildar er áður rætt í dómi þessum að því er varðar mörk eignarlands gagnvart öðru landi, en það sama verður einnig að eiga við um gildi landamerkjabréfs sem heimildar um hver fari með eignarrétt að landi. Þegar metið er hvort önnur atriði hafi komið fram, sem stutt geta tilkall stefndu í þessum þætti málsins til lands Fjalls, er þess að gæta að í málflutningi þeirra fyrir Hæstarétti var því borið við að kirkjan að Hofi hafi frá öndverðu verið bændakirkja og lotið þannig forræði jarðeigenda, en eignir hennar hafi lagst til jarðarinnar ekki síðar en 1916, þegar kirkjan sem slík varð eign sóknarinnar. Með því að þessu var ekki mótmælt af áfrýjanda verður að leggja að jöfnu áðurgreindar heimildir um eignarréttindi Hofskirkju og eigenda jarðarinnar í landi Fjalls.

Þegar heimildir um eignarréttindi að landi þessu eru virtar má álykta af fyrrgreindum máldögum fyrir Hofskirkju frá árunum 1343 og 1387 að hún hafi eignast jörðina Fjall á þessu árabili og kann það að hafa gerst um það leyti, sem jörðin fór í eyði, svo sem getum hefur verið leitt að samkvæmt áðursögðu. Verður ekki annað ráðið af orðalagi yngri máldagans en að um beinan eignarrétt hafi verið að ræða að jörðinni. Eftir gerð hans liðu á hinn bóginn nærfeilt tvær aldir þar til næsta fyrirliggjandi heimild, Gíslamáldagi, var gerður. Þar var einskis getið um eignarréttindi kirkjunnar á Hofi að jörðinni Fjalli, en tekið fram að henni tilheyrði reki og önnur ítök að fornu fari. Áðurgreint orðalag í vísitásiubók Brynjólfs Sveinssonar frá 1641 verður ekki skilið á annan veg en að þar sé eingöngu rætt um ítaksréttindi Hofskirkju í landi Fjalls, sem hafi nánar tiltekið náð til fjöru ásamt beit í Fjallsfít og Breiðamerkurfjalli. Yngri vísitásiurnar tvær, frá 1706 og 1748, vísa í þá elstu um að Hofskirkja „eige“ Fjallsfít og Breiðamerkurfjall, auk réttinda yfir fjöru. Í ljósi þess að byggt var þar á efni elstu vísitásiunnar, sem ræddi í þessu sambandi um ítaksréttindi, er ekki unnt að líta svo á að í þeim yngri verði fundin sérstök stoð fyrir beinum eignarréttindum Hofskirkju. Í þeim efnum verður og að gæta að því að réttindin voru þar sögð varða tvo afmarkaða hluta landsins ásamt fjöru, en ekki landið í heild, svo sem legið hefði beint við ef jörðin sem slík hefði verið talin eign kirkjunnar. Líku marki er brennd umfjöllun um eyðijörðina Fjall í jarðabók frá 1709, þar sem þó sagði að „öll eign“ hennar hafi lagst til Hofskirkju, en af þeirri eign væri ekki annað eftir en Breiðamerkurfjall, sem umgirt væri af jökli og til lítilla nota, ásamt Fjallsfít og Fjallsfjöru. Þar sagði einnig um jörðina Hof að henni væri eignað „Fjall og Fjallsfít í Breiðármerkurlandi“ ásamt Fjallsfjöru, en eftir samhenginu verður ekki annað séð en að með fjalli hafi þar verið átt við Breiðamerkurfjall. Í jarðatali frá 1847 var vitnað til þess að í jarðabók frá 1805 hafi verið rætt um Fjall sem „eyðihjáleigu“ frá Hofi. Frásögn þessi getur vart haft teljandi heimildargildi þegar litið er til þess að af jarðabókinni frá 1709 er ljóst að hús og ræktað land að Fjalli var þegar á þeim tíma horfið og nytjar af öðru landi nánast engar, en af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að jökull hafi eftir það gengið enn lengra fram á landið allt til loka 19. aldar. Þegar eigendur Hofs gerðu lögfestu 1851 var réttindum þeirra yfir landi Fjalls lýst meðal ítaksréttinda, en í samningi þeirra við eigendur Fells 1854 var rætt um að þeir fyrrnefndu skyldu „njóta alls“ í því landi „so langt vestur sem treista ser land ad helga.“ Síðastgreind orð geta ekki samrýmt því að verið sé að ræða um not af landi, sem háð sé beinum eignarrétti eigenda Hofs. Til þess er loks að líta að á árinu 1890 var landamerkjabréf fyrir Kvísker áritað fyrir eigendur Hofs um samþykki á fjörumerkjum, en ekki landamerkjum Kvískerja við Fjall, svo og að við fasteignamat 1916 var aðeins rætt um upprekstrarrétt Hofs í Breiðamerkurfjalli og réttindi yfir Fjallsfjöru, líkt og gert var í jarðamati 1849.

Þótt af öllu framangreindu megi telja nægilega sýnt að jörðin Fjall hafi komist í eigu Hofskirkju á tímabilinu milli 1343 og 1387, eru í meginatriðum engar haldberar heimildir fyrir öðru en ítaksréttindum hennar eða eigenda jarðarinnar Hofs

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

eftir þann tíma, allt þar til landamerkjabréf var gert fyrir Hof á árinu 1922. Ekki verður útilokað að á tímabilinu frá 1387 til 1570 kunni kirkjan að hafa ráðstafað jörðinni Fjalli, en haldið eftir réttindum til fjöru og beitar. Hvað sem því líður verða heimildir frá því um 1570 og allt fram á þriðja áratug síðustu aldar ekki skildar á annan veg en að eigendur Hofs hafi sjálfir um margra alda skeið talið sig eingöngu njóta afnotaréttinda í landi Fjalls og hætt að telja sér beinan eignarrétt yfir því og gefið hann þannig upp, hafi ekki farið um hann á annan veg. Af þessum sökum getur landamerkjabréfið frá 15. júlí 1922 ekki talist færa haldbæra sönnun fyrir beinum eignarrétti stefndu í þessum þætti málsins að umræddu landi. Ekkert liggur fyrir til stuðnings því að þessir stefndu hafi farið með þau ráð yfir landi Fjalls, sem leitt gætu til beins eignarréttar að því fyrir hefð. Með því að aðrir hafa ekki kallað til slíkra réttinda yfir landinu og ekkert í gögnum málsins bendir til að það gæti á nokkurs færi verið, verður samkvæmt 1. gr. laga nr. 58/1998 að telja landið þjóðlendu, sem þó er háð rétti stefndu til hefðbundinna nota af henni sem beitarland, svo og rétti þeirra til fjöru, sbr. 5. gr. sömu laga. Um afmörkun þjóðlendunnar fer samkvæmt því, sem greinir í dómsorði, en í ljósi þeirra takmörkuðu afnotaréttinda, sem stefndu eru hér viðurkennd, er ekki ástæða til að tiltaka sérstaklega mörk hennar gagnvart þjóðlendu í jökli.“

Hvað snertir kröfu hins tíunda kæranda um hálf land býlisins Breiðármerkur tók Hæstiréttur málgögnin aftur til ítarlegrar athugunar, svo sem Njáls sögu (frá 13. öld), þar sem byggðar á Breiðarmörk er fyrst getið, Landnámabók, og máldaga Mariukirkju á Breiða frá 1343 og 1387. Tók Hæstiréttur einnig fram að samkvæmt lögréttudómi frá 1646 virtist hálf landið hafa komist undir konung. Einnig var höfð hliðsjón af jarðabók Ísleifs nokkurs Einarssonar frá 1709, annars jarðatals frá 1805, Jarðatals á Íslandi eftir Jón nokkurn Johnsen frá 1847, gerðabókar jarðamatsmanna í Skaftafellssýslum frá 1849, áður nefndrar lögfestu eigenda Hofs frá 7. apríl 1851 og hinnar eftirfarandi sáttar frá 8. júní 1854, afsals frá 1670 og annars afsals frá 7. mars 1857, sem útgefið var fyrir hönd Skálholtskirkju og landa af Vilhjálmi nokkrum Finsen, sem sat embætti land- og bæjarfógeta, og afsals frá 31. maí 1891.

Hæstiréttur hélt áfram:

„Fyrir liggur í málinu landamerkjaskrá fyrir Fell, sem fyrrnefndur Eyjólfur gerði 1. maí 1922, en þar var landamerkjum og fjörumörkum að vestan lýst þannig að þau væru á nánar tilgreindum hreppamörkum. Eru það sömu merki og áður var getið sem austurmörk á landi Breiðármerkur. Landamerkjaskrá þessi var ekki árituð um samþykki vegna merkja við Breiðarmörk. Þá liggur einnig fyrir „landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi“, sem undirrituð var 13. maí 1922 af hreppstjórum beggja hreppa, Ara Hálfðánarsyni og Stefáni Jónssyni. Þar var merkjum lands og fjöru milli Fells og Breiðármerkur enn lýst á sama veg og því lýst yfir að mörk hreppanna tveggja væru jafnframt þau sömu. Skjal þetta var ekki áritað af öðrum um samþykki.

Afsal var gefið út 26. febrúar 1937 fyrir hálfri Breiðarmörk og helmingi Breiðamerkurfjöru, þar sem sagði meðal annars: „Með því að jeg undirritaður fyrrv. sýslumaður Björgvin Vigfússon á Efra-Hvoli, hefi síðan 1910, átölulaust af öllum, hirt afgjald af landi hálftrar Breiðumerkur í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu, eins og það var til forna, svo og afgjald af hálfri Breiðumerkurfjöru, sem

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

er niuhundrað faðma tólfræð að lengd - frá ábúandanum Birni Pálssyni bónda á Kvískerjum, þá hefur það á síðastliðnu ári orðið að samkomulagi milli min og hans, að hann skyldi eignast land þetta, ásamt hálfri Breiðamerkurfjöru með reka, fyrir 100 -eitthundrað- krónur“. Þeir, sem munu hafa leitt rétt sinn frá Birni Pálssyni, gáfu út 20. júní 2002 afsal fyrir sömu eignum til stefnda Kvískerja ehf.

Samkvæmt gögnum málsins var áðurgreindum landamerkjaskrár frá árinu 1922 þinglýst, svo og afsöluin frá 1937 og 2002, sem stefndi Kvísker ehf. reisir rétt sinn á. Af úrskurði óbygðanefndar verður ráðið að fyrrnefndu afsali til Eyjólfssonar fyrir hlutum systurbarna hans í Breiðamerkurfjöru hafi verið þinglýst með athugasemd um eignarheimild fyrir hinu selda. Einnig að afkomendur Eyjólfssonar og þeir, sem leitt hafa rétt sinn frá þeim, hafi á árunum 1933 til 1997 fengið þinglýst yfirlýsingum varðandi réttindi yfir Breiðamerkurfjöru og að einhverju leyti landi Breiðármerkur, svo og afsöllum fyrir slíkum réttindum, en ýmist hafi þeim skjöllum verið þinglýst með athugasemd um annmarka á eignarheimild eða án slíkrar athugasemdar. Gögn um þetta liggja að öðru leyti ekki fyrir í málinu. Stefndu í þessum þætti málsins, aðrir en Kvísker ehf., munu sem fyrr segir leiða rétt sinn frá Eyjólf Runólfssyni. Því hefur áfrýjandi ekki mótmælt sérstaklega, þótt engin gögn liggja fyrir í málinu því til stuðnings. Stefndu hafa jafnframt lagt fram gögn til staðfestingar því að þau séu skráð sem eigendur að Breiðamerkurfjöru hjá Fasteignamati ríkisins.

Þegar heimildir um eignarréttindi að landi Breiðármerkur eru virtar liggur fyrir að jörðin var um langan aldur kirkjueign og laut hún forræði Skálholtsbiskups þegar hún var seld á árinu 1525. Við þá sölu var hluti fjóruréttinda, sem varðaði stærri reka, skilinn frá jörðinni og honum haldið eftir handa Skálholtsstól, en minni rekinn fylgdi jörðinni. Áður en jörðin fór í eyði 1698 hafði helmingur hennar orðið eign konungs, en um hinn helminginn var rætt sem bændaeign. Eignarhluti konungs er talinn hafa verið seldur 1836, en ekkert liggur fyrir um hver kunnir þá að hafa eignast hann. Frá miðri 19. öld eru heimildir um að helmingshluti í Breiðármörk hafi verið talinn fylgja Hofi og virðist sem ályktað hafi verið að sá hluti hafi áður verið konungseign. Í lögfestu fyrir Hof frá 1851 var þó aðeins rætt um réttindi yfir Breiðármörk í talningu ítaksréttinda. Með sátt, sem gerð var á árinu 1854 til lausnar ágreiningi, sem leiddi af þessari lögfestu, voru ákveðin mörk milli lands Breiðármerkur og jarðarinnar Fells í Suðursveit. Eftir gerð þessarar sáttar verða ekki séð nein merki þess að eigendur Hofa hafi haldið fram eignarrétti að landinu eða ítaksréttindum þar. Ekkert hefur verið fært fram í málinu um að eigendur Fells hafi með sátt þessari talið sig hafa eignast hluta í Breiðármörk úr hendi eigenda Hofa, enda gefa yngri heimildir ekki til kynna að þeir fyrrnefndu hafi komið fram eins og þeir væru eigendur landsins að hluta eða með öllu. Liggur því ekkert frekar fyrir í málinu um aðdrif þess helmingshluta í landinu, sem mun hafa tilheyrt konungi til ársins 1836.

Á árinu 1857 keyptu eigendur Fells, séra Þorsteinn Einarsson og Gísli Þorsteinsson, stærri rekann af Skálholtskirkju. Leggja verður til grundvallar að Eyjólfur Runólfsson hafi síðan með löggerningum við afkomendur Þorsteins Einarssonar og Gísla Þorsteinssonar á síðasta áratug 19. aldar eignast stærri rekann, en ekkert liggur fyrir um að hann hafi með því öðlast önnur réttindi yfir landi Breiðármerkur, enda ljóst af bréfi Einarssonar Gíslasonar 31. mars 1876 að viðleitni Gísla Þorsteinssonar til að kaupa slík réttindi nokkrum áratugum fyrr hafi engan árangur borið. Stefndu í þessum þætti málsins, aðrir en Kvísker ehf., rekja rétt sinn til Eyjólfssonar. Samkvæmt þessu geta þau ekki kallað til réttinda yfir landi Breiðármerkur í öðru en hluta Breiðamerkurfjöru, sem óumdeilt virðist vera í málinu að teljist svara til helmings hennar.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Stendur þá eftir hvað orðið hafi um réttindi yfir þeim helmingi Breiðármerkur, sem mun hafa verið talinn áfram bændaeign eftir að hinn helmingurinn hafði fallið til konungs 1646. Í framhaldi af ráðstöfun stærri rekans frá Skálholtskirkju, þar sem Vilhjálmur Finsen land- og bæjarfógeti hafði komið fram af hálfu seljanda, greindi hann frá því í áður nefndu bréfi til séra Þorsteins Einarssonar 6. september 1858 að hann gæti ekki gefið „þá allraminnstu upplýsingu“ um hverjir kunni að hafa átt helmingshluta í landinu á móti konungi, fyrr eða síðar. Svo sem áður segir var greint í jarðamati 1804-1805 að þessi helmingshluti væri í eigu Gísla Halldórssonar. Af fyrrgreindu bréfi Einars Gíslasonar 31. mars 1876 virðist ekki hafa þótt víst að Gísli hefði ekki síðar ráðstafað þessum hluta, en á hinn bóginn verður ráðið af bréfinu að afkomendur hans hafi enn talið sig eiga réttindi yfir landinu, sem rætt var um sem ítak. Ekkert liggur nánar fyrir um hverjir þessir afkomendur voru. Björgvin Vigfússon, sem gaf út fyrrgreint afsal til eiganda Kvískerja 26. febrúar 1937 fyrir hálfu landi Breiðármerkur og hálfri Breiðamerkurfjöru, mun hafa verið tengdasonur Einars Gíslasonar. Engin gögn liggja fyrir til stuðnings því að Björgvin hafi átt nokkur réttindi yfir hinu selda eða að eiginkona hans, sem stóð ekki að löggæringi þessum, hafi í þeim efnum getað staðið framar öðrum afkomendum Gísla Halldórssonar. Að því virtu er eignarheimild þessi, sem stefndi Kvísker ehf. rekur réttindi sín til, með öllu haldlaus. Vegna alls þessa verður ekki séð að nokkur geti lengur talið til beins eignarréttar yfir þessum helmingi Breiðármerkur, en ekkert liggur fyrir til stuðnings því að eigendur Kvískerja geti talist hafa farið með þau ráð yfir honum, sem leitt gætu til slíks réttar fyrir hefð. Áfrýjandi hefur á hinn bóginn ekki andmælt því að stefndi Kvísker ehf. og þeir, sem hann leiðir rétt sinn frá, hafi fullan hefðartíma haft nýttjar af helmingi Breiðamerkurfjöru ásamt því að nýta land Breiðármerkur til beitar. Ber því að líta svo á að stefndi eigi slík afnotaréttindi af landinu, en ekkert liggur fyrir um að aðrir geti hafa unnið þar til slíkra réttinda.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. gr. laga nr. 58/1998 er land Breiðármerkur þjóðlenda, sem þó er háð réttindum stefnda Kvískerja ehf. til hefðbundinna nota af því sem beitarland, svo og réttindum allra stefndu í þessum þætti málsins yfir fjöru, sbr. 5. gr. sömu laga. Um afmörkun þjóðlendunnar fer samkvæmt því, sem greinir í dómsorði, en í ljósi þeirra takmörkuðu afnotaréttinda, sem stefndu eru hér viðurkennd, er ekki ástæða til að tiltaka sérstaklega mörk hennar gagnvart þjóðlendu í jökli.“

B. Landslög sem eiga við

1. Lög um vernd eignarréttar

Í 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33 frá 17. júní 1944, eins og henni var breytt hinn 5. júlí 1995, segir:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.“

2. Lög um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta

Í lögnum frá 1998 voru eftirfarandi ákvæði sem hér skipta máli:

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

1. gr.

„Í lögum þessum merkir:

Eignarland: Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Þjóðlenda: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Afréttur: Landsvæði utan byggðar sem að staðaldrí hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“

2. gr.

„Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum.“

5. gr.

„Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um.

Sama gildir um önnur réttindi sem maður færir sönnur á að hann eigi.“

7. gr.

„Hlutverk óbyggðanefndar skal vera:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.“

3. Lög um landamerki o. fl., nr. 41/1919 (löggin frá 1919)

Þau ákvæði laganna frá 1919 (sem komu í stað laga um landamerki o. fl. nr. 5/1882), sem hér skipta máli, eru með breytingum samkvæmt lögum nr. 92/1991 svohljóðandi:

2. gr.

„Eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau réttust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annarra manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi. Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumanni skrána til þinglýsingar.

Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana að nýju, enda séu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.“

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

6. gr.

„Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu [sýslumenn], hver í sínu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrár þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrár hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal [sýslumaður] þá bjóða landeiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

Sýslumenn og hreppstjórar skulu gefa því gætur að ákvæðum þessara laga um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

Nú berst sýslumanni tilkynning skv. 2. mgr., og skal hann þá kveðja þann eða þá sem eiga hlut að máli á sinn fund og beina því til þeirra að ráða bót á. Komi í ljós að ágreiningur sé um landamerki skal sýslumaður leita sátta um hann. Ef þau lönd, sem óvissa um landamerki varðar, standa á mörkum umdæma sýslumanna eða mörkin liggja um fleira en eitt umdæmi ákveður dómsmálaráðherra hvor eða hver þeirra gegni þessu starfi.“

KÆRAN

Kærendur kvörtuðu undan broti á 1. gr. samningsviðauka nr. 1 þar sem að með dómi Hæstaréttar frá 11. maí 2006 hefðu þeir á ölogmætan hátt verið sviptir eignum sínum bóotalaust. Enn fremur báru þeir fyrir sig 14. gr. samningsins í tengslum við það ákvæði og 6. gr. samningsins.

LAGAATRIÐI

A. Kæra um brot gegn 1. gr. samningsviðauka nr. 1.

Kærendur töldu að með dómi Hæstaréttar frá 11. maí 2006 hefði, andstætt 1. gr. viðauka nr. 1, verið komið í veg fyrir að þeir fengju að njóta eigna sinna í friði. Sú grein er svohljóðandi:

„Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagar almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.“

1. Röksemdir kærenda

Kærendur sögðu það hafa verið óumdeilt að bæði Fjallsland og Breiðamerkurland hefðu verið numin að fornu, og að þannig hefði stofnast að þeim fullur einkaeignarréttur. Löndin hefðu yfirleitt verið nýtt í heild að því marki sem framkvæmanlegt var á hverjum tíma. Ekki skipti máli hvort nýtingu hefði verið hætt um tíma í heild sinni vegna ágangs jökla og jökuláa. Því mætti ætla að seint á nítjándu öld hefði möguleg nýting þess falist í beit, ásamt reka og öðrum strandréttindum. Öll gögn um eignarréttindi sem tilheyrðu býlum kærenda yrði að skýra í þessu ljósi.

Kærendur bentu á að hugtakið „eign“ í 1. mgr. 1. gr. hefði sjálfstæða merk-

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

ingu, sem ekki væri háð formlegri flokkun í landslögum. Íslenska ríkið hefði hvað eftir annað umgengist hið umdeilda land sem einkaeign kæranda og fyrri eigenda Hofs og Breiðamerkur.

Hvað land Fjalls snertir bentu hinir níu fyrstnefndu kærendingur á að samkvæmt Jarðatali á Íslandi eftir Jón Johnsen, útgefnu 1847, hefði Fjall verið nefnt í jarðatalinu frá 1805 sem yfirgefin hjáleiga frá Hofi. Á bæinn Fjall hafi verið greinilega minnst í skrár fasteignamatnefndar Austur-Skaftafellssýslu frá 1916. Á grundvelli mats hennar hefðu bæði fyrri eigendingur Fjalls og hinir níu fyrstnefndu kærendingur greitt skatta sína. Eins og áður var nefnt hefðu eigendingur Hofs síðan lýst yfir eignarrétti sínum að Fjalli með lögfestu árið 1851, og hefði henni verið þinglýst án nokkurra andmæla. Eins og áður er getið hefði eignarrétti Hofs að Fjalli verið lýst yfir aftur í samningum við eigendingur Fells 1854.

Um þann helming Breiðamerkurlands sem hinn tíundi kærandi taldi í sinni eigu tók hann fram að afsöllum frá bæði 1937 og 2002 hefði verið þinglýst án athugasemda.

Í ljósi þess sem tekið hefur verið fram hér að ofan varðandi landamerki Fjalls og Breiðármerkur töldu kærendingur að væntingar þeirra hvað snertir eignarrétt að landinu væru lögmætar og eðlilegar og byggðar á réttmætu trausti á skjöl með lagalegt gildi (þ.e. landamerkjaskrárnar frá 1922), sem hvíldu á lagalega traustum grunni og vörðuðu eignarrétt þeirra. Slíkar væntingar nytu verndar 1. gr. viðauka nr. 1 (sjá *Pine Valley Developments Ltd o. fl. gegn Írlandi*, dómur 29. nóvember 1991, Series A nr. 222, og *Stretch gegn Bretlandi*, nr. 44277/98, 24. júní 2003).

Auk þessa héldu kærendingur því fram að íslenska ríkið hefði viðurkennt landamerkjabréfin um viðkomandi landareignir frá 1922, og aldrei dregið þau í efa fyrr en um leið og kröfur voru gerðar í árslok 2000 á grundvelli laganna frá 1998. Því töldu kærendingur að í krafti atvika málsins í heild ættu þeir eignarrétt að verðmætum, sem nyti verndar 1. gr. viðauka nr. 1. Hvað þetta snertir bentu kærendingur máli sínu til stuðnings á dóma dómstólsins í málunum *Beyeler gegn Ítalíu* [GC], nr. 33202/96, ECHR 2000-I; *fyrirverandi konungur Grikklands o. fl. gegn Grikklandi*, [GC], nr. 25701/94, ECHR 2000-XII, og *Papamichalopoulos o. fl. gegn Grikklandi*, dómur 24. júní 1993, Series A nr. 260-B.

Kærendingur lögðu áherslu á að þeir og fyrri eigendingur umræddra jarða hefðu öldum saman nýtt hið umdeilda land á hvern þann hátt sem þeir hefðu talið raunhæfan á hverjum tíma, svo sem með því að beita þar fé og nýta sér reka og önnur strandréttindi. Engin önnur jörð hefði nokkurn tíma gert kröfu til landsins.

Til vara töldu kærendingur sig hafa unnið eignarrétt fyrir hefð. Þeir bentu á að á þessu svæði hefði eignarréttur venjulega verið talinn ná frá fjöru að jökulsporði, eins og jökull lá á hverjum tíma. Í ljósi þess hversu lengi hið umdeilda land hefði verið setið, jafnvel án formlegrar eignarheimildar, hefði fullur hefðartími, bæði gagnvart íslenska ríkinu og þriðja manni, vissulega verið löngu liðinn er lögin frá 1998 gengu í gildi. Í þessu efni byggðu kærendingur á málinu *Klaustrin helgu gegn Grikklandi*, dómur 9. desember 1994, Series A nr. 301-A.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Í ljósi ofangreindra sjónarmiða töldu fyrstnefndu níu og hinn tíundi kærandi að hið umdeilda land væri „eign“ þeirra í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1.

Kærendur töldu enn fremur að með dómi Hæstaréttar hefði verið komið í veg fyrir að þeir fengju notið eigna sinna í friði. Með aðgerðum réttarins mætti líta svo á að þeir hefðu verið „sviptir eign sinni“ í skilningi annars málsliðar 1. mgr. 1. gr. viðauka nr. 1. Það hefði ekki verið réttlætt.

Kærendur héldu því fram að þessi aðgerð uppfyllti ekki þær kröfur til lög-mætis, sem gerðar eru í ákvæðinu. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögnum frá 1998, eina grundvelli hinna umdeildu aðgerða, hafi komið skýrt fram að löggjafinn hafði ekki í huga að svipta landeigendur þeim eignarréttindum sem þeir höfðu öðlast og notið óáreittir öldum saman, með því að gera þeim að sýna fram á óslitna röð eignarheimilda frá landnámi, og leggja alla sönnunarbyrði um það á þá. Að auki uppfylltu lögin frá 1998 ekki skilyrði laga, því að þau brytu gegn þeim kröfum 72. gr. stjórnarskrárinnar að eign verði ekki tekin af eiganda nema almenningsþörf krefji og fullt verð komi fyrir.

Enn fremur gegndi taka eigna þeirra engum tilgangi sem þjónaði efnahagslegum þjóðarhagsmunum eða félagslegum hagsmunum.

Ekki hefði heldur með aðgerðinni verið gætt sanngjarns jafnvægis milli almennra hagsmuna samfélagsins og þess að grundvallarréttindi kæranda væru virt. Burtséð frá því að varnaraðili hefði ekki getað útskýrt hvernig taka lands þeirra þjónaði almannahagsmunum, þá hefði réttur þeirra til að njóta eigna sinna í friði verið skertur óhófliga.

2. Álit dómstólsins

Í öndverðu vill dómstóllinn geta þess, að þó að hæstiréttur landsins hafi álitnið kærendur hafa hefðað afnot sín af umræddum landskikum, þá taldi hann ekki sýnt fram á að þeir hefðu nokkurn tíma haft að þeim beina eignarheimild. Þar sem enginn einkaaðili annar hafði talið til slíks réttar yfir landinu bar enn fremur að líta svo á, samkvæmt lögnum frá 1998, að það væri ríkiseign. Að meginstefnu til laut umkvörtunarefni kæranda samkvæmt 1. gr. viðauka nr. 1 að því, að Hæstiréttur hefði neitað að viðurkenna þá sem eigendur að hinu umdeilda landi.

Verður því dómstóllinn fyrst að ákvarða hvort 1. gr. viðauka nr. 1 eigi við í því máli sem hér er til umfjöllunar. Hann tekur fram að ákvæðið verndar „eignir“, sem annaðhvort geta verið „umráðaeignir“ eða eignir af öðru tagi, þar á meðal kröfur, sem kærandi getur haldið fram að hann eigi að minnsta kosti réttmæta væntingu um að eignarréttur hans sé viðurkenndur að. Hins vegar verndar það ekki rétt til að öðlast eignir (sjá *J.A. Pye (Oxford) Ltd og J.A. Pye (Oxford) Land Ltd gegn Bretlandi* [GC], nr. 44302/02, 61. lið, ECHR 2007-... *Kopecký gegn Slóvakíu* [GC] nr. 44912/98, 35. lið, ECHR 2004-IX). Þegar eign er í eðli sínu krafa má líta svo á að sá sem telur til hennar hafi „réttmætar væntingar“ ef nægilegur grundvöllur er fyrir henni í landslögum, til dæmis ef föst dómaframkvæmd innanlands staðfestir að eignin sé til (sjá *Anheuser-Busch*

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Inc. gegn Portugal [GC], nr. 73049/01, 65. lið, ECHR 2007-..., og ofanefndan *Kopecký*, 52. lið). Ekki er hægt að líta svo á að lögmætar væntingar séu fyrir hendi þegar deilur standa um réttan skilning á landslögum og dómstólar inn-annlands hafna röksemdum kæranda (*Anheuser-Busch Inc.*, áður tilgreindur, sama stað, og *Kopecký*, áður tilgreindur, 50. liður). Þegar deila stendur um hvort kærandi njóti eignarréttar sem notið getur verndar 1. gr. viðauka nr. 1 verður dómstóllinn að ákvarða hver réttarstaða kæranda er (sjá *J.A. Pye (Oxford) Ltd og J.A. Pye (Oxford) Land Ltd*, áður tilgreindur, sama stað, og *Beyeler gegn Ítalíu* [GC], nr. 33202/96, 99. liður, ECHR 2000-I).

Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kæranda laut bæði að skil-yrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra.

Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli *Klaustranna helgu gegn Grikklandi*, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærundur bentu á, að lögín frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).

Hvað hið síðara varðar, þ.e. beitingu Hæstaréttar á lögnum frá 1998 í máli kæranda, tekur dómstóllinn fram að í könnun sinni á tilkalli hinna fyrst-nefndu níu kæranda til lands Fjalls og hins tíunda kæranda til lands Breið-ármerkur athugaði rétturinn umfangsmikil gögn sem fyrir hann höfðu verið lögð, og rökstuddi athugun sína vandlega. Þar á meðal voru fornar heimildir allt til Landnámabókar (á 9. og 10. öld), allmargir máldagar frá miðöldum, sérstakar innfærslur í jarðabækur frá 17., 18. og 19. öld, lögfestu frá 1851 og sátt í deilumáli tengdu henni frá 1854, ýmis afsöl (frá 1670, 1857, 1891, 1937 og 2002 varðandi Breiðármörk), og landamerkjabréf frá 1922.

Um hið síðarnefnda fylgdi Hæstiréttur eigin fordæmi (dómi frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004), þar sem talið var að landamerkjabréf eitt sér nægði ekki til að sanna beinan eignarrétt að landi, þar sem landeigendum væri heimildarlaust að nota slík bréf til að víkka út eign sína. Taka má fram að varðandi eignarréttarkröfu annarra landeigenda að öðru landi taldi Hæstiréttur að landamerkjabréf styddist við nægileg gögn til að eignarréttur væri sannaður. Aftur á móti taldi hann í máli kæranda að svo væri ekki, þar sem ekki hefði verið nægilega sýnt fram á beinan eignarrétt að hinu umdeilda landi, og að gögn skorti til stuðnings þeirri staðhæfingu kæranda að þeir hefðu farið með vörslur og umráð landsins og unnið þannig að því beinan eignarrétt fyrir hefð.

Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi komist að annarri niðurstöðu varðandi hefð en óbyggðanefnd og héraðsdómur gerðu finnur dómstóllinn fyrir sitt leyti engin merki þess að þar hafi gætt geðþótta eða að niðurstaðan hafi verið andstæð þeim

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

reglum landslaga sem við áttu (sjá *Anheuser-Busch Inc.*, sem áður var vitnað til, 83. lið, og *Malhous gegn Tèkklandi* (ákv.), nr. 33071/96, ECHR 2000-XII). Ekki fellst dómstóllinn heldur á þá röksemd kæranda, sem færð var fram í tengslum við kæru þeirra er laut að 14. gr. sammingsins (sjá hér á eftir), um að óhófleg sönnunarbyrði hefði verið á þá lögð.

Að þessu virtu getur dómstóllinn ekki fallist á að kærundur hafi átt eignarrétt, sem var nægilega festur í sessi til að „réttmætar væntingar“ gætu tengst honum. Telur hann, varðandi kröfu þeirra til eignarréttar að hinu umdeilda landi, að þeir hafi ekki átt „eign“ í skilningi fyrsta málsliðar 1. gr. viðauka nr. 1. Sú trygging sem ákvæðið veitir á því ekki við í þessu máli (*Kopecký*, áður tilgreindur, 50. liður).

Af þessu leiðir að samkvæmt 3. mgr. 35. gr. sammingsins verður að hafna kæru um brot á 1. gr. viðauka nr. 1, þar sem kæran er efnislega ósamrýmanleg ákvæðum sammingsins (sjá *Malhous*, sem áður var vitnað til).

B. Kæra um brot á 14. gr. sammingsins í tengslum við 1. gr. viðauka nr. 1

Kærundur kvörtuðu enn fremur undan því, að hinn umdeildi dómur innanlands hefði falið í sér mismunun og þar með brotið gegn 14. gr. sammingsins í tengslum við 1. gr. viðauka nr. 1. Væru þeir meðal tiltölulega fárra fasteignareigenda á Íslandi sem ættu lönd að þjóðlendum eða almenningum. Lögin frá 1998 og kröfur fjármálaráðherra í kjölfar setningar þeirra, ásamt eftirfarandi túlkun laganna af hálfu óbyggðanefndar og íslenskra dómstóla hefði lagt á þá óhóflega sönnunarbyrði, umfram það sem krafist væri af öðrum fasteignareigendum á Íslandi. Þrátt fyrir að greinargerð með lögnum frá 1998 hefði greinilega gefið til kynna að löggjafinn hefði ekki haft slíkt í hyggju, þá hefðu bæði óbyggðanefnd og dómstólar ætlast til þess af þeim að þeir sýndu fram á órofið eignarhald allt frá landnámsöld, og gert þeim að girða fyrir allan vafa í því efni. Þessi greinarmunur ætti sér engan skýran tilgang eða eðlilega réttlætingu, og fæli í sér mismunun.

Með hliðsjón af tiltækum gögnum dómstólsins og niðurstöðu hans hér á undan um kæru varðandi 1. gr. viðauka nr. 1, og jafnvel þótt gert væri ráð fyrir að deiluefnið félli undir þá grein, þá telur hann að kæra með vísan til þess ákvæðis og 14. gr. sameiginlega veiti enga vísbendingu um að brot hafi verið framið.

Af því leiðir að samkvæmt 3. og 4. mgr. 35. gr. sammingsins verður að vísa þessum hluta kærunnar frá sem augljóslega illa grunduðum.

C. Kæra með vísan til 1. mgr. 6. gr. sammingsins

Kærundur töldu sig einnig hafa orðið fyrir broti á 1. mgr. 6. gr. sammingsins, sem í því er hér skiptir máli er svohljóðandi:

„Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti ... skal hann eiga rétt til réttlátrar ... málsmeðferðar ... fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli.“

Kærundur héldu því fram að það hafi ekki aðeins verið óraunhæft að leggja

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

á þá þá byrði að sýna fram á, í raun, óslitna röð eignarheimilda allt frá landnámsöld, heldur hafi það einnig brotið í bága við jafnrétti málsaðila. Slík sönnunarbyrði hefði aldrei verið lögð á varnaraðila málsins.

Um leið og dómstóllinn vísar til þeirrar niðurstöðu sem hér á undan var lýst skal þess á ný getið, að í þeim ákvæðum laganna frá 1998 sem beitt var í máli kæranda var því hvorki lýst yfir né það gefið í skyn, að íslenska ríkið ætti eignarréttindi sem hnekkst gætu eignarréttindum einkaaðila. Er Hæstiréttur leysti úr atvikum þessa máls á grundvelli þeirra ákvæða kannaði hann einnig gaumgæfilega þau skjöl sem kærundur höfðu lagt fram. Í athugun sinni tók hann einnig fyrir þá spurningu hvort þær landamerkjaskrár sem málið vörðuðu - gögn sem samkvæmt fordæmi réttarins gátu ekki ein sér veitt sönnun fyrir eignarrétti - væru nægilega studd öðrum gögnum til að sýna fram á eignarrétt í þessu tilviki. Ólíkt því sem um var að ræða í öðru máli landeigenda um annað land taldi Hæstiréttur að sönnun fyrir eignarrétti í þessu máli nyti ekki nægilegs stuðnings af öðrum gögnum. Þegar allar aðstæður eru virtar í heild finnur dómstóllinn enga vísbendingu um að Hæstiréttur hafi gengið lengra en dómstól aðildarríkis er venjulega heimilt þegar metið er hvaða gögn skuli komast að og hvaða máli þau skipta, og þegar ályktanir eru dregnar um málsatvik (sjá til dæmis *Söru Lind Eggertsdóttur gegn Íslandi*, nr. 31930/04, 44. lið, ECHR 2007-...; *Eskelinen o. fl. gegn Finnlandi*, [GC], nr. 43803/98, 31. lið, ECHR 2006-). Ekki hefur því neitt komið fram um brot gegn kröfum 6. gr. um sanngjarna málsmeðferð.

Af því leiðir að þessum hluta kærunnar ber einnig að vísa frá samkvæmt 3. og 4. mgr. 35. gr. sammingsins sem augljóslega illa grunduðum.

Af ofangreindum ástæðum ákveður dómstóllinn samhljóða að kæran er ótæk til meðferðar.

Grayson og Barnham gegn Bretlandi

Dómur frá 23. september 2008

Mál nr. 19955/05 og 15085/06

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

1. gr. sammingsviðauka nr. 1. Friðhelgi eignarréttar

Réttlát málsmeðferð. Sönnunarbyrði. Eignaupptaka.

1. Málsatvik

Kærundur, Mark William Grayson og John Barnham, eru breskir ríkisborgarar. Þeir afplána nú fangelsisdóma í Nottingham og Aswell í Bretlandi vegna stórfelldra fíkniefnabrota. Grayson var sakfelldur fyrir innflutning á 28 kílóum af heróíni en andvirði þess taldist vera rúmlega 1,5 milljónir evra. Barnham var sakfelldur fyrir skipulagningu og stjórn alþjóðlegs fíkniefnasöluhrings sem m.a. stundaði innflutning til fíkniefna til Bretlands.

Í refsímálum á hendur kærendum gerði ákærvaldið kröfu um upptöku á umfangsmiklum fjármunum kæranda. Voru lögð fram gögn sem sýndu fram á

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

að verulegir fjármunir hefðu farið um hendur þeirra á tilteknu tímabili. Þar var m.a. leitt í ljós að kærendur gátu greitt háar fjárhæðir fyrir endurbætur á fasteign, kaup á mörgum dýrum bifreiðum, tekið þátt í viðskiptafélögum og greitt lögmönnnum sínum háar fjárhæðir. Að auki var talið að kaup á 28 kílóum af heróini hlytu að vera fjármögnuð af fikniefnasölu. Fyrir dómi var sýnt fram á framangreindar tilfærslur á fjármunum í vörslum kærenda. Var sönnunarbyrðinni því velt yfir á kærendur, en þeim tókst ekki að færa sönnur á að þessir fjármunir væru fengnir með lögmætum hætti. Af þeim sökum taldi dómari sannað að þeir væru ágóði af glæpastarfsemi og féllst því á upptöku eigna kærenda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið í bága við rétt þeirra samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og einnig friðhelgi eignarréttar þeirra sem nyti verndar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að ákvörðun um eignaupptöku mætti jafna við ákvörðun um refsivert brot í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og vísaði hann í þeim efnum til fyrri dóms síns í máli nr. 41087/98, Phillips gegn Bretlandi.

Dómstóllinn taldi það samræmast ákvæðinu að gefa kærendum færi á að gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu sinni á þeim tíma sem mál er höfðað. Vísað var til þess að kærendur höfðu gerst sekir um umtalsverð og ábatasöm fikniefnaviðskipti um árabíl. Sýnt þótti í málum þeirra að umtalsverðir fjármunir hefðu farið um hendur þeirra á þeim tíma sem um ræddi. Af þeim sökum var ekki talið óréttmætt að ætlast til þess að þeir gerðu grein fyrir því hvað hefði orðið af þeim fjármunum. Var það mat dómstólsins að kærendum hefði átt að vera í lófa lagið að gera grein fyrir því í hvað fjármunirnir runnu hafi þeir ekki farið í að fjármagna þær eignir sem þeir áttu á þeim tíma sem málið var til meðferðar. Ekki þótti óeðlilegt að sönnunarbyrði um að þær væru fjármagnaðar með lögmætum hætti, væri lögð á þá. Þar sem þeim tókst ekki að sýna fram á slíkt hafði verið fallist upptöku þeirra. Dómstóllinn var þeirrar skoðunar að um réttláta málsmeðferð hefði verið að ræða sem samræmdist réttindum kærenda samkvæmt sáttmálanum.

Það var því einróma álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við rétt kærenda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Í ljósi þess að eignaupptaka fór fram á grundvelli lögmætrar ákvörðunar var það jafnframt einróma álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við friðhelgi eignarréttar þeirra.

Carson o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 4. nóvember 2008

Mál nr. 42184/05

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Lífeyrisgreiðslur. Mismunun vegna búsetu.

Björn Guðni Guðjónsson gegn Íslandi

Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 2. desember 2008

Mál nr. 40169/05

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Fiskveiðivéttindi. Netlög. Almennar takmarkanir á eignarrétti.

MÁLSATVIK

Kærandi, Björn Guðni Guðjónsson, er íslenskur ríkisborgari, fæddur 1950, og býr í Kaldrananeshreppi. Á því tímabili sem um ræðir, í apríl og maí 2003, var hann skráður með lögheimili að Bakkagerði, í nágrenni Drangsness. Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður í Reykjavík, kom fram fyrir hans hönd gagnvart dómstólnum. Í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn Íslands var umboðsmaður hennar, Þorsteinn Geirsson, frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

A. Málavextir

Atvik málsins, eins og þau voru lögð fram af málsaðilum, eru í samantekt sem hér segir:

Kæra þessi á sér rætur í sakamáli sem höfðað var gegn kæranda fyrir fiskveiðibrot með því að hafa veitt grásleppu á tilteknum dögum í apríl og maí 2003 í netlögum jarðarinnar Bjarnarness í Kaldrananeshreppi á Ströndum. Á þeim tíma var hann einn sex eigenda jarðarinnar. Systir hans, tveir bræður – þar á meðal Guðmundur Heiðar Guðjónsson (GHG) – og kærandi áttu hvert um sig 12,5% eignarinnar, en hinn helmingur hennar var í eigu tveggja annarra manna. Kærandi og systkini hans höfðu eignast hluti sína í jörðinni sem gjöf frá föður þeirra, GG, samkvæmt afsali þess efnis dagsettu 16. ágúst 1999.

GG hafði áður átt bátinn Sæfinn ST 34, sem fengið hafði úthlutað veiðileyfi fyrir grásleppu á grundvelli laga um stjórn fiskveiða og reglugerðar sem gildir um slík leyfi. GG hafði notað bátinn Sæfinn ST 34 til grásleppuveiða síðan 1987, og hinn 1. janúar 1991 var bátnum úthlutað leyfi til hrognkelsaveiða samkvæmt nýju kerfi þegar fiskveiðilög tóku gildi. Hinn 1. apríl var þetta grásleppuveiðileyfi flutt frá Sæfinni ST 34 til annars báts, Dívu ST 18 (6715), sem einnig var í eigu GG. Hinn 18. janúar 2002 seldi hann Dívu til félagsins Innra-Ness ásamt öllum veiðileyfum; jafnframt var tekið sérstaklega fram að öll veiðireynsla bátsins skyldi vera eign kaupandans. Kaupverðið var þrjár milljónir króna. Í afsalinu var GHG tilgreindur sem eigandi alls hlutafjár í Innra-Nesi.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Grásleppuveiðileyfið sem um ræðir var aftur flutt hinn 12. mars 2002, og tilheyrir nú bátnum Sævari Guðjóns ST 45 (2032), sem einnig er í eigu fyrirtækis GHG, Innra-Nesi.

Vorið 2003 starfaði kærandi í Reykjavík. Þegar dró úr vinnu hjá honum og tekjur hans minnkuðu, eignaðist hann nýjan 5,60 m bát og hóf grásleppuveiðar frá Bjarnarnesi í apríl 2003.

Hinn 10. júní 2003 leiddi athugun veiðieftirlitsmanna í Fiskvinnslunni Drangi ehf. í Drangnesi í ljós færslur í vigtarskýrslur fyrirtækisins sem sýndu að báturinn Sæfinnur ST 34 hefði landað nærri tveimur tonnum af grásleppuhrognum í apríl og maí, sem Fiskvinnslan hefði keypt af honum. Hinn 11. júní vitjuðu eftirlitsmennirnir kæranda að Bakkagerði. Þá kom í ljós að báturinn Sæfinnur ST 34, sem var í eigu föður kæranda, lá á hvolfi uppi á þurru landi og í hans stað var kominn plastbáturinn sem kærandi hafði fest kaup á um vorið.

Hinn 8. mars 2004 gaf sýslumaðurinn á Hólmavík út ákæru á hendur kæranda vegna brota á fiskveiðilögum með því að hafa, á nánar tilgreindum dögum í apríl og maí, veitt grásleppu á óskráðum bát sínum án almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og án leyfis til hrognkelsveiða; grásleppuafinn skilaði 1.880,5 kg af grásleppuhrognum, sem hann hafði selt Fiskvinnslunni Drangi ehf. í Drangnesi í andstöðu við 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (hér eftir „lögin frá 1997“), og 1. gr. reglugerðar nr. 129/2003 um hrognkelsveiðar. Ríkissaksóknari krafðist þess að kærandi yrði dæmdur til refsingar fyrir þessi brot og að honum yrði gert að sæta upptöku ávinnings af brotum sínum.

Kærandi vísaði til þess fyrir sitt leyti að eigendur jarða sem liggja að sjó eigi einkarétt á því að veiða grásleppu innan netlaga, þar sem þau væru óaðskiljanlegur hluti búans og að eigendur hefðu ekki verið sviptir eignarrétti sínum að netlögum. Að mati hans bæri að túlka ákvæði þess efnis að fiskveiðilandhelgin (2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, hér eftir “lögin frá 1997”) skuli ná frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands með hliðsjón af réttindum sem fyrir væru og ekki hefðu verið tekin af þrátt fyrir skilgreiningu í almennum lögum. 7. gr. laganna frá 1997 bæri að túlka þannig að tillit væri tekið til ríkari réttinda annarra aðila, sem í gildi voru áður en lögin tóku gildi; að öðrum kosti hefði þurft að taka fram að lögnum væri ætlað að ganga framur en eignarréttindi, sem nytu verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Ekki var um það deilt að kærandi hefði veitt grásleppu án leyfis innan netlaga Bjarnarness á þeim dögum sem tilgreindir voru í ákæruskjalinu. Ekki var heldur um það deilt að hann væri meðeigandi að jörðinni og að hann hefði fengið leyfi annarra meðeigenda til þess að veiða grásleppu innan netlaga jarðarinnar.

Hinn 28. september 2004 dæmdi Héraðsdómur Vestfjarða kæranda fyrir brotin og var honum gert að greiða 400.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, en sæta ella fangelsi í 45 daga. Ennfremur var gert upptækt jafnvirði 1.880,5 kg af grá-

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

sleppuhrognum, sem kærandi hafði aflað, kr. 730.320. Til viðbótar var honum gert að greiða allan sakarkostnað.

Í dómi héraðsdóms eru eftirfarandi forsendur lagðar til grundvallar:

„Með því að ekki er annað sannað, verður staðhæfing ákærða um að hann hafi veitt alla grásleppuna í netlögum greindrar jarðar lögð til grundvallar.

Frá fornu fari hefur verið kveðið á um rétt landeigenda til veiði í netlögum hér á landi. Í Grágás er tekið fram að allir menn eigi að veiða fyrir utan netlög að ósekju ef vilja og þar séu netlög utast í sæ er selnet standi grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár upp úr sjónum að fjöru þá er þinur stendur grunn. Í 2. kaþítula rekabálks Jónsbókar var tekið fram að allir menn ættu að veiða fyrir utan netlög að ósekju, en það væru netlög yst, er selnót stæði grunn 20 möskva djúp að fjöru og kæmu þá flár upp úr sjó.

Nýjustu ákvæði í íslenskum lögum um netlög er að finna í lögum nr. 81/2004, en samkvæmt 2. gr. þeirra merkja netlög í þeim vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar. Netlög eru skilgreind á sama hátt í 1. gr. laga nr. 64/1994. Í 8. gr. þeirra laga er kveðið á um að landeigendur eigi einir rétt til dýraveiði á landareign sinni. Samkvæmt sömu grein eiga aðrir en landeigendur ekki rétt til dýraveiða í efnahagslögsögu Íslands nema utan netlaga.

Í forsendum dóms Hæstaréttar Íslands, sem er að bls. 2518 í dómasafni réttarins 1996 er rakið að við setningu veiðitilskipunar 1849 hafi sagt svo í 1. gr. að á Íslandi skyldu þaðan í frá jarðeigendur einir eiga dýraveiði og fugla nema tilskipunin kvæði öðruvísi á. Þá hafi jafnframt verið tekið fram í 21. gr., að allar greinar laga um fiskveiðar og hvalveiðar, sem ekki væri breytt með tilskipuninni, skyldu fyrst um sinn standa óraskaðar. Ályktar rétturinn að ekki verði talið að ákvæði 3. gr. tilskipunarinnar um rétt landeiganda til veiði 60 faðma á haf út frá stórstraumsfjörumáli hafi falið í sér annan og rýmri rétt landeiganda til veiða en þann sem kveðið var á um í upphafsákvæði tilskipunarinnar.

Þá segir í forsendum sama dóms að af fornlögum verði ekki ráðið, að netlög í sjó hafi verið talin háð sömu eignarráðum fasteignareigenda og landið fyrir ofan. Með síðari tíma löggjöf hafi eigendum fasteigna ekki heldur verið veittar allar sömu eignarheimildir yfir netlögum í sjó, sem þeir njóta yfir fasteignum, er að þeim liggja. Með löggjöf eftir setningu nefndrar tilskipunar hafi fasteignareigendum ekki með ótvíræðum hætti verið veittur einkaréttur til veiði sjávarfiska í netlögum sem miðist við fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Ákvæði 2. kaþítula Jónsbókar um afmörkun netlaga sem miðist við sjávardýpi hafi ekki heldur verið felld úr gildi með ákvörðun löggjafans, þótt þau hafi ekki verið tekin upp í útgáfu lagasafns 1919 og eftir það.

Þótt þannig sé ekki skýrt í lögum hvort fasteignareigendur eigi allar sömu heimildir í netlögum og á landinu fyrir ofan og hvort réttur þeirra til veiði sjávarfiska skuli miðast við fjarlægð frá landi eða sjávardýpi, verður að líta til þess að ekki liggur fyrir að ákærði hafi veitt grásleppuna á meira dýpi en tekið er fram í 2. kaþítula rekabálks Jónsbókar. Verður hér miðað við ákvæði kaþítulans um að landeigandi eigi veiðar allar í netlögum og í fjörunni.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 79/1997 telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands til fiskveiðilandhelgi þess. Falla netlög því innan fiskveiðilandhelginna. Sömu skilgreiningu er að finna í 2. gr. laga nr. 38/1990.

Í 1. gr. laga nr. 79/1996 er tekið fram að tilgangur laganna sé að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Sama löggjafarmarkmið er að

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

finna í 1. gr. laga nr. 38/1990, þar sem einnig er tekið fram að nytjastofnar á Íslands-
miðum séu sameign íslensku þjóðarinnar.

Þrátt fyrir framangreind réttindi landeigenda í netlögum og með hliðsjón af
dómi Hæstaréttar í máli nr. 12/2000, sem birtur er í dómasafni réttarins það ár á
bls. 1534, verður ekki fallist á það að löggjafanum sé óheimilt að vernda nytja-
stofna í fiskveiðilandhelginni og stuðla að hagkvæmri nýtingu þeirra með því að
banna landeigendum veiðar úr þeim innan netlaga sem utan nema með sérstöku
leyfi. Ákærði, sem hafði leyfi landeiganda til grásleppuveiða innan netlaga, varð því
samt sem áður að hlíta banni 1. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997 við grásleppuveiðum
nema með sérstöku leyfi Fiskistofu. Í 2. gr. reglugerðar nr. 129/2002 um hrognkelsa-
veiðar er tekið fram að skilyrði til að fá slíkt leyfi sé að hafa einnig leyfi til veiða í
atvinnuskyni.

Samkvæmt ofansögðu braut ákærði gegn ákvæði 4. gr. laga nr. 38/1990, sem
bannar veiðar í atvinnuskyni við Ísland öðrum en þeim sem hafa fengið til þess
almennt veiðileyfi og hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 25. gr. sömu laga, sbr.
12. gr. laga nr. 85/2002 og 27. gr. laga nr. 57/1996. Þá varðar háttsemi hans við 7.
gr. laga nr. 79/1997 og 1. gr., sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 129/2002, sbr. 17. gr. laga
nr. 79/1997.“

Kærandi áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar, sem staðfesti héraðsdóm að
fullu hinn 28. apríl 2005 og dæmdi kæranda til þess að greiða allan áfrýjunar-
kostnað málsins.

B. Landslög sem eiga við og réttarframkvæmd

Íslensk lög um réttindi landeigenda að því er varðar veiðar á fiski, fuglum,
hval og sel, svo og um eignarhald á reka í netlögum þeirra, er að finna í eftirfar-
andi ákvæðum (ekki er deilt um mismunandi skilgreiningar laga á mörkum
netlaga í þessu máli).

Í Jónsbók, sem er frá árinu 1281, segir í 2. kapítula rekabálks:

„Landeigandi á og [hval sem skot, eða merktur skutull, er í...] og vogrek allt,
og hvali þá alla er fyrir mönnum hlaupa á land og veiðar allar í netlögum og í fjör-
unni.“

Í tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 eru eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

„Á Íslandi skulu héðan í frá jarðeigendur einir eiga dýraveiði [og fugla] nema
öðruvísi sé ákveðið í tilskipun þessari. Svo skulu og veiðitök þau, er menn hafa
fengið að lögum fyrir utan landareign sína, standa óröskuð að öllu.“

3. gr.

„... á eigandi veiði á haf út, 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli, og eru
það netlög hans.“

Samkvæmt 11. gr. tilskipunarinnar teljast dýraveiðar í landi annarra án
heimildar eða veiðar í netlögum þeirra lögbrot og varða sektum.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, eru svohljóðandi:

„Öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, eru dýraveiðar heimilar í almenningum, á afréttum utan landareigna lögþýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, og í efnahagslögsögu Íslands utan netlaga landareigna. Skulu þeir hafa aflað sér leyfis til þess samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Landeigendum einum eru heimilar dýraveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni nema lög mæli öðruvísi fyrir.“

Samkvæmt ríkisstjórninni höfðu fyrrnefnd ákvæði, einkum ákvæði Jónsbókar, verið túlkuð á þá leið að eignarhald á netlögum í sjónum veitti landeiganda einkarétt á veiðum af öllu tagi, þ.m.t. fiskveiðum. Hins vegar takmörkuðust þessi réttindi, að því leyti sem þetta mál varðar, af þeim lagaákvæðum sem greinir hér að neðan.

Í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða (hér eftir „lögin frá 1990“), fyrstu heildarlöggjöf Íslendinga um fiskveiðistjórn, eins og þau voru á þeim tíma sem um ræðir (lög nr. 116/2006 komu í þeirra stað án efnislegra breytinga) er að finna eftirfarandi ákvæði sem málið varða:

1. gr.

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

2. gr.

„Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlæg gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.“

4. gr.

„Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi þessi skulu gefin út til árs í senn.“

5. gr.

„Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskirteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Á sama fiskveiðarári er aðeins heimilt að veita fiskiskipi eina gerð leyfis til veiða í atvinnuskyni, þ.e.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi með þorskaflahámarki, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum þessum, veiðileyfi með aflamarki sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum þessum (krókaafلامarki) eða veiðileyfi með sóknardögum.”

6. gr. a

„Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirkni-búnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt. [...]“

25. gr.

„Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að sex árum.“

Í öðrum meginlögum, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Ísland, nr. 79/1997 (hér eftir “lögum frá 1997”), er m.a. að finna eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.“

2. gr.

„Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.“

7. gr.

„Grásleppuveiðar skulu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997 samkvæmt reglum þar um. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipulag grásleppuveiða og veiðitíma samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði skip sem skráð eru á því svæði. Þá getur ráðherra sett reglur um heimildir til flutnings leyfa til grásleppuveiða milli báta.“

17. gr.

„Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og ekki hærrí fjárhæð en 4.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots.“

Ríkisstjórnin bar að kröfuna í 7. gr. um sérstakt leyfi til veiða á grásleppu í atvinnuskyni hefði áður verið að finna í lögnum frá 1990 og hefði hún verið færð þaðan. Samkvæmt skýringu voru forsendurnar fyrir hinni sérstöku reglu

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

í 7. gr. eftirfarandi:

„Í fyrri málgrein þessarar greinar er lagt til að grásleppuveiðar verði háðar sérstökum leyfum og að aðeins þeir eigi kost á leyfum sem rétt áttu til slíkra leyfa samkvæmt gildandi reglum. Í reglugerð nr. 58, 18. janúar 1996, um hrognkelsaveiðar, er kveðið á um skipulag grásleppuveiða hér við land og hvaða bátar eigi rétt til grásleppuleyfis. Hefur útgáfa leyfa verið takmörkuð í mörg ár og er bundin við þá aðila sem veiðar stunduðu á tilteknu árabili. Rétt er að nefna hér að fiskifræðingar hafa ekki lagt til að grásleppuveiðarnar verði takmarkaðar en hins vegar hefur þótt ástæða til að setja takmarkanir á veiðarnar, fyrst og fremst vegna þess að fjöldi smábáta er orðinn slíkur að án þeirra gætu veiðarnar farið algerlega úr böndunum á skömmum tíma. Hér ber einnig að líta til markaðsaðstæðna og réttar þeirra manna sem stundað hafa þessar veiðar og sem vegna þeirra hafa minni aflaheimildir í öðrum fisktegundum. Reglugerð um hrognkelsaveiðar hefur verið gefin út með stoð í 2. mgr. 4. gr. [laganna frá 1990] en hér er lagt til að skýrt verði kveðið á um að veiðarnar verði leyfisbundnar og jafnframt um heimildir ráðherra til að skipa þeim málum með þeim hætti sem gert hefur verið til þessa.“

Í reglugerð nr. 129/2002, um hrognkelsaveiðar (hér eftir „reglugerðin frá 2002“) segir m.a.:

1. gr.

„Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.“

2. gr.

„Aðeins er heimilt að veita þeim bátum leyfi til grásleppuveiða, sem rétt áttu til slíkra leyfa á vertíðinni 1997, sbr. reglugerð nr. 58/1996, enda hafi þeir leyfi til veiða í atvinnuskyni (sbr. löginn frá 1990). Óheimilt er að veita bátum, sem eru stærri en 12 brl., leyfi til grásleppuveiða, hafi þeir ekki haft leyfi til veiða á grásleppu vertíðina á undan. Heimilt er að binda úthlutun leyfa og leyfi til grásleppuveiða þeim skilröðum, sem þurfa þykir, m.a. varðandi skýrsluskil um veiðarnar.“

4. gr.

„Við sölu báts, sem hefur leyfi til grásleppuveiða, fylgir leyfið bátnum nema um annað sé samið í kaupsamningi.“

Með öðrum ákvæðum reglugerðarinnar um hrognkelsaveiðar var fiskimiðunum kringum Ísland skipt í sjö veiðisvæði og var hvert leyfi bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Á flestum þessum svæðum var veiðitímabilið frá 20. apríl til 19. júlí. Í reglugerðinni voru frekari reglur um hámarksfjölda hrognkelsaneta í sjó, auk reglna um lágmarksmöskvastærð grásleppuneta.

Í 1. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, segir að markmið laganna sé að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrafaktur fyrir íslensku þjóðina. Með lögnum eru settar reglur um veiðarfæri, eftirlit með nýtingu afla og vigtun og skráningu sjávarafla; einnig er þar mælt fyrir um að framkvæmd og eftirlit með lögum um fiskveiðar skuli í höndum sérstakrar stofnunar, Fiskveiðistofu.

KÆRAN

Kærandi kvartaði undan því að með dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, hefði hann verið sviptur einkarétti sínum innan netlaga jarðarinnar til þess að veiða grásleppu og aðrar tegundir sem féllu undir kröfur um leyfi stjórnvalda, sem væri andstætt 1. gr. sammingsviðauka 1 við sáttmálann. Ennfremur taldi kærandi að íhlutunin jafngilti mismunun er væri andstæð 14. gr. sáttmálans í samhengi við fyrrgreint ákvæði og sammingsviðauka 12.

LAGAATRÍÐI

A. Kæra um brot gegn 1. gr. sammingsviðauka 1

Kærandi kvartaði undan því að með dómi Hæstaréttar frá 11. maí 2006 hefði honum verið meinað að njóta eigna sinna í friði, sem væri andstætt 1. gr. sammingsviðauka 1, sem kveður svo á:

„Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagar almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynlegt til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.“

Ríkisstjórnin andmælti þessari staðhæfingu og krafðist þess að dómstóllinn lýsti kærana ótæka til meðferðar þar sem hún væri ósamrýmanleg *ratione materiae*, eða í öllu falli að hún væri augljóslega illa grunduð.

1. Röksmdir ríkisins

Ríkisstjórnin benti á að lagakröfur um að grásleppuveiðar í atvinnuskyni skyldu háðar bæði almennu og sérstöku veiðileyfi hefðu verið í gildi í meira en átta ár áður en kærandi hefði orðið eigandi að Bjarnarnesi árið 1999. Einnig væri ljóst að föður hans, GG, hefði verið veitt slíkt leyfi í bótaskyni fyrir innleiðingu takmarkana samkvæmt fiskveiðistjórnarlögum frá 1990 á grundvelli veiðireynslu hans við gildistöku laganna. GG var heimilt að ráðstafa leyfinu og hefði hann framselt það til bróður umsækjandans, GHG, ásamt fiskibát sem fyrirframgreiddan arf, er metinn var á 3 milljónir króna. Á engum tíma gæti fjárhagslegt verðmæti veiðiréttinda GG hafa myndað hluta af eignarrétti kæranda. Þannig hefði ekki verið um að ræða neina skerðingu á eignarrétti hans þegar honum var refsað fyrir ólöglegar veiðar í netlögum. Þannig hefði ekki verið brotið á honum samkvæmt 1. gr. fyrsta sammingsviðauka, og því ætti sú grein ekki við í máli þessu. Því krafðist ríkisstjórnin þess að dómstóllinn hafnaði kærinni á þeim forsendum að hún væri ósamrýmanleg, *ratione personae*, við ákvæði sáttmálans og sammingsviðaukans.

Ef dómstóllinn hafnaði þeirri kröfu krafðist ríkisstjórnin þess að kærinni yrði vísað frá á þeim forsendum að hún væri augljóslega illa grunduð. Þótt rík-

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

isstjórnin féllist á að réttur landeigenda til þess að nýta auðlindir í netlögum landa sinna teldist til verðmæta er féllu undir hugtakið “eign” í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1, taldi hún að málið sem kæran varðaði snerist um að hafa hönd í bagga um notkun en ekki sviptingu eignar í skilningi greinarinnar.

Hin umdeilda íhlutun ætti sér stoð í lögum og væru lögin sem um ræðir bæði aðgengileg og fyrirjáanleg.

Ennfremur ætti tilgangur hinna umdeildu takmarkana að teljast lögmætur, þar sem hann væri liður í almennu markmiði laganna, þ.e. að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskistofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Samkvæmt 61. og 62. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna hefðu Íslendingar skuldbundið sig til þess að tryggja skynsamlega nýtingu þessara auðlinda. Ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir ofveiði væru nauðsynlegur liður í verndun og skynsamlegri nýtingu fiskistofna. Þannig krefðust almanna-hagsmunir þess að takmarkanir yrðu lagðar á frelsi einstaklinga til þess að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni. Að binda slíka starfsemi veiðileyfum og skráningu fiskibáta sé til marks um nauðsyn á virku eftirliti með afla og kerfisbundinni skráningu á aflabrögðum íslenska fiskiflotans. Í þessu augnamiði væri beitt tveimur aðferðum, aflamarki eða sóknarmarki, eins og í tilviki hrognkelsa, þar sem veiði takmarkast við ákveðin tímabil. Sérstök leyfi til hrognkelsaveiða væru bundin við tiltekna skráða báta og mætti framselja þau frá einum bát til annars, sem gerði mögulegt að koma í veg fyrir stjórnlausu fjölgun fiskibáta til þessara nota. Þetta fyrirkomulag gerði mögulegt að takmarka stjórnlausu fjölgun grásleppuveiðibáta. Þótt eitt helsta markmið fiskveiðistjórnarkerfisins væri að takmarka afla tiltekinn fisktegunda væri það ekki eina markmiðið, heldur væri takmörkun á stærð flotans einnig nauðsynleg aðferð til þess að tryggja vernd til framtíðar og skynsamlega nýtingu fiskistofna.

Lagði ríkisstjórnin áherslu á að aflastýringarkerfi fiskistofnsins myndi hrynja ef landeigendum væri heimilt að stunda óheftar grásleppuveiðar í atvinnuskyni í netlögum án sérstaks veiðileyfis og með óskráðum bátum, eða ef þeir gætu heimilað öðrum mönnum að stunda slíkar veiðar í netlögum sínum, án tillits til þess hvort þeir hefðu veiðileyfi eða ekki. Árangur og skilvirkni fiskveiðistjórnarkerfis Íslendinga ylti á altæki þess, þar sem ekkert rúm væri til þess að beita mismunandi reglum um veiðar í atvinnuskyni innan og utan netlaga.

Þegar mat var lagt á það hvernig úthluta skyldi sérstökum hrognkelsaleyfum hefði löggjafinn valið raunhæfa leið þar sem leyfum hefði verið úthlutað á tilteknum forsendum til þeirra sem stundað höfðu hrognkelsaveiðar og sem ólíkt flestum eigendum sjávarjarða gætu sýnt fram á aflareynslu að tilteknu marki á fyrri tímabili. Það var þannig sem föður kæranda, eins og mörgum öðrum eigendum sjávarjarða sem stunduðu grásleppuveiðar, hefði verið bættar þær takmarkanir sem lagðar voru á nýtingu eignar sinnar. Aftur á móti hefði kærandi í engu sýnt fram á að hann hafi verið látinn sæta ranglátri skerðingu á réttindum sínum eða að hann hefði byggt afkomu sína á grásleppuveiðum í atvinnuskyni eða að takmarkanirnar hefðu haft í för með sér alvarlegar afleið-

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

ingar fyrir hann. Hefði hann ekki hlotið gerræðislega eða óréttláta meðferð eða meðferð sem væri óhöfleg í ljósi þeirra lögmætu hagsmuna sem í húfi voru.

2. Röksemdir kæranda

Kærandi hélt því fram að hann, eins og aðrir eigendur netlaga, ætti einkarétt á því að veiða innan netlaganna, sem væri eign og nyti verndar samkvæmt 1. gr. sanningsviðauka nr. 1. Sú staðreynd að hann hefði ekki verið eigandi Bjarnarness þegar fiskveiðistjórnarlög tóku gildi árið 1991 væri málinu óviðkomandi. Það sem skipti máli væri að á þeim tíma sem um ræðir, árið 2003, hefði hann verið meðeigandi og haft tilskilið leyfi annarra meðeigenda til þessa að veiða í netlögum jarðarinnar. Andstætt því sem ríkisstjórnin héldi fram hefði hann orðið fyrir afskiptum af eignum sínum, þar sem hann, sem meðeigandi eignarinnar sem um ræðir, hefði verið sviptur einkarétti sínum til þess að veiða og ráðstafa veiðirétti innan netlaga hennar.

Kærandi mótmælti því að afskiptin ættu sér stoð í lögum. Hvorki lögin frá 1990 né nokkur önnur lög vikju einu orði að því að þeim væri ætlað að skerða rétt landeigenda til þess að veiða grásleppu eða annan fisk í atvinnuskyni innan netlaga sinna. Hvorki lögin frá 1997 eða reglugerðin frá 2002 vikja með beinum eða óbeinum hætti að fiskveiðum innan netlaga. Ekki er heldur minnst á netlög í lögskýringargögnum. Hefði það verið ætlun löggjafans að hlutast til um eignarrétt landeigenda innan netlaga hefði átt að taka það fram berum orðum í viðeigandi lögum og reglugerðum, svo og í viðeifyfum. Þetta var hins vegar ekki gert.

Í öllu falli hafi fiskveiðilöggjöfin ekki uppfyllt þær kröfur um nákvæmni og fyrirsjáanleika sem felst í hugmyndinni um lögmæti í skilningi sáttmálans. Þannig gátu eigendur báta sem höfðu tilskilin leyfi, án fyrirfram heimildar frá eigendum, veitt fisk án endurgjalds innan netlaga jarðarinnar. Væri jörðin seld, þyrfti kærandi að hafa þann fyrirvara að veiðiréttindi í netlögum tilheyrði ekki lengur jörðinni eins og þau hefðu gert í 800 ár og að ekki væri lengur hægt að útiloka aðra frá veiðum innan netlaganna. Bjarnarnes hefði verið rómað fyrir grásleppuveiðar og hefði þau hlunnindi vafalaust áhrif á verðgildi jarðarinnar. Hefðu eigendur hennar verið skattlagðir samkvæmt því, en eftir að einkaréttur til veiða hefði glatast hefði verðmætið rýrnað.

Kærandi var því ósammála að svipting veiðiréttinda landeigenda hefði þjónað almannahagsmunum. Ekki hefði þjónað neinum almannahagsmunum að takmarka grásleppuafla innan netlaga, þar sem tegundin væri ekki í hættu vegna ofveiði og þar sem slíkar ráðstafanir hefðu ekki þjónað þeim tilgangi að vernda stofninn.

Kærandi var ósammála þeirri staðhæfingu ríkisstjórnarinnar að aðrir í sömu stöðu og kærandi hefðu notið sömu meðferðar og kærandi samkvæmt ákvæðum laganna frá 1990. Í þessu sambandi benti kærandi á niðurstöðu álits mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 24. október 2007 varðandi erindi (nr. 1306/2004) frá hópi sjómanna sem kvörtuðu undan því að

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

vera gert að kaupa eða leigja fiskveiðikvóta frá hópi fiskveiðimanna sem hefði verið úthlutað kvótunum án endurgjalds á þeim forsendum að þeir hefðu áður stundað veiðar á þeim tegundum sem um ræddi á tilgreindu tímabili (1980 til 1983). Í ljósi þess að úthlutaða kvóta, sem ekki væru lengur nýttir af upprunalegum eigendum þeirra, mætti selja eða leigja á markaðsverði í stað þess að þeir gengju aftur til ríkisins til úthlutunar til nýrra kvótaeigenda á sanngnis- og jafnræðisgrundvelli, taldi mannréttindanefnd Sp að brotið hefði verið gegn 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómáaleg réttindi, og komst að þeirri niðurstöðu að aðildarríkinu bæri að veita kærendum raunhæft úrræði, þ.m.t. viðunandi bætur, og að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfi sitt.

Kærandi mótmælti þeirri staðhæfingu ríkisstjórnarinnar að veiting leyfis til föður hans hefði haft þann tilgang að bæta hinum síðarnefnda innleiðingu takmarkana á grásleppuveiðar innan netlaganna. Eins og allir aðrir fiskimenn hefði föður hans verið úthlutað leyfi á grundvelli veiðireynslu sinnar á viðmið-unartímanum og hefði hann ekki notið neinna sérréttinda. Kærandi sagði enn fremur að hann hefði sótt um leyfi til hrognkelsaveiða en að þar til bær yfirvöld hefðu hafnað umsókn hans. Einnig hefði hann gert ráðstafanir til þess að skrá bát sinn með sama nafni og númeri og bátur föður hans, en það reyndist ógerlegt þar sem ákveðið var að varðveita gamla bátinn af sögulegum ástæðum.

Árið 2003 hefði kærandi að talsverðu leyti byggt afkomu sína á grásleppuveiðum. Þótt slíkar veiðar í netlögum hafi takmarkast við tiltölulega skamman tíma ársins og gætu ekki einar og sér talist fullnægjandi tekjulind ætti sú staðreynd ekki að veita ríkisstjórninni rétt til þess að svipta landeigandann umræddum veiðiréttindum. Þar sem ekki væri um að ræða neina þörf á aðgerðum til þess að vernda grásleppustofninn hefði ríkisstjórnin ekki sýnt fram á að jafnræðis hafi verið gætt milli hagsmuna almennings og krafna um verndun einstaklingsréttinda.

Meira að segja hefði kærandi verið látinn sæta refsingu fyrir að neyta veiðiréttinda sinna með því að honum var gert að greiða sekt, sæta upptöku eigna og greiða málskostnað. Þetta hefði verið gert án þess að nein þörf væri á að vernda grásleppustofninn fyrir ofveiði og að lagalegar forsendur um nauðsyn þess að vernda fiskistofninn væru ekki fyrir hendi.

Af þessum sökum taldi kærandi að um hefði verið að ræða óréttlæt看leg afskipti af rétti hans til að njóta eigna sinna í friði, í andstöðu við 1. gr. samningsviðauka 1.

3. Álit dómstólsins

Dómstóllinn vill geta þess í upphafi að samkvæmt íslenskum rétti frá fornu fari naut kærandi fiskveiðiréttinda sem tengdust netlögum sjávarjarðarinnar Bjarnarness, sem hann var meðeigandi að. Samkvæmt lögunum frá 1990 og 1997 voru allar grásleppuveiðar í atvinnuskyni bundnar skilyrðum um heimild stjórnvalda í formi almenns veiðileyfis og sérstaks veiðileyfis sem bundið var við skráð fiskiskip. Að áliti dómstólsins urðu kærandi og veiðiréttindi hans, fyrir

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

beinum áhrifum af þessum skilyrðum og þeim viðurlögum sem honum var gert að sæta fyrir að hlíta þeim ekki.

Af þeim sökum hafnar dómstóllinn þeirri röksemdafærslu ríkisstjórnarinnar að kærandi sé ekki „þolandi“ að því er varðar kæruefnið í skilningi 34. gr. sáttmálans.

Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi verið „eign“ í skilningi 1. gr. sammingsviðauka nr. 1. Takmörkun þessa réttar, sem leiddi af skilyrðum um að afla sér leyfis til veiða á grásleppu í atvinnuskyni og þeim viðurlögum sem lögð voru á fyrir að láta það hjá líða, fellur undir það að hafa hönd í bagga um notkun þessara eigna í skilningi 2. mgr. 1. gr. (sbr. *Alatulkkila o.fl. gegn Finnlandi*, nr. 33538/96, § 66, 28 júlí 2005; *Posti og Rahko gegn Finnlandi*, nr. 27824/95, § 76, ECHR 2002-VII, en bæði málin fjalla um fiskveiðiréttindi; sjá einnig *Chassagnou o.fl. gegn Frakklandi* [GC], nr. 25088/94, 28331/95 og 28443/95, § 74, ECHR 1999-III, sem fjallar um réttindi til veiða á öðrum dýrum). Hún telst ekki svipting eignaréttinda í skilningi 1. mgr., eins og kærandi heldur fram.

Að því er varðar það hvort uppfyllt voru skilyrði 2. mgr. telur dómstóllinn ekki ástæðu til þess að vefengja þær niðurstöður íslenskra dómstóla að hin umdeilda íhlutun hafi átt stoð í íslenskum lögum, einkum 4. og 25. gr. laganna frá 1990 og 1. mgr. 7. gr. og 17. gr. laganna frá 1997. Dómstóllinn áréttar í því sambandi að það er í fyrsta lagi hlutverk stjórnvalda í landinu, einkum dómstólanna, að túlka og beita landsrétti (*Jahn o.fl. gegn Þýskalandi* [GC], nr. 46720/99, 72203/01 og 72552/01, § 86, ECHR 2005-VI; *Wittek gegn Þýskalandi*, nr. 37290/97, § 49, ECHR 2002-X; *Forrer-Niedenthal gegn Þýskalandi*, nr. 47316/99, § 39, 20 febrúar 2003; og *fyrirum konungur Grikklands*, sbr. hér að framan, § 82). Ennfremur voru lögín sem um ræðir ekki aðeins aðgengileg heldur nægilega skýr til að þau væru notendum þeirra fyrirsjáanleg.

Dómstóllinn telur einnig að hin umdeildu skilyrði fyrir grásleppuveiðum í atvinnuskyni og sú refsing sem kæranda var gert að sæta fyrir að hlíta ekki þeim skilyrðum hafi haft lögmatan tilgang, þ.e. þann heildartilgang fiskveiðistjórnarlaga að tryggja verndun og hagkvæma nýtingu fiskistofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Dómstóllinn sér ekki ástæðu til þess að efast um val íslenskra stjórnvalda á svonefndu sóknarmarki í stað aflamarks til að koma í veg fyrir stjórnlausu fjölgun fiskibáta í viðleitni til þess að ná fram heildarfiskveiðistjórnarmarkmiðum sem lýst er hér að framan. Þessu álitu verður ekki hrundið með þeirri röksemd kæranda að ekki hafi verið fyrir hendi hætta á ofveiði og að engin þörf hafi verið á því að takmarka grásleppuveiðar.

Kærandi hefur vakið athygli dómstólsins á álitu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna varðandi kæru nr. 1306/2004 í öðru máli. Þótt ekki sé ljóst að hve miklu leyti kærandi byggir mál sitt á niðurstöðum mannréttindanefndarinnar, bendir dómstóllinn á að það mál varðaði kæru um mismunun af

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

hálfu hóps atvinnusjómannanna varðandi aflatakmarkanir, þar sem einum hópi var gert að kaupa réttindi af öðrum hópi. Sú er hins vegar ekki raunin í þessu máli, sem varðar beitingu sóknartakmarkana og krafna um veiðileyfi og skráningu fiskiskipa sem gilda um alla fiskimenn sem hyggjast stunda grásleppuveiðar í atvinnuskyni. Kærandi hefur ekki byggt á því fyrir dómstólnum að til þess að geta fengið sérstakt leyfi til hrognkelsaveiða í atvinnuskyni þyrfti hann að kaupa leyfið eða bát, sem fengið hefði úthlutað slíku leyfi. Í öllu falli ber ekki að líta á niðurstöður dómstólsins sem uppkvaðningu álitis um neitt það sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur látið frá sér fara í hinu málinu.

Ennfremur ber að líta til þess að hin umdeildu skilyrði fyrir hrognkelsaveiðum í atvinnuskyni voru sett allnokkrum árum áður en kærandi eignaðist meðeigandahlut frá GG í Bjarnarnesi árið 1999. Um það leyti hafði GG, sem þá var handhafi tilskilinna leyfa, flutt leyfi sitt til hrognkelsaveiða í atvinnuskyni ásamt hinum skráða bát sem leyfið tilheyrði, til félags í eigu bróður kæranda, GHG. Því gat kærandi aldrei, með því að eignast réttindi í eigninni, öðlast neitt beint tilkall til þess að veiða hrognkelsi í atvinnuskyni. Né heldur starfaði hann sem atvinnufiskimaður þar til hann réðst í hrognkelsaveiðar í atvinnuskyni um tíma í apríl-maí 2003.

Í ljósi þessara málavaxta er það niðurstaða dómsins að með því að beita kæranda viðeigandi lagaskilyrðum sem gilda um hrognkelsaveiðar í atvinnuskyni og þeim viðurlögum sem lögð voru á hann er hann hlíttu ekki þessum skilyrðum hafi stjórnsýslunni gætt jafnræðis milli almennra hagsmuna samfélagsins og nauðsynjar þess að vernda grundvallarréttindi einstaklinga. Með hliðsjón af því víða svigrúmi sem aðildarríki hafa í slíkum málum (sbr. *Alatulkkila o.fl.*, sbr. hér að framan, § 67; *Chassagnou o.fl.*, sbr. hér að framan, § 75) telur dómstóllinn að hæfilegs meðalhófs hafi verið gætt milli þeirra aðferða sem beitt var og markmiða sem stefnt var að. Af þeim sökum er ekki um að ræða nein merki um brot gegn 1. gr. sammingsviðauka nr. 1.

Af þessu leiðir að þessum hluta kærunnar verður að hafna á þeim forsendum að hún sé augljóslega illa grunduð samkvæmt 3. og 4. gr. 35. gr. sáttmálans.

B. Kæra um brot gegn 14. gr. sáttmálans, sbr. 1. gr. sammingsviðauka nr. 1.

Kærandi kvartaði undan því að íhlutunin jafngilti mismunun er væri andstæð 14. gr. sáttmálans í samhengi við fyrrgreint ákvæði og sammingsviðauka 12, jafnvel þótt sammingsviðaukinn hafi ekki verið fullgiltur, heldur einungis undirritaður, af hálfu íslenska ríkisins. Hafi hinni íslensku fiskveiðilöggjöf einungis verið beitt gagnvart kæranda þar sem jörð hans lægi að sjó. Hefði land hans legið að stöðuvatni eða á hefði hann ekki þurft að sæta íhlutun í veiðirétt sinn, sem hefði verið sá sami og áður en fiskveiðilöggjöfin kom til.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

14. gr. sáttmálans er svohljóðandi:

„Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.”

Ríkisstjórnin mótmælti því að staða eigenda jarða sem liggja að sjó væri sambærileg við stöðu eigenda landa sem liggja að ám og vötnum. Þær tegundir, sem um ræðir væru allsendis ólíkar og veiðiaðferðir afar mismunandi, sem leiddi til mismunandi lausna á stjórnunar- og eftirlitsmálum. Það sem skipti máli varðandi það efni sem hér er til úrlausnar sé að kærandi hafi sætt sömu meðferð og aðrir eigendur sjávarjarða að því er varðar skilyrði fyrir hrognkelsaveiðum í atvinnuskyni í sjó.

Fyrir sitt leyti hefur dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu, í ljósi þeirra gagna sem hann hefur undir hendi og niðurstaðna varðandi kærana samkvæmt 1. gr. samningsviðauka 1, að kærana samkvæmt því ákvæði ásamt 14. gr. leiði ekki í ljós nein merki um brot.

Dómstóllinn telur ekki efni til þess í þessu samhengi að íhuga málið út frá sjónarmiðum í samningsviðauka 12, sem ekki hefur verið fullgiltur af hálfu Íslendinga og sem kærandi hyggst ekki lengur byggja á á þessu stigi málsins.

Af því leiðir að þessum hluta kærunnar verður einnig að hafna sem augljóslega illa ígrunduðum samkvæmt 3. og 4. mgr. 35. gr. sáttmálans.

Af ofangreindum ástæðum ákveður dómstóllinn samhljóða að kærana sé ótæk til meðferðar.

Saccoccia gegn Austurríki

Dómur frá 18. desember 2008

Mál nr. 69917/01

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Alþjóðasamvinna á sviði refsímála. Ágóði af brotastarfsemi. Eignaupptaka.

